

Fólk i Ð

Fjöllin

Fjörðurinn



Meðal efnis:

Vatnslitamyndir Collingwoods

frá Grundarfíröi 1897

Örnefni og örnenfaskráning

Örnefni í Kirkjufelli, myndir og skýringar

Nokkur sögubrot úr Eyrarsveit á síðustu öld

Ljóð og lag um Grundarfjörð

Gamlar myndir

Nokkrar vísur frá hagyrðingum í Eyrarsveit


Grundarfjarðarhöfn

Um jarðfræði Eyrarsveitar

Annáll 2000

Fiskimið og kort

Manntöl Eyrarsveitar 1901, 1910, 1920 og 1930



**Fólkvið, fjöllin,
fjörðurinn**

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn

Safn til sögu Eyrarsveitar

2. ár



2001

Fólkis, fjöllin, fjöldurinn – Safn til sögu Eyrarsveitar 2

© 2001 Eyrbyggjar – Hollvinasamtök Grundarfjarðar

Umbrot og myndvinnsla: Mál og mynd ehf.

Prófarkalestur: Ulli Jónsson

Hönnun kápu: Freyja Bergsveinsdóttir

Ljósmynd á kápu: Páll Cecilsson

Prentun og bókband: Steindórsprent – Gutenberg ehf.

Greinar í riti þessu má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til
eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

ISSN 1607-0747

Efnisyfirlit

Gísli Karel Halldórsson, formaður Eyrbyggja: Formáli	7
Ingi Hans Jónsson: Góður gestur	9
Guðmundur Steinbach, verkfræðingur: Myndir Collingwoods	17
Jón frá Ljárskógum: Heim til Breiðafjarðar	22
Hildur Sæmundsdóttir, ljósmóðir: Örnefni í Kirkjufelli	23
Svavar Sigmundsson, forstöðumaður Örnefnastofnunar:	
Um örnefnasöfnun fyrr og nú	26
Valgerður Haraldsdóttir: Vísur um kvenfélagskonur	33
Ásgeir Guðmundsson, sagnfræðingur: Viðtal við Guðmund Runólfsson ..	36
Árni M. Emilsson, útibússtjóri: Halldór Finnsson	45
Bára Bergmann Pétursdóttir: Vísur um tískuna 1974	62
Gamlar ljósmyndir frá Grundarfirði	64
Gunnar Kristjánsson: Höfnin í Grundarfirði	67
Jóhannes Þorgrímsson, kennari: Ljóðið Grundarfjörður	82
Bára Grímsdóttir, tónskáld: Lag við ljóðið Grundarfjörður	84
Pétur Jósefsson: Frá Setbergi, með kveðju	90
Kristján E. Guðmundsson, félagsfræðingur: Kristlaugur Bjarnason ..	100
Sigríður Finsen, oddviti: Fjarnám í Grundarfirði	109
Sunna Njálsdóttir, bókavörður: Bókasafnið okkar laðar og lokkar	113
Laufey Bryndís Hannesdóttir, jarðfræðingur: Áhugaverð jarðfræði í Eyrarsveit	118
Björg Ágústdóttir, sveitarstjóri: Af sveitarstjórnarmálum, Annáll 2000 ..	125
Samþykktir Eyrbyggja, hollvinasamtaka Grundarfjarðar	133
Elís Guðjónsson, fyrrv. verkstjóri og Guðjón Elísson, sjómaður:	
Gömul fiskimið	136
Manntöl frá 1901, 1910, 1920 og 1930	140
Manntal 1. nóv. 1901	141
Manntal des. 1910	152
Manntal 1. des 1920	164
Manntal 2. des 1930	178

Formáli

Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar, og sögunefnd Eyrarsveitar standa saman að útgáfu þessa rits. Ritið er annað heftið í flokki sem við köllum „Safn til sögu Eyrarsveitar“.

Mjög vel hefur gengið að fá fólk til að skrifa greinar eða vinna að ákveðnum verkefnum fyrir hollvinasamtókin. Ýmsar vinnunefndir eru starfandi hjá Eyrbyggjum og er hér birt efni frá þeim.

Örnefnanefnd hefur sett sér það markmið að safna örnefnum og koma þeim inn á kort eða ljósmyndir. Mjög öflugt starf hefur verið hjá nefndinni. Útbúnar hafa verið tölvumyndir með örnefnum. Í þessu hefti eru birtar þrjár skemmtilegar myndir sem sýna sín hverja hlið Kirkjufells. Inn á myndirnar hafa verið færð örnefni. Guðjón Elísson hefur verið okkur hjálplegur við gerð tölvumynda. Gunnar Magnússon frá Kirkjufelli þekkir örnefnin mjög vel og hefur hjálpað okkur við að skrá þau rétt. Hildur Sæmundsdóttir heldur utan um starfið og hefur verið mjög áhugasöm við örnefnaskráninguna. Einnig hefur verið útbúin samfelld mynd af fjallahringnum umhverfis Grundarfjörð og færð inn á hana örnefni. Myndin var hengd upp í vigtarskúnum við höfnina. Ýmsar athugasemdir og ábendingar hafa komið fram um hvað mætti betur fara. Í framhaldi af því var ákveðið að vinna myndina betur og stefna að prentun og útgáfu á myndinni sumarið 2002.

Vísnanefnd Eyrbyggja hyggst safna gömlum vísum og sögum um Eyrsvettinga. Í þessu hefti eru birtar vísur um kvenfélagskonur eftir Valgerði Haraldsdóttur og vísur um tískuna 1974 eftir Báru Bergmann Pétursdóttur. Í vísnanefndinni eru Halldór Páll Halldórsson, Páll Cecilsson og Vígðís Gunnarsdóttir.

Í heftinu er áhugaverð frásögn af ferðum Collingwoods um Snæfellsnes árið 1897 eftir Inga Hans Jónsson, myndir sem Collingwood málaði í Grundarfirði

og frásögn Guðmundar K. Steinbach, verkfræðings, af ættingjum sínum í Danmörku og myndum í þeirra eigu frá Grundarfirði sem Collingwood málaði.

Starf Eyrbyggjanna er ekki mjög formlegt og byggist fyrst og fremst á áhuga þeirra sem taka þátt. Eins og áður sagði eru nokkrar vinnunefndir starfandi hjá Eyrbyggjum. Þar á meðal er nefnd um söfnun og skráningu ljósmynda. Í þeirri nefnd eru Sveinn Arnórsson, Guðjón Elísson, Magnús Soffaníasson, Sunna Njálssdóttir og Hermann Breiðfjörð Jóhannesson. Síðast þegar fréttist voru þeir frændur Sveinn og Guðjón búnir að skanna um 9000 myndir yfir á tölvutækt form. Í nefnd um skráningu fiskimiða eru þeir feðgar og sjómenn Elís Guðjónsson og Guðjón Elísson. Í starfsnefnd um sögu bátanna eru bræðurnir Gunnar Hjálmarsson og Ólafur Hjálmarsson. Einnig hafa höfundar greina í bókinni lagt mikla vinnu í ýmiskonar gagnaöflun, nöfn þeirra koma fram í undanfarandi efnisyfirliti. Í bókinni er birt gamalt ljóð um Grundarfjörð eftir Jóhannes Þorgrímsson, kennara, með nýju lagi eftir tónskáldið Báru Grímsdóttur.

Eyrbyggjar og sögunefnd Eyrarsveitar standa saman að útgáfuni á þessu öðru hefti í floknum „Safn til sögu Eyrarsveitar“. Í sögunefndinni eru Dóra Haraldsdóttir, Gunnar Kristjánsson og Ólafur Guðmundsson. Í stjórn Eyrbyggja, hollvinasamtaka Grundarfjarðar eru Elínbjörg Kristjánsdóttir, Gísli Karel Halldórsson, Guðlaugur Þór Pálsson, Hermann Breiðfjörð Jóhannesson, Hildur Mósesdóttir, Magnús Þórarinsson og Ólafur Hjálmarsson.

Síðast en ekki síst vil ég geta þess að sveitarstjórinн í Grundarfirði, Björg Ágústsdóttir, hefur stutt starf hollvinasamtakanna mjög ákveðið, bæði með jákvæðri afstöðu sem hefur hvatt fólk til starfa og með fyrirgreiðslu við bókar-útgáfuna.

Ég vil þakka öllum greinarhöfundum, samstarfsfólki í Eyrbyggjum og sögunefnd Eyrarsveitar fyrir góða samvinnu við útgáfu þessarar bókar.

Gísli Karel Halldórsson,
formaður Eyrbyggja starfsárið 2000–2001

Ingí Hans Jónsson


Góður gestur

Á ferð með hreppstjórasyningum í Grundarfjarðarkaupstað

Sumarið 1897 kom til Íslands merkur Englendingur, William Gersholm Collingwood. Hann var vel menntaður heimspekingur og listfræðingur sem hafði mikinn áhuga á fornleifafræðum og sögu. Collingwood var fæddur í Liverpool 6. ágúst 1854 og var afburða námsmaður og myndlistamaður. Í gegnum list



Collingwood á hesti sínum Flugni á ferð um Snæfellsnes 1897.




Dr. Jón Stefánsson hreppstjórasonur í Grundarfjarðarkaupstað var fylgdarmaður Collingwoods á ferðalagi hans um Ísland 1897.

sína fékk hann áhuga á þeim norræna menningararfi sem svo víða má finna í Vatnalöndum í Englandi. Eftir að hafa kynnst einu ástsælasta skáldi Englinga, William Morris, fékk Collingwood mikinn áhuga á íslenskri sögu. Morris var mikill aðdándi íslenskra sagna en þeim hafði hann kynnst hjá íslenskum fræðimönum í Oxford og Cambridge, þeim Guðbrandi Vigfússyni prófessor og Eiríki Magnússyni bókaverði. Morris var vann að þýðingu Íslendingasagna með Eiríki og þar kynntust þeir Eiríkur og Collingwood. Enn einn andans maður að auki kom fljótlega í hóp þessara fræðimanna en það var hreppstjórasonurinn úr Grundarfjarðarkaupstað, dr. Jón Stefánsson. Margt var það því sem hvatti Collingwood til Íslandsfarar og varð að ráði að dr. Jón gerðist fylgdarmaður hans á Íslandi. Um Íslandsför þeirra félaga má lesa í mjög vandaðri bók, *Fegurð Íslands*, sem Örn og Örlygur gáfu út 1988. Þar eru 163 myndir Collingwoods auk fjölda ljósmynda og riss-mynda. Flest af því sem þar er birt er í eigu þjóðarinnar en einnig tókst útgefanda að fá dálítið af myndum sem vitað var um í einkaeigu. Hér verður því aðeins lýst ferð þeirra dr. Jóns Stefánssonar og Collingwoods um Snæfellsnes og birtar þær myndir sem við höfum fundið hjá ættingjum dr. Jóns og ekki hafa birst fyrr en á heimasiðu minni (ingihans.is).

Á Eyrbyggjuslóð

Eftir skamma dvöl í Reykjavík héldu þeir félagar með póstskipinu Thyru til Stykkishólms og lögðust við Elliðaey þann 13. júní. Þar urðu þeir að bíða um hríð vegna þess að skipið gat ekki athafnað sig í Stykkishólmshöfn strax. Coll-



Önnur myndanna sem er í eigu fjölskyldunnar og ekki hefur tekist að finna út hvaðan er. Ábendingar eru vel þegnar.

ingwood hefur verið ákafur maður og því nennti hann ekki að hanga um bord í Thyru og lét róa þeim félögum í land þann 14. júní og þar komu þeir sér fyrir á Hótelinu. Það vakti athygli þeirra félaga að hótelid hét einfaldlega Hótelid eins og það væri það eina í heiminum. Í Stykkishólmi dvöldu þeir svo næstu daga og ferðuðust upp á Þórsnes og skoðuðu þar sögustaði og þar málaði Collingwood nokkrar myndir sem vel eru þekktar. Það er hinsvegar nokkurt um-hugsunarefni að ekki skuli vera þekktar neinar myndir eftir hann úr Stykkishólmi. En þar hlýtur hann að hafa málað allmargar myndir því á þeim tíma er Stykkishólmur orðinn myndarlegur bær og einn fárra slíkra hérlandis. Þann 19. júní yfirlágu þeir Stykkishólm að sinni og héldu út Helgafellssveit með viðkomu á Kóngsbakka, Hrauni og Bjarnarhöfn. Síðan var farið inn Hraunsfjörð yfir Tröllaháls og niður í Eyrarbotn. Þekktar eru margar myndir frá þessu ferðalagi en um kvöldið þegar þeir nálguðust Grund hafa þeir farið eitthvað áleiðis upp á Mön, því þaðan er máluð ein nýfundinna mynda af kvöldroðanum. Þessi



Hin ópekkta myndin úr safni fjölskyldunnar.

mynd er örugglega máluð þann 19. júní, því í bréfi sem Collingwood sendir ættingjum sínum segir hann að þarna hafi hann málað fallega mynd af kvöldroðanum.

Í Grundarfirði

Næstu þrem dögum eyddi hann á Grund, þreyttur og lasinn eins og hann segir sjálfur í fyrnlefndu bréfi. Einhverja fótavist hefur hann haft, því hann virðist hafa málað nokkrar meðfylgjandi myndir á þessum tíma. Í bréfi sem Collingwood skrifaði dóttur sinni Ursulu lýsir hann ferðalagi sínu um Snæfellsnes og um dvöl sína í Grundarfirði segir hann: „En hvað sem því líður komumst við til Grundarfjarðar um kvöldið. Faðir dr. Jóns Stefánssonar, sem heitir Stefán Danielsson, varð alveg undrandi þegar hann sá okkur. Hann er oddviti og var nýbúinn að halda hreppsnefndarfund. Það varð auðvitað uppi fótur og fit þegar við komum, því að við þurftum að fá eitthvað að eta og drekka. Húsið er


Stefán Jónsson (Danielsson), síðasti hreppstjóri í Grundarfjarðarkaupstað.

örlítill torfbær rétt úti við sjávarströndina og umluktur háum fjöllum á alla veggum. Húsmóðirin var fjarverandi, einhvers staðar í heimsókn. Húsbondinn er hár og grannur maður með yfirvararskegg og alveg eins og Svisslendingur í útliti. Hann kunni svolítið í frönsku, hafði lært hana af frönskum sjómönnum sem vöndu komur sínar á fiskimiðin við fjörönn hans. Hann á mikið land, mest móa og fjöll, kindur, kýr og hesta, en engan kálgarð. Fólkið hér stundar búskap á írska vísu. Þú skilur sjálfsagt ekki hvað við er átt, en tilgangurinn er saá að gera eins lítið og framast er unnt. Um fólkið er það annars helst að segja, að mér finnst það líkjast tölувvert Martindalesfólkini heima. Móðir þín skilur áreiðanlega hvað ég á við. Það virðist ánægt með allt sem það á og hreykið af því að vera eins og það er.

Okkur var boðið upp á brennivín, viskí, portvín og bjór. Svo fengum við mjólk og kaffi og lúðu með kartöflum. Ég svaf á sófa í herbergi þar sem allir höfðu reykt og hrækt á gólfíð, en létt það ekki á mig fá.

Næsti dagur var sunnudagur. Ég var ákaflega þreyttur og kaldur. Fólkið kom með tvö börn sem áttu heima á bænum. Vinnufólkið, þrjár konur og tveir karlmenn, býr hjá húsbændunum og hefur börnin með sér. Nú bað það mig að málá myndir af börnunum eins og ég hafði gert af barninu í Bjarnarhöfn. Mér tókst þetta með erfiðismunum, en varð svo lasinn að ég varð að leggjast fyrir í rúmi húsbondans. Hélt ég kyrru fyrir í two daga og var með hita og einhvers konar blóðkreppusótt. Mér fannst ég vera mjög veikur og nærðist á engu nema flóaðri mjólk. Hið eina, sem ég gat gert var að reyna að halda á mér hita undir gríðarstórra æðardúnsæng.“





Collingwood þótti Grundarfoss ákaflega tilkomumikill og málaði a.mk. tvær myndir af honum.

EKKI ER AÐ UNDRA ÞÓ COLLINGWOOD HAFI VERIÐ EFTIR SIG AF ÞEIRRI VÍNBLÖNDU SEM HANN LÝSIR HÉR FRAMAR Í BRÉFINU OG LÁI HONUM HVER SEM VILL OG FÁ SÍÐAN MJÓLK OG KAFFI OFAN Í ÞAÐ ALLT SAMAN OG LOKS LÚÐU. SÍÐAR Í BRÉFINU SEGIR COLLINGWOOD: „Á ÞRIÐJUDEGINUM SKREIÐ ÉG FRAM ÚR RÚMINU OG MÁLAÐI FOSS SEM ER AFAR TILKOMUMIKILL. ÉG HORFÐI Á MIÐNÆTURSÓLINA AF HÆÐINNI HANDAN VIÐ BÆINN, UMVAFNA UNDURSAMLEGU FAGURRAUÐUM, GULLNUM SKÝJUM.

Petta var hátiðisdagur drottningar sem var mjög ánægjulegur, enda var mér farið að líða betur. Mér var hugsað heim til Lanehead og hvað væri að gerast í Coniston. Við fengum anísbrennivín, skáluðum fyrir drottningunni úr örlitlum staupum og vorum staðráðnir í því að halda ferðinni áfram næsta dag.“


Enn lagt af stað

Í framhaldi bréfsins lýsir Collingwood ferð sinni út til Ólafsvíkur, suður um Jökulháls og dvöl sinni á Búðum og þeim fornlifarannsóknum sem hann

sinnti í Breiðuvík og loks ferðinni til baka til Grundarfjarðar um Arnardals-skarð. Ég hef reynt að dagsetja þessa ferð í ljósi þeirrar lýsingar og virðast þeir félagar hafa komið í Grundarfjörð að kvöldi 19. júní og dvalið þar uns þeir lögðu af stað til Ólafsvíkur að morgni 23. júní. Þar dvöldu þeir hjá sóknarprest-inum eina nótt og fóru daginn eftir yfir Jökulháls til Búða. Á Búðum hafa þeir dvalið frá kvöldi þess 24. og þvælst um Breiðuvík næstu two daga og halda svo aftur til Grundarfjarðar þann 27. júní um Arnardalsskarð. Ferðinni um skarðið lýsir Collingwood skemmtilega í bréfi sínu: „Daginn eftir fórum við yfir Arnardalsskarð sem er enn hærra uppi í fjöllum. Við fengum leiðsögumann að skarðinu. Þarna liggar leiðin um ógurleg björg og meðfram snarbröttum gljúfrum. Allt var snævi hulið. Flestir réðu okkur frá því að fara þessa leið, hún væri of hættuleg. Mér finnst Íslendingar óttast fjöllin þótt þau séu heimkynni þeirra. Þeir klífa þau aldrei, en halda sig að dölunum.

Við vorum hinir fyrstu þetta árið sem fóru þessa leið ríðandi. Einn maður hafði áður farið gangandi. Við þurftum að teyma hestana yfir marga snjóskafla. Sjáðu myndina! [Þarna fylgdi teikning í bréfinu.]

Þegar komið er niður úr skarðinu eru alls engar reiðgötur sjáanlegar og urðum við að fikra okkur áfram niður snarbrattan hrikalegan dalinn sem allur var hulinн snjó. Mér tókst að koma mínum hesti slysalaust niður með ýmiss konar eftirgangsmunum, en hinn datt, sleit hnakkjörðina og skar sig á fæti.“



Stefán Danielsson við
bað sinn á Grund
sem virðist í
byggingu hví
verið er að tyrfa
þakið. Greinilegt
er á bréfinu að
það var ekki
þetta hús sem
þeir gisti í.

Aftur í Grundarfirði

Stefán hreppstjóri var að vonum undrandi yfir þessari glæfraför þeirra félaga en fagnaði þeim ákaflega. Þessum endurfundum lýsir Collingwood svo í bréfinu: „Við komumst þó klakklaust til Grundarfjarðar um tíuleytið og var faðir dr. Jóns Stefánssonar ekki lítið undrandi þegar hann heyrði að við hefðum farið einir yfir Arnardalsskarð, báðir gersamlega ókunnugir þessari fjallaleið. Það sem hjálpaði okkur var að hesturinn, sem ég reið og kallaður var Skjóni, hafði áður farið yfir skarðið og virtist að minnsta kosti á sumum stöðum vita hvað hann var að fara. Á hinn bóginn var hann sýnu verri þegar kom að slæmum snjósköflum. En þegar við vorum komnir niður í dalbotn, þar sem landið var blautt og ömurlegt, var eins og hann þekkti hverja þúfu og ratvísin var frábær.

Faðir dr. Jóns Stefánssonar hafði útvegað okkur aðra hesta og héldum við af stað aftur daginn eftir (28. júní). Áður var ég búinn að mála mynd af húsinu þar sem hann stóð sjálfur fyrir framan ásamt tveimur hestum.“

Ættingjar leggja sögunni lið

Í eftirfarandi grein segir Guðmundur Steinbach frá þeim atburðum, sem leiddu til þess, að nokkrar myndir enska málarans og vísindamannsins W. G. Collingwood eru nú kynntar okkur hér heima á Fróni.

Það er okkur Grundfirðingum mikið happ að hafa fengið vitneskju um þessar myndir og geta birt þær í þessu ágæta riti Eyrbyggja. Eitt er víst að mikill fengur er að þeim og ljóst er að það er spennandi verkefni að grennslast fyrir um hvort þær kunna að vera fleiri og er liðsinni Guðmundar Steinbach mikilvægt í þeirri leit. Í hinni geysivönduðu bók, *Fegurð Íslands*, sem Örn og Örlygur gáfu út, eru birtar um 160 myndir og eru 38 þeirra af Snæfellsnesi. Af þeim 8 myndum sem Guðmundur hefur aflað eru 5 frá Grundarfirði, 1 er merkt Geirþjófsfjörður og ekki hefur tekist að greina hvaðan 2 eru. Vitað er að þegar Collingwood kom í Stykkishólm, eftir þá ferð sem hér er rakin, lauk hann við gerð 60 mynda, auk þess er líklegt að hann hafi gefið eitthvað af myndum í ferðinni svo það kann að vera eftir miklu að slægjast.

Heimildir:

Bréf Collingwoods til Ursulu dóttur hans er birt í heild sinni ásamt öðrum bréfum í *Fegurð Íslands* í þýðingu Haraldar Hannessonar.

Guðmundur Steinbach, verkfræðingur

Myndir Collingwoods

Það var í sumarbyrjun árið 2000 að frænka míni Anne Klauber, augnlæknir, skrifar mér og segist ætla að sækja þing norrænna augnlækna í Reykjavík um mitt sumarið. Vilji hún gjarnan nota tækifærið og kynnast hinum íslensku skyldmennum sínum. Hún er barnabarn afabróður míns heitins, Stefáns Stefánssonar læknis í Aars á Jótlandi, og dóttir Ingibjargar Gowers Lund, læknis í Kaupmannahöfn, sem lést s.l. haust hálftírað að aldri, fædd 1905. Afi minn var Óli Steinbach (Stefánsson), tannlæknir á Ísafirði, og erum við Anne því þremenningar. Ég hafði aðeins hitt hana einu sinni hjá móðurinni Ingibjörgu. Anne starfaði mörg sumur sem augnlæknir í Grænlandi og hafði oft millilent á Íslandi án þess að gefa sér tíma til að heimsækja land og þjóð. Á Grænlandi starfaði einnig systir hennar, Susan Misfelt, í mörg ár. Hún er einnig læknir og er gift Jens Misfelt, sem var landlæknir í Grænlandi, og komu þau oft hingað. Gladdi þetta okkur mjög og í lok ráðstefnunnar buðu dóttir míni, Auðbjörg Steinbach, og eiginmaður hennar, Kristján Loftsson, fjólskyldunni í snemmbúinn hádegisverð og voru þar auk Anne samankomnir nær allir hérlemdir afkomendur Stefáns (Jónssonar) Danielssonar, hreppstjóra í Eyrarsveit, og konu hans Jakobínu Árnadóttur Thorsteinsson.

Í lok fjólskyldusamkomunnar lögðum við af stað, Anne, kona míni Kamilla Guðbrandsdóttir, Ólsari og ég og var ferðinni heitið á Snæfellsnes.

Til upprunans

Farið var fyrir Hvalfjörð, kaffi drukkið í veiðihúsi Jóhannesar á Borg, sem vinur minn var að gera klárt fyrir opnunina. Aftur var áð á Arnarstapa og svo



Grundarfjarðarkaupstaður á sínu síðasta ári, búið að löggilda verslunarstað í Grafarnesi og uppbygging hafin á bæjarhísum á bænum Grund.

keyrt fyrir Jökul og nokkrir staðir skoðaðir. Farið var að Vaðstakkaheiði og tóftir myndaðar. Þar var Þorsteinn Runólffsson forfaðir okkar fæddur en hann mun vera Grundfirðingum að góðu kunnur. Áfram var haldið og eftir stutt stopp í Ólafsvík var komið að Krossnesi þar sem þau bjuggu langafi okkar og langamma, þau Árni Þorsteinsson (Thorsteinsson) og Christensa Benedichte Andreasdóttir Steinbach og aftur voru tóftir myndaðar.

Næsti viðkomustaður var svo Grundarfjörður og var bankað upp á hjá sóknarprestinum, séra Karli V. Matthiassyni, og fengnir að láni lyklarnir að Setbergskirkju en þar í kirkjunni eru geymdir legsteinar þeirra Árna og Christensu. Hafa eflaust margir Grundfirðingar skoðað þá. Næstsíðasti og mikilvægasti áfangastaðurinn var svo Grund. Teknar voru myndir og haft var til hliðsjónar sjónarhorn Collingwoods, er hann málæði myndir sínar, en við vissum bæði um tilvist þeirra. Aftur voru það tóftir einar af húsinu, sem afar okkar ólust upp í, sem myndaðar voru. Höfðum við meðferðis tölvuskannað eintak af



Kvöldroðinn, mynd sem Collingwood málæði af Grundarmön og sést yfir að Setbergi og fram í sveit. Takið eftir seglskipunum á firðinum, þau hljóta að vera frönsk.


mynd Collingwoods af húsinu þar sem langafi okkar Stefán stendur í dyra-gættinni. Allt stemmdi þetta.

Síðasti viðkomustaðurinn var svo Bjarnarhöfn, þar sem sem frændi okkar, Óli Steinbach yngri, er grafinn. Þó að komið væri fram undir miðnætti var Hildibrandur Bjarnason bóndi enn á ferli og fékk frænka míni því hákarl og brennivín. Henni fannst hvortteggja vont. Komið var til Reykjavíkur um miðja nótt og voru allir glaðir eftir velheppnaða ferð. Anne fór svo utan á öðrum degi.

Aftur til Danmerkur

Víkur nú sögunni til Danmerkur og því, að ljósmyndir frá Setbergskirkju sýndu ekki hvað stóð letað á legsteinana og aftur er ég virkjaður. Hringi ég í

Grundarfoss.



séra Karl, sem heitir að stoð sinni. Eftir nokkra bið hringi ég aftur en miklar embættisannir og fleira höfðu tafið fyrir séra Karli og sagði hann sem svo: En hjá mér er staddir maður, sem verður snöggur að leysa vanda þinn, hann Ingi Hans Jónsson og gef ég þér samband við hann. Reyndist séra Karl sannspár. Í framhaldi af beiðni minni tókum við Ingi Hans tal saman og eftir að hafa gert grein fyrir sér vildi hann vita öll deili á mér. Talið barst um síðir að dr. Jóni Stefánssyni, afabróður mínum og fylgdarmanni Collingwoods á ferð hans um landið. Spurði Ingi Hans mig m.a. hvort ég vissi hvar mynd Collingwoods yfir Grundarkampinn að Kirkjufellinu, sem væri að finna í bók Jóns, *Úti í heimi*, væri niðurkomin. Ég hélt það nú. Hún væri upp á vegg í stofu hjá Ingibjörgu frænku minni í Kaupmannahöfn ásamt fleiri myndum. Einnig væri til mynd af bænum Grund hjá annarri frænku minni, henni Guðrúnu Hvidberg Jensen, systur Ingibjargar, á heimili hennar í Kaupmannahöfn. Taldi Ingi Hans þetta merkar upplýsingar og spurði hvort ég gæti aflað ljósmynda af verkunum. Hafði ég nú samband við frænku mína Anne og taldi hún, að eiginmaður sinn Valdemar Klauber, sem auk þess að vera læknir væri tölvu- og ljósmyndaáhugamaður, færí létt með

um og fylgdarmanni Collingwoods á ferð hans um landið. Spurði Ingi Hans mig m.a. hvort ég vissi hvar mynd Collingwoods yfir Grundarkampinn að Kirkjufellinu, sem væri að finna í bók Jóns, *Úti í heimi*, væri niðurkomin. Ég hélt það nú. Hún væri upp á vegg í stofu hjá Ingibjörgu frænku minni í Kaupmannahöfn ásamt fleiri myndum. Einnig væri til mynd af bænum Grund hjá annarri frænku minni, henni Guðrúnu Hvidberg Jensen, systur Ingibjargar, á heimili hennar í Kaupmannahöfn. Taldi Ingi Hans þetta merkar upplýsingar og spurði hvort ég gæti aflað ljósmynda af verkunum. Hafði ég nú samband við frænku mína Anne og taldi hún, að eiginmaður sinn Valdemar Klauber, sem auk þess að vera læknir væri tölvu- og ljósmyndaáhugamaður, færí létt með

þetta. Nokkrum dögum síðar fékk ég sendar í tölvupósti þær sjö myndir, sem voru í eigu móður hennar Ingibjargar, og kom þeim strax áleiðis til Inga Hans. Myndina af Grund vantaði og hafði ég því samband við enn einn lækninn í fjölskyldunni, hann Jesper Hvidberg Hansen, son Guðrúnar, og brást hann einnig skjótt við. Nokkrum dögum síðar kom sú mynd einnig hingað sömu leið og þær fyrri.

Spurningar vakna

Varðandi þessar myndir er ýmislegt að segja og má þar margs spyrja. Hvernig komust þær í eigu afabróður míns Stefáns og svo afkomenda hans? Hafði dr. Jón átt þær og gefið bróður sínum, er hann kom í heimsókn frá London, þar sem hann bjó í um fimmtíu ár? Í London bjó einnig systir hans, Kristín Blount. Eru myndirnar fleiri? Nokkuð víst er að Ingibjörg átti aðeins þessar tilgreindu sjö myndir. Á Guðrún fleiri myndir? Hún er nú háöldruð, fædd 1906 og minnið farið að gefa sig. Það er þó aðeins rétt ár síðan hún hætti að hjóla út í „Brugsen“, þ.e. kaupfélagið. Eru til myndir í eigu erfingja bróður þeirra Árna Stefánssonar, læknis í Brøndstrup við Grenå á Jótlandi, sem eru dreifðir víða? Átti Kristín myndir og hvar eru þær? Collingwood kom oft á heimili hennar og Jón var þar ætið með annan fótinn. Einnig telja þau frændsystkini míni sig vita, en vantar á því staðfestingu, að Collingwood hafi dvalið hjá afa þeirra Stefáni. Greiddi hann fyrir uppihaldið með myndum? Hann gerði það hér, teiknaði með meiru andlitsmyndir af börnum. Maðurinn var bæði fljótvirkur og vandvirkur. Eignaðist afi minn Óli eða systir hans Kristensa, sem var gift Stefáni Kristjánssyni, skógarverði að Vögnum, myndir og hvar eru þær þá? Víst er að þau hittust. Allt þetta og fleira til verður athugað í fyllingu tímans. Það tekur þó lengri tíma en svo, að það nái í fyrirhugaða útgáfu rits nú í júlí. Vissulega hefði ég fyrr átt að gera mér grein fyrir mikilvægi þessa menningararfs fyrir byggðarlagið, sem ég rek aettir mínar til að hluta, en ég gerði það ekki, því miður.

Þess skal svo getið, að síðastliðin fimmtán til tuttugu ár hefur fjöldi frændsystkina minna komið til Íslands og oftar en ekki hafa þau farið bílagrímsferð til Grundarfjarðar. Nú er sú hugmynd í skoðun að halda aettarmót allra afkomenda Stefáns Stefánssonar í Grundarfirði sumarið 2002 og ætli við sláumst þá ekki í för, afkomendur Óla Steinbach.

Jón frá Ljárskógi

Heim til Breiðafjarðar

Svíf þú með mér, vinur vænn,
vestur yfir fjöllin,
þegar sumargróður grænn
glitar heima-völlinn!
Ævi þinnar unaðsvor
á hér dýpstu rætur
– sjást hér ekki ennþá spor
eftir litla fætur?

Kannske finnst þér fyrst um stund
feiknin öll um muninn:
mýrin orðin gróin grund, gamli bærinn hruninn!
Þó er reyndar flest sem fyr,
fornar leiðir kunna;
þú átt alltaf opnar dyr:
auðlegð náttúrunnar!


Hljóma mitt í hversdagsönn
hreimar svana-lagsins
– aldrei máir tímans tönn
töfra æskudagsins:
Þegar sumarsólin heið
signir gróður jarðar,
flýgur hugur heim á leið
– heim til Breiðafjarðar!

Hildur Sæmundsdóttir, ljósmóðir

Örnefni í Kirkjufelli

Í Sóknarlýsingum Setbergssóknar frá árinu 1873 segir sr. Helgi Sigurðsson prestur á Setbergi svo frá: „Kirkjufell liggar millum Grundarfjarðar og Hálsvaðals, á litlu nesi þar, með grasgefnu undirlendi. Fellið kallast Sukkertoppen á dönskum sjökortum vegna líkingu þess. Sjálft fellið er fremur graslítið, upp-dregið, allhátt og aflangt frá austri til vesturs, og er það, meir að austan- en vestanverðu, á að líta sem uppmjótt, hvasst saumhögg. Það er bratt og klettótt, og því á fárra færí að komast hátt í það eða ná sauðkindum úr því, hrapa þær þaðan stundum sjálfar, en stundum verður að fleyga þeim ofan úr því. Fellið er allt í kring, eða ummáls fullkomnar tvær bæjarleiðir.“






Okkur þykir tilhlýðilegt að fyrsta opinbera sýningin á vinnu örnefnanefndar innar fjalli um Kirkjufellið, sem hefur haldist óbreytt í manna minnum og eru fegurð þess og tíguleiki rómuð víða um lönd. Ekki er víst að allir Grundfirðingar þekki þau örnefni sem prýða Kirkjufellið og sjá má á meðfylgjandi myndum.

Kirkjufellið var ekki talið árennilegt til fjallgöngu til forna en var þó mikil matarkista á vorin þegar egg bjargfuglsins voru í hömrúnunum, og á hann eflaust sinn þátt í hinum sígræna lit fellsins. Aðeins var talið kleift að fara upp á fellið á tveimur stöðum, í Rifgjá og Röndina upp af bænum Hálsi, þar þykir nú mun öruggari leið eftir að settir hafa verið kaðlar til að handstyrkja sig upp erfiðustu hjallana, engum er þó ráðlagt að fara á Kirkjufellið nema vönum fjallgöngumönnum eða með leiðsögumanni og hefur Guðmundur Pálsson í Hálsi farið margar ferðir með hópa á fjallið og á fyrstu hátíðinni „Á góðri stund“ fóru 32 fjallgöngumenn saman. Ekki má gleyma alþekktum gönguafrekum Bærings Cecilssonar sem ólst upp á Búðum, en hann hefur sagt frá því í viðtolum að hann hafi farið a.mk. 300 sinnum upp Rifgjána.

Nefndin hefur á liðnu ári unnið upp úr gögnum frá Örnefnastofnun örnefna-skrár í tölvutækt form til að geta komið þeim inn á landslagsmyndir teknar úr



lofti og einnig strandlengjumyndir teknar af sjó. Öll þessi vinna er eins konar undirbúningsvinna því enn vantar okkur góðar sumarmyndir af allri strandlengjunni og einnig vantar Framsveitina á loftmyndum. Vonandi rætist úr því næsta sumar.

Með þeirri tækni sem orðin er í tölvuheiminum munum við eftir 5 ár geta farið inn á grundarfjordur.is og kallað fram leiðina yfir Arnardalinn t.d. og fengið hana alla myndrænt með örnefnum.

Tölvumaður örnefnanefndar er Guðjón Elísson en án hans værum við áratugum á eftir. Hann hefur verið óþreytandi að skanna inn myndir og taka nýjar raðir af landslagsmyndum og skrá örnefnin inn á myndir.

Örnefnanefnd Eyrbyggja skipa Gísli Karel Halldórsson, Gunnar Magnússon og Hildur Sæmundsdóttir. Auk nefndarinnar hefur fjöldi manns lagt hönd á plög við að setja örnefnin á réttan stað á myndunum og óskum við eftir því að allir sem áhuga hafa á örnefnum sveitarinnar setji sig í sambandi við nefndina og skoði vinnuna sem er í gangi og segi okkur til. Margar hendur vinna létt verk!

Svavar Sigmundsson

Um örnefnasöfnun fyrr og nú

Hið íslenska fornleifafélag (sem stofnað var 1879) hafði m.a. það á stefnuskrá sinni að safna íslenskum örnefnum. Elstu örnefnaskrárnar í örnefnasafni þess eru úr austurhluta Árnessýslu, eftir Brynjúlf Jónsson frá Minnanúpi, frá því um 1910. Hann var fornfræðingur og rannsakaði minjar víða um land. Á þeim tíma var stuðst við örnefnin í rannsóknum á fornleifum og þau voru höfð til hliðsjónar við kannanir á sögustöðum. Brynjúlfur skráði örnefnin án staðsetningar, gerði einungis skrár um þau bæ frá bæ, og gat aðeins um landamerkaörnefni og eyðibýli. Síðar fóru menn að skrifa lýsingu jarða í samfelldu máli með örnefnin sem uppistöðu. Segja má að langmestur hluti örnefnaskráa þeirra sem Örnefnastofnun Íslands á í fórum sínum sé af þeirri gerð.

Stundum voru gerðir lauslegir upplandrættir af landi hverrar jarðar með örnefnunum, annars staðar hafa loftmyndir verið fengnar og númer örnefnis skrifað inn á myndina. Stundum hafa þær verið stækkaðar og örnefnin þá skrifuð inn á sjálfa myndina. Sumir hafa dregið upp kort af landareigninni eftir loftmyndum og fært inn á þau. Í einhverjum mæli hafa stækkuð landakort verið notuð sem grunnur undir örnefnakort. Skortur á góðum kortum í þessu skyni hér á landi, t.d. í mælikvarðanum 1:10.000, veldur því að ekki er til samræmt kortasafn um landið með þorra örnefna. Það er því tilviljun hvað til er af slíku efni í Örnefnastofnun.

Um árabil safnaði Fornleifafélagið örnefnum með stuðningi hins opinbera en síðan fékk Þjóðminjasafn Íslands öll gögn félagsins til varðveislu og söfnuninni var haldið áfram á vegum þess. Árbók félagsins var líka lengi vel aðalvettvangur greina um íslensk örnefni. Á miðju ári 1969 ákvað Menntamálaráðu-

neytið að setja á fót sérstaka örnefnastofnun sem deild í Þjóðminjasafninu en með eigin fjárhag og aðskilið reikningshald. Þórhallur Vilmundarson prfessor var skipaður forstöðumaður. Stofnunin tók til starfa síðla vetrar 1970 og fékk í hendur örnefnaskrár og uppdrætti sem Þjóðminjasafnið hafði varðveitt. Hlutverk Örnefnastofnunar skyldi vera að safna íslenskum örnefnum og rannsaka þau og birta um þau skrár. Söfnunin hélt áfram eftir hefðbundnum leiðum þannig að örnefnaskrár voru samdar eða eldri skrár endurskoðaðar og vélrit-aðar en ekki gerðar spjaldskrár.

Söfnun örnefna og endurskoðun örnefnaskráa hefur verið stöðug en þó mis-jafnlega mikil frá ári til árs. 1972 voru til í stofnuninni örnefnaskrár um meira en 90% af jörðum í landinu. Á árabilinu 1979–1991 voru endurskoðaðar 1905 skrár um einstakar jarðir og þar að auki 70 önnur svæði. Jafnframt hafa upp-drættir með örnefnum verið gerðir af allmögum jörðum og öðrum svæðum. Einnig hafa miðanöfn verið endurskoðuð að einhverju marki. 1987 gaf Lúðvík Kristjánsson Örnefnastofnun safn sitt af miðanöfnum, 2197 að tölu, en hluta þeirra birti hann á kortum í riti sínu *Íslenskir sjávarhættir*, Reykjavík 1980–1986.

Pann 16. mars 1998 voru samþykkt á Alþingi lög um Örnefnastofnun Íslands, sem tók til varðveislu öll örnefna- og heimildasöfn sem þá voru geymd í Örnefnastofnun Þjóðminjasafns og allar eignir þeirrar stofnunar. Menntamálaráðherra skipar stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn og forstöðumann til fimm ára að fenginni umsögn stjórnar. Lögin tóku gildi 1. ágúst 1998 og lagðist Örnefnastofnun Þjóðminjasafns þá af.

Leiðbeiningar um örnefnaskráningu voru fyrst gefnar út á prenti 1933, þegar Margeir Jónsson á Ögmundarstöðum í Skagafirði lét prenta „Leiðbeiningar um örnafnasöfnun og atburðasagnir“, á einni blaðsíðu. Kristján Eldjárn tók saman „Nokkrar leiðbeiningar um örnefnasöfnun“, og birtust þær í *Skinfaxa*, blaði ungmannafélaganna, 1944, og einnig sérprentaðar 1945. Þórhallur Vilmundarson tók saman hefti með leiðbeiningum um örnefnaskráningu 1972, en styttri gerð var fjörlituð síðar og hafa þær verið sendar þeim sem við söfnun hafa fengist að undanförnu.

Örnefnasöfnun í Eyrarsveit

Örnefnalyśingar úr Eyrarsveit sem varðveittar eru í Örnefnastofnun eru að stofni til eftir Þorleif J. Jóhannesson í Stykkishólmi. Handrit hans er á 74 blöð-



Porleifur J. Jóhannesson. Ljósm. í eigu bókasafnsins í Stykkishólmi.

spítalans í Hólminum. Hann lagði einnig stund á þjóðleg fræði, safnaði fornminjum fyrir Þjóðminjasafnið og rannsakaði sögustaði með þjóðminjaværði, auk þess að annast örnefnasöfnun. Hann hélt dagbækur um áratugi, sem eru varðveittar í Amtsbókasafninu í Stykkishólmi. Hann lést 1944.

Fróðlegt er að lesa bréf það sem Porleifur skrifaði Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaværði 7. okt. 1933, sem sýnir við hvaða aðstæður hann var að safna og með hvaða hugarfari. Hann skrifaði:

„Yður mun, að vonum, vera farið að þykja langur tími sem jeg hefi ekki látið til mín heyra. Jeg þakka peninga sem þjer senduð mjer. Jeg hefi nú reynt að vinna fyrir eitthvað af þeim. Í sumar fór jeg um Miklaholtshrepp fyrir utan Straumfjarðará, Staðarsveit, Eyrarsveit og Fróðárrepp. ... Á þessu svæði skrifði jeg upp örnefni á öllum bæjum sem jeg gat fengið upplýsingar á. ... Síðan að jeg kom heim hefi jeg verið í vinnu og því gengur mjer seit að hreinskrafa. Sendi yður nú örnefnalýsingu á Grund í Eyrarsveit, væri gott að fá að vita hvernig yður líkar hún. Um leið og jeg skrifaði örnefnin reyndi jeg að fá að vita um dagsmörk, á mörgum bæjum eru þau nú þegar glötuð, víða benda örnefni

til um sum þeirra. Einnig grófst jeg eftir sögusögnum viðvíkjandi örnefnum, álagablettum o.p.h.

Sendi yður nú og lýsingu á fornum tóftum í Lá í Eyrarsveit og Fróðá o.fl. Það væri gaman að róta í rústunum á Fornu-Fróðá, mætti vera að forna langeldsstæðið, þar sem selshausinn kom upp, findist, en líklega finnst holan eftir hann ekki. Kjartan mun hafa lamið hana svo rækilega saman.

Að gamni mínu, meir en til gagns býst jeg við, fór jeg að teikna tóft þá í Lá sem kölluð er Bænhústóft og læt það listaverk! fylgja með.

Fyrir nokkrum árum átti að fara að plægja þar sem stykki það er sem tóftirnar í Lá eru í, en þegar komið var upp undir tóftirnar brotnaði plóghnífurinn, sem betur fór, og síðan hafa þær fengið að vera í friði, en hve lengi verður það? Mundi ekki vera rétt að friðlysa þeim?


Mjer þætti vænt um ef dragast mætti að senda örnefnalýsingarnar fram í desember, því þetta er allmikið safn, en eins og jeg gat um, er jeg fremur latur á kvöldin, eftir grjótvinnuna á daginn.

...

Jeg keypti kort herforingjaráðsins yfir mest allt Snæfellsnes og hefi bætt á það mörgum nöfnum og geri þegar jeg næ í menn sem kunnugir eru á því og því svæði, hefi gert það á þann hátt, að draga strik frá þeim stað á kortinu út á spássíuna og ritað nafnið þar. Einnig þar sem nöfnin hafa verið röng, sem eru nokkur, eða sett á ranga staði, þá hefi jeg haft sömu aðferð, ritað rjettu nöfnin á spássíuna en dregið yfir hin.“ (Varðveisst í Örnefnastofnun Íslands.)

Síðan hefur verið farið yfir skrár Þorleifs og þær endurbættar og hreinritaðar á Örnefnastofnun. Stafrófsskrár hafa verið gerðar við skrárnar til að auðvelda aðgang að örnefnum. Kort Þorleifs eru a.m.k. að einhverjum hluta varðveitt í Örnefnastofnun. Þorleifur birti ekki örnefnaskrár sínar á prenti en ýmsar greinar birti hann um fornleifarannsóknir sínar í Árbók fornleifafélagsins.

Líklegt er að búið sé að ná saman langflestum örnefnum í Eyrarsveit, en ýmislegt getur þó leynst ennþá. Mikilvægt er nú við nýja skráningu örnefnanna að ná til elstu heimildamanna sem staðkunnugir eru og geta þá enn einhver örnefni bæst við. Einnig er mikilvægt að skrá ný örnefni, sem orðið hafa til á síðari tímum. Það geta verið nöfn á túnum eða öðrum landskikum, og nöfn sem tengjast atvinnulífi eða atburðum.



Örnefnukort af hluta Snæfellsness með hendi Þorleifs J. Jóhannesson.
(Örnefnastofnun Íslands.)

Nýjar aðferðir við skráningu og birtingu

Miklar breytingar hafa orðið á skráningu og birtingu örnefna á síðustu árum. Þessi nýja skráning örnefna sem nú fer fram í Eyrarsveit er nafnsetning allra þekktra örnefna á uppréttar loftmyndir (myndkort frá Loftmyndum ehf.) eða ljósmyndir með því að staðsetja þau eins nákvæmlega og unnt er. Besta ráðið er auðvitað að hnítsetja örnefnin, þ.e. ákvarða lengd og breidd staðarins sem þau eiga við. Unnið verður að því við *Landsskrá fasteigna*, sem verið er að koma á fót, að hnítsetja öll landamerki fasteigna, en að öðru leyti verður ekki á landsvísu unnið að hnítsetningu allra örnefna eins og sakir standa. Landmælingar Íslands vinna að því að gera stafræn kort þar sem mikill fjöldi örnefna kemur fram, þ.e.a.s. þau örnefni sem birtast á kortum þeirra, en auðvitað eru það langt frá því öll örnefni í landinu.

Á undanförnum árum hafa bæst í safn Örnefnastofnunar loftmyndir með innfelldum örnefnum úr nokkrum sveitum. Þar er ekki síst að nefna verk Sigurgeirs Skúlasonar landfræðings, sem hóf að skrá örnefni á slíkar myndir fyrir sveitarfélögum í Austur-Skaftafellssýslu 1990, og hefur síðan skráð í Biskups-tungum, Grafningi og víðar með sama hætti. (Sbr. grein hans í *Sveitarstjórnarmálum*, „Landslag yrði lítilsvirði, ef það héti ekki neitt“, 6. tbl. 1994.) Mikill fengur er að þessum örnefnamyndum þó að ekki fylgi neinar skýringar eða upplýsingar frá hans hendi.

Einstaka félagasamtök hafa einnig látið gera örnefnamyndir, stundum ljós-myndir, sem örnefnin hafa verið felld inn á með skýrum hætti svo að staðurinn sem örnefnið á við, sést greinilega. Sem dæmi má nefna ljósmynd með örnefnum sem Lionsklúbbur Nesþinga hefur látið gera af Hellissandi og nágrenni. Einnig hafa þeir Páll Lýðsson í Litlu-Sandvík í Flóa og Oddur Hermannsson, landslagsarkitekt á Selfossi, gert örnefnakort um fyrrum Sandvíkurhrepp í Flóa, nú í sveitarfélaginu Árborg. Þar hefur verið skannað inn kort ameríkska hersins í mælikvarðanum 1:50.000 og örnefnin færð inn á, fyrst með hendi en síðan í endanlegri gerð í tölvu. Örnefni Sandvíkurhrepps tók Páll saman á árunum 1960-65 í rituðu máli, en nú fyrst hafa þau verið staðsett á korti. (Sbr. grein mína, „Örnefnaskráning á vegum sveitarfélaga“, í *Sveitarstjórnarmálum*, 5. tbl. 2000.)

Örnefni einstakra jarða er nú orðið hægt að setja inn í gagnagrunn og skrá þau stafrænt eftir ýmsum sérkennum, uppruna, eðli og gerð staðarins og

þannig er hægt að birta þau í ýmsum „lögum“ svo að segja. Þá er hægt að velja til birtingar hvert lag sem vill hverju sinni. Ef notaðar eru svokallaðar uppréttar loftmyndir (myndkort), þ.e. myndir sem búið er að leiðréttu fyrir landfræðilegum mælingaskekkjum, þarf ekki að fara á staðinn með staðsetningartæki (GPS) heldur er hægt að lesa hnít af myndinni í tölvu. En til þess að benda á hvar örnefnið er á myndinni þarf samt sem áður staðkunnugan mann. Þannig er unnið að staðsetningu örnefna í fyrrum Hörgslandshreppi í V-Skaftafellssýslu sem er hluti stærra verkefnis á vegum Kirkjubæjarstofu sem hlotið hefur heitið ARFUR 2000. Þar með er komin fullkominn skráning örnefnis, þ.e. hnitaður eða hnitmældur staður, heiti hans, þ.e. örnefnið, og lýsing á honum í örnefnaskrá.

Örnefni hafa verið notuð í landamerkjalyssingum frá örðfi alda og menn segja að svo verði áfram. Engin vissa er þó fyrir því. Eins er víst að landamerkjapunktar verði eingöngu skráðir sem tölur í framtíðinni en gömlum og grónum landamerkjanöfnum verði varpað fyrir róða. Vonandi verður þó ekki svo. Örnefnin eru hluti af búsetulandslagi og menningarlandslagi okkar í meira en ellefu hundruð ár. Þeir sem enn þekkja þau og geta staðsett þau fyrir okkur eru ómetanlegir varðveislumenn aldagamallar hefðar sem við megum ekki glutra niður.

Á vegum Þjóðminjasafns er nú starfræktur gagnagrunnur sem nefndur er Sarpur og á að rúma allar skrár safnsins og skrár byggðasafnanna í landinu og fleiri safna, um minjar og muni, myndir o.fl. o.fl. Örnefnastofnun er aðili að Sarpi og verður örnefnasafnið vistað þar. Síðar mun verða veittur einhvers konar aðgangur að örnefnunum um Netið. Í sambandi við þessa skráningu í Sarp er til athugunar að taka upp ákveðið flokkunarkerfi örnefna, sem notað hefur verið í Noregi, þar sem þau eru flokkuð eftir náttúruleinkennum (natur) og notkun (kultur). Ekki er hægt að ætlast til að þessi flokkun fari fram á þessu stigi málsins þar sem eftir er að aðlaga kerfið að íslenskum aðstæðum. En það kallar á að ítarlega sé spurt um einkenni staða og það sem vitað er um notkun þeirra. Þetta er eitt af því sem vitneskja er líka að tapast um. Þess vegna er ekki nóg að þekkja örnefnin ein og sér sem orðmyndir, hlutverk þeirra í búsetulandslaginu skiptir líka miklu máli.

Vísur um kvenfélagskonur

Á hjónamóti á vegum kvenfélagsins Gleym-mér-ei, rétt um 1970, flutti Valgerður Haraldsdóttir brag eftir sig um kvenfélagskonur. Oft er vitnað til þessa flutnings Valgerðar sem er mörgum ógleymalagur. Í upphafi hvers erindis er nafn þeirrar kvenfélagskonu sem erindið vísar til.

Áslaug Pétursdóttir

Ása hún ber léttu lund,
leiða burtu hrekur.
Hvar sem er hún hverja stund
kæti og gleði vekur.

Erla Stefánsdóttir

Enginn hefur um það spurt
hvort ekta sé hún perla.
Fljót er líka að fljúga burt
fyrst hún heitir Erla.

Sveinfríður Jóhannesdóttir

Hefur Fríða hjarta heitt
hlotið í vegarnesti.
Alltaf getur yfir breitt
annarra manna bresti.

Ingibjörg Kristjánsdóttir

Ingu er oft í geði gramt
þó gull hún beri hjarta.
Ég held hún hafi ekki samt
yfir neinu að kvarta.

Svava Axelsdóttir

Svava hún ber sólskinslund,
sæt er bara fljóðið.
Aldrei er hún eina stund
með æsing, það er lóðið.

Dóra Haraldsdóttir

Dóru hól ég til það tel
takmörk fól sér eigin.
Í ströngum skóla stóð sig vel
stöðugt sólarmegin.

Sigríður Elísdóttir

Tindilfætt og tillitsfull
töltir lífs á flúðum.
Sigríður sín gömlu gull
geymir á Skallabúðum.

Rósa Árnadóttir

Er hún Rósa eins og rós,
ung á björtru vori.
Kring um hana loga ljós
og lýsa í hverju spori.

Helga Árnadóttir

Sýnt hefur bæði dáð og dyggð
og djörfung mun ei spara.
Helga hefur tröllatryggð
tekið við Sigurfara.

Elna Bárðarson

Um Elnu stendur alltaf rok
af efsta lífsins tindi.
Hún er eins og fjaðrafok
sem fýkur í hvössum vindi.

Guðbjörg Kristjánsdóttir

Guðbjörg hún er grönn og há
geðug mjög er svanninn.
Parf sér vart að tylla á tā
til að kyssamanninn.

Áslaug Sigurbjörnsdóttir

Áslaug skilið allt á hrós
ég það hiklaust segi.
Hún er eins og leiðarljós
lífs á dimmum vegi.

Valgerður Haraldsdóttir

Valgerður til vinnu fús
vekur mörgum létti.
Ævinlega eins og mús
undir fjalaketti.

Pórdís Þorbjarnardóttir

Segist vera sífellt þreytt
svona hraustleg kona.
Ekki er Dísu lífið leitt,
hún lætur bara svona.

Guðrún Björnsdóttir

Ekki er Gunna ennþá flak,
örlög þráðinn spinna.
Tekur á sitt breiða bak
beiskju vina sinna.

Ólöf Þorleifsdóttir

Ólafar er höndin hlý,
hún er kvennaljómi.
Sagt er að hennar höfði í
heilinn vel sér sómi.

Pálína Gísladóttir

Prúðust er hún Pálína,
pen og glaðleg kona.
Eiginkonur oddvita
eiga að vera svona.

Jódís Björnsdóttir

Alltaf er hún eins að sjá
þó eithvað vilji á bjáta.
Henni Dísu mikið má
maðurinn af státa.

Guðrún Árnadóttir

Ósköp er hún Gunna góð
sem gæfu til er borin.
Harla eru fá þau fljóð
sem feta hennar sporin.

Jónína Kristjánsdóttir

Augu Nínu eru blá,
oft sem stjörnur skinu.
Ef hún bara brosir þá
birtir í skammdeginu.

Elísabet Helgadóttir

Eins og drottning er að sjá
ýmsir segja að vonum.
Þegar Beta fer oss frá
fækkar vöskum konum.

Ásgeir Guðmundsson, sagnfræðingur

Viðtal við Guðmund Runólfsson

Skráð 1985

Ég er fæddur 9. október 1920 í Stekkjartröð, Eyrarsveit, hjáleigu rétt hjá Setbergi. Foreldrar mínr voru Runólfur Jónatansson oddviti á Spjör og móðir mír Sesselja Gísladóttir ekkja, sem bjó þá á Jaðri í Bárarplássi. Foreldrar mínr fluttu með mig hálfs árs gamlan hingað í Grundarfjörð, sem þá nefndist Grafarnes. Bjuggu þau hér saman svo til óslitið, þar til að ég var orðinn fullorðinn maður. Hér í Nesinu var ekki nema eitt íbúðarhús, er kallað var Neshús, gamalt timburhús, byggt í dönskum stíl. Smávegis verslun var þá hér sem Pétur A. Ólafsson sá um, minnir mig, en um 1927-28 flyst hingað Sigurður Þorsteinsson kaupmaður, vestan af fjörðum. Hefur hann hér útgerð og fiskverkun og þá fer að safnast hingað eithvað fólk í vinnu, því að hann reyndi að ná í fisk hingað. Sigurður þessi lét bera grjót úr fjörunni upp á bakkann þar sem Hraðfrystihús Grundarfjarðar stendur núna. Grjótið var borið á handbörum þangað og búni til grjótreitar þar.

Sá fiskur, sem bátarnir lönduðu í plássunum í kring, var fluttur hingað að verulegu leyti og verkaður hér, vaskaður og þurrkaður á þessum reitum. Var þetta sú fyrsta vinna, sem ég man eftir að hafa tekið þátt í. Byggð myndaðist engin hér, fyrri heldur en um 1929-30. Þá er farið að byggja hér nokkur hús. Fyrst er það pabbi minn, sem byggir timburhús hér uppi á bakkanum er kallað var Götuhús. Þorkell Runólfsson hálfbróðir minn, flutti frá Bíðum og byggði sér hús uppi á Fagurhóli, mjög nærrí því sem kirkjan stendur nú og ári síðar byrjar Sigurður Þorsteinsson að byggja sér steypt hús, sem kallað var Sól-



Guðmundur Runólfsson.

vellir og stendur hér enn við Nesveginn. Það er eina húsið, sem stendur hér enn í Nesinu frá þessum tíma. Um svipað leyti fær Sigurður Þorsteinsson bát, sem heitir Valný frá Ísafirði, en ég man ekki nú sögu þessarar útgerðar. Var hér þá engin bryggja, en Sigurður Þorsteinsson var upphafsmaður að því að gera hér bryggju. Hann byrjar á því að gera hana fram af smá skansi, sem kallaður var, og var mjög fallega hlaðinn og notaði til þess fjörugrjótið eins og það kom fyrir, en það var vel lagað til hleðslu. Þetta var mjög fallegt mannvirki, þó að ekki væri það stórt, en aukið var við það smátt og smátt. En þegar að útgerðin óx og menn fóru að hugsa stærra, var þá farið að steypa bryggjuna.

Næsta byggð við Grafarnes á þessum tíma var Gröf, þar bjuggu Bárður Þorsteinsson og Björn Jón Lárusson. Voru kallaðar m.a. Bárðar-Gröf og Jóns-Gröf. Næsta byggð hér fyrir utan var Hellnafell og var þar líka tvíbýli. Voru þessir menn frumbyggjarnir í þessu byggðarlagi og hafa haldið tryggð við það enn. Það voru nokkur börn í Gröf, t.d. börn Lárusar og Halldóru, strákarnir voru á svipuðum aldri og ég, Björn og Jóhann. Þetta var náfrændfólk mitt og þau

hjónin mikið sómafolk. Fátæktin var hér mikil og talsverð hjá foreldrum mínum og man ég það vel að þau gáfu pabba og mömmu alltaf eina mjólkurflösku handa mér, því að þau áttu enga kú, höfðu aðeins nokkrar kindur og svo sjóinn sér til framfærис. Sömuleiðis voru þau hjónin í Bárðar-Gröf, Bárður og Jóhanna kona hans mikið indælisfolk.

Mataræði hér í sveit, þegar að ég var að alast upp, mun hafa verið frekar fábrotið og á köflum með því knappasta. Þau heimili sem höfðu búskap, eins og Grafarheimilin, voru betur stödd og mikil búbót var í sjávarfanginu.

Ég man nú eftir því, að einhvern tímann hafði ekki verið mikið um nýmeti og sjófang, því að mamma sagði mér svo glöggt frá því, að það var farið að bera á beinkröm í mér. Ég var orðinn ansi hjólbeinóttur og þá var það fyrsta sælgætið, er ég fékk, var bræðingur, sem mamma hafði búið til úr fyrstu lifrinni, sem komið hafði úr fiskinum, þegar að bátarnir fóru að róa aftur eftir langt hlé. Umskiptin urðu svo mikil, að eftir fáar vikur fór ég að ganga beinn og beinin virtust réttast vel við, finn ég ekki fyrir því, að beinkrömin hafi neitt þjáð mig meir. Hygg ég að þarna sé ekki um einsdæmi að ræða, heldur hafi þetta verið nokkuð ríkjandi, að folk varð að ná í nýmeti úr sjónum, til þess að mataræðið væri nokkurn veginn viðunandi. Þá var þetta haft í smjör- og feitmetisleysinu, var mikil búbót að gera bræðing, sem kallaður var, úr þorskalýsinu til helminga og tólg á móti. Sparaði þetta mjög mikið annað feitmeti og var sennilega hollt um leið. Finnst mér bræðingur enn þann dag í dag mjög góður.

Hæst ber af þeim heiðursmönnum og sjógorpum á þessum tínum, sem héldu hér uppi atvinnulífinu, Pál Þorleifsson frá Hömrum. Hann átti þá 9 tonna bát ásamt pabba og fleirum félögum sínum, eins og segir í bókinni *Breiðfirskir sjómenn* eftir Jens Hermannsson. Þessum báti var haldið úti nokkuð stíft og ýsan, sem fiskaðist á hann, var öll borin heim á bæina hingað og þangað. Bjargaði það mjög miklu í mataræði fólksins, en hér var mikil samhjálp á þessum tíma meðal íbúanna.

Eyrarsveit var lengi frekar einangruð frá öðrum sveitum og þurfti að sækja flest til annarra kaupstaða, t.d. Stykkishólms, því reyndi oft á samhjálpinu hér í sveitinni.

Skólaganga míni byrjaði um 10–11 ára aldur, þá var kennt á þremur stöðum í Eyrarsveit, er ég man eftir. Ég gekk fyrst í Þinghúsið, sem kallað var, en það var lítið timburhús, sem stóð á bakkanum rétt við Grundarána, þegar komið er

niður Þinghúsbrekkuna. Var þar kennt þrisvar til fjórum sinnum á vетri hálfan mánuð í einu, en farkennarinn fór á þrjá staði í sveitinni og kennið 2 vikur samfellt á hverjum stað. Úti á Kvábryggju var kennt í litlu steinhúsi, en í Framsveitinni ýmist í Móabúð eða Nýjubúð. Kennslan var þó lengri fermingarveturinn, en þá fékk maður að fylgja kennaranum, var mér komið fyrir bæði úti á Kvábryggju og í Framsveitinni. Svona var skólaganga míin, en eini kennarinn er ég hafði var Jóhannes Þorgrímsson, sem bjó í Krossnesi. Annarrar skólaveru naut ég ekki, fyrr en er ég fór á námskeið til Stykkishólms ásamt fleirum héðan. Þar kennið Skúli Skúlason, mikill hagleiksmaður og siglingafróður, er hafði lært fræðin í Danmörku. Var voðalega gaman í tímum hjá honum, en stundum gleymdi hann sér og fór að tala dönsku við okkur! Í Stýrimannaskólan í Reykjavík fór ég síðar, þá giftur maður kominn með stóra fjölskyldu.

Sjósóknarar héðan úr Eyrarsveit hafa löngum verið annálaðir, auch Páls Þorleifssonar frá Hömrum, voru þeir Finnur Sveinbjörnsson frá Spjör og Ásmundur Jóhannsson á Kverná. Urðu þessir menn fyrirmyndir okkar yngri manna og lærðum við margt varðandi sjósókn af þeim. Útgerð var ekki stunduð héðan úr sveitinni allt árið fyrr en um og eftir 1930. Eftir komu stærri bátanna, þeirra Svans og Sindra, þá er farið að stunda hér vertíð. Um 1927–28, þá er aðeins einn bátur hér, Svanur, sem stundar hér sjóinn allt árið, en einungis var um að ræða haust- og vorróðra. Áður fyrr hafði verið reynt að stunda héðan róðra á árabáttum og lithium trillum, en mistekist. Menn urðu því að fara á vetrarvertíðir í aðra landshluta og fór oft héðan stór kjarnahópur til vertíðar á Suðurlandi árlega, ýmist á línumbáta eða togara. Ég veit, að það eru enn lifandi menn hér, sem að gengu alla leið suður til Grindavíkur af Snæfellsnesi, t.d. Valdimar Jóhannsson frá Kljá og Pétur Konráðsson. Var þetta auðvitað mikil útstreymi úr sveitunum og viðkvæmt, voru konurnar einar heima til að annast bú og börn, en margir vertíðarmennirnir áttu ekki afturkvæmt. Reyndist þetta ógurleg blóðtaka oft og ákaflega sorglegt fyrir mannmarga sveit með mikil af manndómsmönnum, að eiga engin tæki til þess að sjá sér og sínum farboða á heimaslöðum. Leiddi þetta líka til þess, að fólk flutti úr sveitinni suður á land. Varð þetta eins og alltaf vill verða, að kjarkmesta fólkid færir sig til fyrst til betri lífskjara og er þetta öllum byggðarlögum hvað allra hættulegast. Viðgengst þetta enn í dag, þegar eitthvað hallar undan fæti. Út frá þessu öllu saman spinnst það, að menn fara að hugsa til þess að kaupa sér stærri báta, sem gætu verið vertíðar-

bátar og þá þarf líka einhverja aðstöðu í landi til þess að verka aflann. Það verður úr að Hrannarfélagið er stofnað af Finni Sveinbjörnssyni, skipstjóra, o.fl. til þess að kaupa 24 tonna bát, sem Sindri hét, en fyrir var Svanurinn. Sýndu þeir mjög góðan árangur og sönnuðu jafnframt að það væri hægt að gera héðan út vertíðarbáta. Komið var upp aðstöðu til að salta fiskinn í húsi, en stundum söltuðu þeir fiskinn í bátana og fóru með hann inn í Stykkishólm, þegar báturinn var orðinn fullhlaðinn, þannig óx þetta hvað af hverju.

Kom þá í ljós, að það var óhemju mikil lúðuveiði hérna á haustin frammi í Álnum og svo mikil var veiðin, að umfram var þegar búið var að láta heimilin fá, sem þau gátu nýtt. Voru þá erfiðleikar að koma henni á markað, en eitthvað af aflennum komst í skip, sem voru á línuveiðum hér nærandis, er fluttu lúðuna á erlendan markað. Ég veit nú ekki, hvað þetta hefur gefið af sér, en einhver búbót var þetta fyrir útgerðirnar.

Kreppuárin komu sjálfsagt talsvert mikið við fólkid hérra, einsog víða og var áreiðanlega ákaflega erfitt uppdráttar. Einhvern tíma á þessum árum koma þeir sér upp litlu frystihúsi, er stóð hér inn á Grafarkampi og var kallað Íshúsið, ætli það hafi ekki verið upp úr 1928. Hægt var m.a. að geyma þar beitu og við það voru reistir skúrar, sem að fénu var slátrað í á haustin, en áður þurfti að reka það inn í Stykkishólm. Það hafði nú áður verið að vísu eitthvað slátrað úti á Kvíabryggju í sláturhúsi á vegum verslunarinnar í Stykkishólmi. Áður en Íshúsið kom til sögunnar í Gilósnum, hafði ekkert verið hægt að gera annað við kjötið en að salta það niður í tunnur.

Ég er nú ekkert viss um að það hafi aukist mikið fátæktin hér á kreppuárunum, vegna þess að það gat ekki versnað meira. En fjárhagur allra manna þrengdist auðvitað. Þá varð hagur Íshússins svo erfiður að það fór á hausinn eftir fárra ára rekstur.

Ég fór fyrst til sjós með pabba 9–10 ára gamall á skakskútu frá Stykkishólmi í tvö sumur, þá náði ég restinni af skútuöldinni. Síðan fór ég í sveit, hvarf frá sjónum og ætlaði mér frekar að gerast bóndi, en á þessum tíma fer að lifna yfir þorpsmyndinni hér í Grundarfirði í kringum þessa báta, sem ég nefndi. Strax upp úr kreppunni er kominn mikill dugnaður í útgerðina og það er farið að verða álitlegt að stunda sjó frá Grundarfirði.

1931 er fyrsta fjárveitingin samþykkt á fjárlögum Alþingis til Grundarfjarðarhafnar en 1937 er fyrst hafist handa við hafnargerðina. Framkvæmdirnar

strönduðu á því, að framlag heimamanna var ekki fyrir hendi og þess vegna var ekki hægt að nýta þá fjárveitingu fyrr. Fyrsta hafnarnefndin í Grundarfirði er svo kosin 15. janúar 1942 og í henni voru Páll Þorleifsson á Hömrum, Bárður Þorsteinsson í Gröf og Finnur Sveinbjörnsson frá Spjör. Stækkun og lenging á litlu bryggjunni svokölluðu, sem ég hef áður minnst á, mun hafa byrjað af einhverjum krafti 1939.

Fyrir nokkrum árum var tekinn upp sá háttur hér í Grundarfirði að halda Sjómannadaginn hátiðlegan og hefur tekist að gera hann að talsverðri hátið, þannig að hann hefur verið nokkurs konar þjóðhátið Grundfirðinga. Hafa þá verið heiðraðir mennirnir, sem staðið hafa mest upp úr og lögðu grunninn að þessu byggðarlagi og uppbyggingu þess. Fyrstu sjómennirnir, sem voru heiðraðir, voru Ásmundur Jóhannsson á Kverná, Finnur Sveinbjörnsson frá Spjör og Sigurjón Halldórsson kenndur við Bár, en hann var þá enn í fullu fjöri sem aflamaður og dugandi skipstjóri. Má nefna fleiri í þessu sambandi, ekki síst Kristján Jónsson frá Móabúð, sem var mikill atorkumaður í Framsveitinni á árabátaöldinni og langt fram á trilluöldina. Ég man eftir því, hvað hann sagði mér sérstaklega skemmtilega sögu um það, hvað það hefði verið gaman, þegar leið á sumar og heyannir voru langt komnar, nýmeti lítið og ekkert um mat, en þá fór hann ásamt fleirum út í Melrakkaeyju til að ná í kofu. Hann fyllti bátinn af henni og kom líka með 3 eða 4 stórflyður aftan í bátnum til lands, því að það var ekkert pláss fyrir lúðurnar í bátnum. Börnin hans stóðu öll í fjörunni, þegar að hann kom með fenginn og var mikil hátið fyrir börnin að fá þarna nýmeti, bæði kofu og heilagfiski. Líka má tiltaka Guðjón Elísson frá Skallabúðum, ættföður fjölmargra hér, Gunnar Stefánsson frá Eiði og Pétur Konráðsson, svo einhverjur séu nefndir. Þessir menn hafa allir verið heiðraðir og er það alveg vert að halda á lofti minningu þeirra, þegar skráð er saga byggðar Grundarfjarðar. Það má sjálfsagt tilnefna fleiri, en við verðum að biðjast afsökunar á því, ef við gleymum einhverjum, sem eiga það fyllilega skilið að vera nefndir í þessari upptalningu. Upphaf útgerðar minnar og útgerðarþáttur minn í byggðarlaginu hefst sennilega með 39 tonna bát, Runólfri sem byggður er á Norðfirði 1947. Hann er þá langstærsti báturinn hér í byggðarlaginu og er ég með hann til 1955. Síðan er ég skipstjóri hjá öðrum dálítinn tíma, á Hring frá Siglufirði, sem gerður er út frá Grundarfirði alltaf á vetrum og er ég með hann til 1960, en þá er byggður fyrir mig annar Runólfur í Noregi sem er 120 tonn. Er þá komin hér

betri og meiri hafnaraðstaða og byggðin að stækka, þannig að þá þótti það ekki eins mikið stökk að fá 120 tonna bát eins og að fá 39 tonna bát 1947. Ég er með þennan Runólf fram yfir 1970, en þá fer ég að huga að því að láta byggja skut-togara. Í millitíðinni hafði ég keypt annan bát norskbyggðan, er hét Pétur Sig-urðsson RE 331, en við skírðum upp og nefndum Ásgeir Kristjánsson og var SH 235. Runólfarnir hafa alltaf verið með einkennisstafina SH 135.

Árið 1975 rætist sá draumur að fyrsti skuttogari Breiðfirðinga kemur til Grundarfjarðar og hefst þar með skuttogaraöldin hér við Breiðafjörð. Ekki gekk það átakalaust að fá þennan skuttogara í byggðarlagið, allar nýjungar eiga alltaf erfitt uppdráttar, ekkert síður við sjávarútveginn heldur en við ann-að. Orkar allt tvímælis þá gert er og að vera á undan sinni samtíð er alltaf dálít-ið erfiðara, heldur en að fara í fótspor annarra. Hef ég oft orðið að takast á við byrjunarörðugleikana, því að mér hefur legið svo mikið á, en allt hefur þetta blessast afar vel. Getum við verið mjög lukkulegir og sömuleiðis má byggðar-lagið vel við una, því að þessi skuttogari hefur verið sérstaklega farsæll og afla-sælt skip.

Ég hef ekki einungis fengist við útgerð, heldur líka fiskverkun. Núna í nokkur ár höfum við tekist á við rekstur á smá frystihúsi, en fiskverkun hef ég verið aðili að dálítið lengur. Sennilega er upphafið að því, að við stofnuðum Verslunar-felagið Grund upp úr útgerð og verslun Sigurðar Ágústssonar frá Stykkishólmi 1954, en það varð svo síðar fiskverkun Soffaníasar Cecilssonar. Soffanías keypti síðar minn hlut og um tíma var ég eingöngu í útgerðinni. Núna í nokkur ár höf-um við rekið frystihúsið Sæfang, er við stofnuðum synir mínir, bróðursonur Móses, með Júlíusi Gestssyni, Bjarna Magnússyni o.fl. Frystihúsið framleiðir fyrir um 70–100 miljónir á ári. Samsvavar það því að framleiða 1/3 partinn af allri sjávarframleiðslu í Grundarfirði, sem er komin eiththað yfir 300 milljóna króna útflutningsverðmæti, er þetta byggðarlag flytur út, miðað við árið 1984.

Ég minntist áðan á Sigurð Ágústsson og umsvif hans hér í byggðarlaginu, en þýðing hans fyrir uppbyggingu þess var áreiðanlega allmikil. Hann á hér í útgerð með heimamönnum og styður þá og hvetur með ráðum og dáð. Sömu-leiðis þegar byrjar að byggjast hér þessi þorpsmyndun, þá er Sigurður Ágústsson aðalhvatamaður að því af þeim mönnum, sem ekki teljast til byggðarlags-ins. Allflestir leituðu til Sigurðar, t.d. um byggingarefni, þegar þeir fóru að reisa sér hús, til þess að setjast hér að í Nesinu.

Margir fluttu frá Kvíabryggju, sem var þá dálitið fjölmennt byggðarlag, sömuleiðis úr Vatnabúðar- og Eyrarplássum út í Nes. Þá er árabáta- og trilluöldinni að ljúka, en það eru auðvitað allnokkur átok að koma sér og sínum fyrir og þar var þáttur Sigurðar Ágústssonar mjög stór í því að hjálpa þessum frumbyggjum þessa byggðarlags. Hann átti einnig mikinn þátt í að hjálpa mönnum til að eignast báta og fyrsta Runólfinn, sem ég eignaðist, er hann hluthafi í að 1/5. Hann átti líklega 1/3 í Hamra-Svani og 1/5 í Fylki, sem þeir Páll á Hömrum, Sigurður o.fl. áttu í félagi um tíma, er það rétt fyrir þann tíma er ég kaupi Runólf 1947.

Í uppbyggingu þessa pláss hafa skipst á skin og skúrir, eins og gengur og gerist víða við sjóinn. Það eru misjöfn aflaár og árferði, en að mestu byggðist þetta á aflanum. Árferðið er líka ekki alltaf jafn hagstætt blessuðum sjávarútveginum. Þetta gekk nú allnokkuð vel, þangað til að voðalegur aflabrestur og kreppa datt yfir okkur 1967-1969. Þá hreinlega tel ég, að hafi brostið á flótti í þetta byggðarlag, af því að aflinn var svo hræðilega lélegur og á þeim sama tíma fór síldin að bregðast og vetravertiðaraflinn brást þá í 2-3 vertíðir. Jafnaði þetta sig ekki aftur til fullnustu, fyrr en eftir að skuttagarinn Runólfur kom 1975. Kemur þá aftur blómaskeið og gott tímabil, en í dag getum við kannske sagt, að sé dálitið dimmra yfir, því að nú virðist eitt tímabilid vera að sliga okkur. Núna er erfiðleikatímabil, að minnsta kosti stærri togaraútgörðar, en það eru greinileg kreppueinkenni sem stendur, sem vonandi stendur stutt.

Eins og hefur komið fram áður, að þegar foreldrar mínr flytja með mig hingað í Grafarnes, sem ég kalla ennþá, er hér ekkert hús og engin byggð komin, þar sem að byggðin stendur núna. Ég hafði fáa leikfélaga, nema að fara upp í Gröf, sem var dálítill spotti þá, neðan úr Nesi og sömuleiðis út í Hellnafell, en þar voru krakkarnir yngri en ég. Þannig að ég man eftir allri þessari uppbyggingu og hef tekið líka talsverðan þátt í henni. Ég verð að segja, að hún hefur verið og er mjög ánægjuleg og er gaman að taka þátt í svona örri, mikilli og frjósamri uppbyggingu. Hér hafa skipst á skin og skúrir, en það gleðilegasta af þessu öllu saman er það, að harðgerðasta og dugmesta fólkioð stendur þetta af sér, þannig að ég hef trú mikla á þessu kjarnafólki, sem kemur til með að standa af sér smá hretin og smá krepputímabilin.

Mér finnst margt hafa tekist mjög ágætlega hér í Grundarfirði og er ég sérstaklega ánægður með þá hlið málanna í sjávarplássinu. Hér hefur tekist að

byggja upp mjög myndarlegt og fallegt skólahús og skólaaðstöðu, sundlaug og í uppbyggingu er fþróttahús.

Sömuleiðis er hér falleg og glæsileg kirkja, sem íbúarnir hér hafa byggt upp á 20 árum og það er svo gleðilegt til þess að vita, að við eignum aðra kirkju, Setbergskirkju, sem er haldið í mjög sómasamlegu ástandi. Það eru fáir söfnuðir sem getað státað sig af því, að eiga tvær kirkjur í ágætu ástandi. Meira að segja er fjárhagur nýju kirkjunnar svo góður, að hún er svo til skuldraus eign safnaðarins ásamt pípuorgeli, sem nú á næstu dögum verður sett upp í Grundarfjarðarkirkju.

Þetta kalla ég mjög ánægjulega þróun, þannig að fólkið hér er ekki bara að hugsa um fisk, peninga og líkamlegt strit. Það hugsar líka um hina andlegu hlið lífsins.

Árni M. Emilsson, útibússtjóri

Halldór Finnsson

Af vettvangi sveitarstjórnar

Þeir þurftu oft að tala saman í síma Halldór Finnsson og faðir minn Emil Magnússon. Þetta fundarform notuðu þeir gjarnan, þegar þeim þótti henta að bera saman bækur sínar um ýmislegt er varðaði svokölluð þjóðþrifamál, sem voru til úrlausnar á hverjum tíma í okkar litla samfélagi Grundarfirði. Nú eru þeir báðir gengnir á fund feðra sinna með stuttu millibili. Ef að líkum lætur gefst tími til að halda því áfram, þar sem frá var horfið og má þá einu gilda hvern veg símamálum er háttáð þar um slóðir, enda báðir vanir vondu símasambandi.

Halldór dvaldi alla ævi sína í Eyrarsveit, nema þann tíma sem hann stundaði nám, fyrst í Héraðsskólanum Reykholti 1941–1943 og síðan í Samvinnuskólanum 1943–1945 undir handleiðslu hins merka þjóðskörungs Jónasar Jónssonar frá Hriflu. Skúli Guðjónsson frá Ljótunnarstöðum felldi fyrir löngu þann dóm um Jónas að hann hefði verið „umdeildasti Íslendingur 20. aldarinnar“. Sá dómur stendur líklega enn og má nærrí geta hvort slíkur maður hafi ekki haft áhrif á Halldór rétt tvítugan með opinn huga fyrir að tileinka sér allt, sem til heilla horfði fyrir land og lýð, enda er þjóðin upptendruð um þessar mundir, þegar sjálft lýðveldið er stofnað á Þingvöllum 1944.

Halldór Finnsson var Grundfirðingur að ætt og uppruna, fæddur í Stykkishólmi 2. maí 1924. Foreldrar hans voru Halla Halldórsdóttir og Finnur Sveinbjörnsson, skipstjóri, sem létu muna um sig alla sína löngu ævi í Grundarfirði. Þeir sem kynntust þessum greindu og gjörvilegu hjónum átta sig auðveldlega á því að Halldór kom vel nestaður að heiman og undirbúinn til þess að takast

á við þau verkefni, sem biðu hans. Halldór átti afar hægt með að veita öðrum ráð og eins að þiggja ráð þeirra, sem hann treysti vel og tilbúinn að hafa það heldur, sem sannara reyndist.


En á engan er hallað, þótt fullyrt sé að besta ráðunautinn átti Halldór vísan í eiginkonu sinni Pálínu Gísladóttur, en þau gengu í hjónaband árið 1947 og hafa komið upp átta börnum, sem öll eru mikið myndarfólk, vel menntuð og dugnaðarforkar. Flest þau ár sem Halldór annaðist framkvæmdastjórn sveitarfélagsins var ekkert hótel í Grundarfirði og því kom það jafnan í hlut Pálínu að taka á móti öllum þeim fjölda manna, sem áttu erindi við Halldór og má nærrigeta, að það hefur verið mikið álag á heimili þeirra og mikið starf lagt af mörkum fyrir enga þóknun.

Sá, sem hér heldur á penna, kynntist Halldóri fyrst að einhverju ráði 1970, þegar hann var ráðinn sveitarstjóri í Grundarfirði, óþjakaður af reynslu og þurfti því oft að fara í smiðju til Halldórs Finnssonar og þiggja af honum góð ráð. Hér er ætlunin að reyna gera sveitarstjórnarferli Halldórs nokkur skil, enda er hlutur hans á þeim vettvangi í Grundarfirði harla merkilegur.

Halldór Finnsson var í senn mikill samvinnumaður og íhaldsmaður í bestu merkingu þess orðs og vildi umfram aðra menn leggja meiri rækt við varðveislu þeirra verðmæta, sem fyrir voru frekar en að einblína einlægt á eitthvað nýtt. Hann var sveitarstjórnarmaður í víðustu merkingu og lagði hönd á að hrinda í framkvæmd alls konar velferðarmálum, sem lágu langt utan hinna hefðbundnu verkefna sveitarstjórnna. Líklega er óhætt að fullyrða að ekkert mannlegt hafi verið honum óviðkomandi í Eyrarsveit í nokkra áratugi.

Halldór var aldrei heilsuhraustur og því höfðu menn oft áhyggjur af því að hann færðist of mikið í fang. Jón Þorláksson, sem hafði um árabil kennt vanheilsu, þegar hann varð borgarstjóri í Reykjavík, sagði: „Störf míni eru einkum fólgini í því að koma af mér störfum.“ Þetta var öndvert hjá Halldóri, því að það hlóðust á hann störfin jafnt og þétt, enda alltaf leitað til hans fyrst, því hann var maður glöggur og vel menntaður og honum var treyst til að gæta hagsmuna annarra.

Halldór er fyrst kosinn í hreppsnefnd fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1954 og átti víst sæti þar til ársins 1978, í nær aldarfjórðung eða 24 ár. Hann er oddviti 1958 til 1970 en þá tapar Sjálfstæðisflokkurinn meirihluta sínum, en vinnur hann aftur 1974 og þá verður Halldór enn oddviti til 1978 að hann gefur ekki kost á sér í sveitarstjórn. Á tímabilinu 1958–1970 fer Halldór með framkvæmdastjórn



Halldór Finnsson 1986.

hreppsins eins og þá tildekaðist um oddvita, þar sem ekki var ráðinn sérstakur sveitarstjóri.

Óhætt er að segja að með Halldóri gangi í garð nútíma stjórnarhættir í Eyrarsveit, enda hafði hann aflað sér allrar þeirrar þekkingar og menntunar, sem þurfti til að setja upp bókhald, opna skrifstofu og útvega önnur þau gögn, sem nauðsynleg eru til þess að fullnægja þeim kröfum, sem þá voru gerðar til örт vaxandi sveitarfélags.

Halldór er snemma áhugasamur um að efla skólahald í Grundarfirði og er hann kosinn í skólanefnd með sr. Jósepi Jónssyni á Setbergi í júlí 1950.

Árið 1951, 29. maí, kemur hreppsnefnd Eyrarsveitar saman í Samkomuhús-inu, m.a. til þess að bregðast við bréfi frá félagsmálaráðuneytinu þess efnis, að lagt er til við sveitarstjórn, að hún hlutist til um stofnun sjúkrasamlags fyrir Eyrarsveit. „Var sjúkrasamlaginu sett samþykkt og var hreppsnefnd sammála um að benda Tryggingarstofnuninni á Halldór Finnsson, Grafarnesi, sem for-

mann samlagsstjórnarinnar.“ Hér með hefst hið mikla starf, sem Halldór átti eftir að inna af höndum fyrir samborgara sína.

Nokkrum árum síðar eða 1954 var stofnaður Sparisjóður Eyrarsveitar, sem Emil Magnússon hafði undirbúið um nokkurt skeið og þeir Halldór síðan saman, þar til hann komst á laggirnar. Var það samdóma álit þeirra, sem lögðu hér til mála, að hinn nýi Sparisjóður væri best kominn undir forsjá og stjórn Halldórs Finnssonar og gekk það eftir, enda þekktur af því að honum þótti meira um vert að gæta fengins fjár en að afla. Mikil nauðsyn var að fá bankastofnun í héraðið, þó ekki væri nema til þess að launafólk gæti með góðu móti skipt launaávísunum sínum. Þetta leiddi til þess að sparnaður hófst hjá almenningi, því fólk lagði launin sín inn á sparisjóðsbók og tók síðan út peninga jöfnum höndum eins og þörf var á hverjum tíma. Halldór var sparisjóðsstjóri allt frá öndverðu og allar götur þar til sjóðurinn var sameinaður Búnaðarbankanum 1982 og hann gerðist skrifstofustjóri og styrkti þannig starfið í bankanum fyrstu skrefin.

Sparisjóðurinn gjörbreytti kjörum manna í Grundarfirði, veitti fyrirtækjunum á staðnum nauðsynlega þjónustu og lagði einkum húsbyggjendum lið, sem voru æði margir á þessum árum þegar staðurinn var að breytast í átt til þess sem nú er, öflugt og fallegt sjávarkauptún.

Hreppsnefndarmaður

Í sveitarstjórnarkosningunum vorið 1954 buðu sjálfstæðismenn fram lista með Bárð Þorsteinsson í Gröf, þá miklu kempu, í broddi fylkingar. Annað sætið skipaði Halldór Finnsson og Emil Magnússon það þriðja. Leikar fóru þannig að þessir þrír náðu kjöri en af B-lista þeir Pétur Sigurðsson, kaupfélagsstjóri, og Þorkell Gunnarsson, bóndi á Akurtröðum. Þriðji listinn, A-listi, var mjög nærrí því að ná inn manni, svo aðeins munaði tveimur atkvæðum, að meirihluti sjálfstæðismanna félli.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar 30. júní voru þeir kjörnir með fjórum atkvæðum, Bárður oddviti og Emil til vara. Halldór var kosinn í heilbrigðisnefnd ásamt þeim Birni Lárußyni og Ásgeiri Kristjánssyni í Ásgarði. Og hafnarnefnd var skipuð annáluðum aflaskipstjórum- og dugnaðarmönnum, þeim Guðmundi Runólfssyni, Sigurjóni Halldórssyni og Finni Sveinbjörnssyni.

Strax á þessum fundi er tekið til við að ræða úrræði til að bæta höfnina og ákvörðun tekin um að ljúka við grunninn á verbúðunum, sem voru í smíðum. Verða meginverkefni hreppsnefndar næstu árin að bæta höfnina, reisa nýjan skóla, bæta vatnsveituna og síðast en ekki síst að berjast fyrir baettum samgöngum til Grundarfjarðar, enda vegir ekki annað en troðningar sem urðu kolófærir í fyrstu snjóum og nær allar ár óbrúaðar svo sæta þurfti sjávarföllum til þess að komast yfir sumar þeirra. Sjálfur hefur Halldór gert þessum kafla góð skil á þessum sama vettvangi og vísast til þess (útg. 2000).

Ári síðar berst hreppsnefnd erindi frá Soffaníasi Cecilssyni um að hann fái meðmæli hreppsnefndar, til þess að hann fái til bátakaupa það fé, sem ríkið veiti til Grundarfjarðar í atvinnubótaskyni á því ári.

Samþykkt var að verða við þessari beiðni 31. maí 1955, enda treysti hreppsnefndin því að hún fengi frekara fé til samskonar ráðstöfunar á næsta ári. Hér var lagður grunnur að kaupum á Grundfirðingi II, sem reyndist mikið happafley og bar mikinn afla að landi alla tíð.

Á þessum fundi eru Halldóri þegar falin verkefni eins og að skrifa landlæknini og þingmanni Snæfellinga, Sigurði Ágústssyni, og biðja þá „að hlutast til um að ráðin verði bót á því vandræðaástandi, sem hér ríki í heilbrigðismálum, sem m.a. stafi af samgöngu- og læknisleysi“.

Ennfremur er þeim Bárði og Halldóri falið að skrifa vegamálastjóra um vegaframkvæmdir í sveitarfélaginu. Þegar hér er komið sögu fara ýmis mál að mæða allmikið á Halldóri, enda Bárður mjög tekinn að reskjast og menn þykjast hafa séð framtíðarleiðtogann í Halldóri Finnssyni.

Öll kennsla fór fram í Samkomuhúsínu í tveimur stofum og var þróngt sett inn bekkurinn og því einkar brýnt orðið að stækka húsnæði skólans.

Á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs 1956 er gert ráð fyrir því að veita kr. 100.000.- til barnaskólabyggingar og öðrum kr. 100.000.- til hafnarframkvæmda. Voru þetta meginviðfangsefni sveitarfélagsins eins og lengi síðan. Heildarniðurstaða fjárhagsáætlunar þetta árið var kr. 833.000.- þannig að ljóst er að ekki var úr miklu að moða eins og löngum fyrr og síðar.

Annað veifið ber atvinnumál á góma og einkum sá vandi, sem steðjaði að rekstri Hraðfrystihúss Grundarfjarðar hf. En ýmislegt fleira skemmtilegt kemur á borð hreppsnefndar eins og 28. okt. 1957 ber Halldór fram tillögu um að skipuð verði 3ja manna nefnd, til þess að velja götuheiti í þorpinu. Samþykkt

var að velja í nefndina þá sr. Magnús Guðmundsson, Halldór Finnsson og Emil Magnússon.

Þá er samþykkt á sama fundi að leita eftir því við Dómsmálaráðuneytið að hingað komi um n.k. áramót einn löggreglumaður, sem dvelji hér yfir vetrarvertíðina. Ennfremur að freista þess að fá hingað 3 löggreglubúninga, sem menn hér beri og valdir eru í samráði við sýslumann.

Oddvitinn

Sunnudaginn 29. júní 1958 eru hreppsnefndarkosningar og eru enn á ný boðnir fram þrír listar. Kosningu í hreppsnefnd hlutu af A-lista þeir Björn Lárusson, verkstjóri í Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar hf., og Njáll Gunnarsson, bóndi í Suður-Bár. Af D-lista hlutu kosningu þeir Halldór Finnsson, Hörður Pálsson, bóndi á Hömrum, og Kristlaugur Bjarnason, athafnamaður í Grundarfirði. B-listinn fékk engan mann kjörinn.

Halldór er þegar valinn til að fara fyrir sínum mönnum og því kom ekki á óvart að á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar 5. júlí er hann kosinn oddviti með þrem atkvæðum en tveir sátu hjá. Kristlaugur Bjarnason hlaut samskonar kosningu í varaoddvitaembættið.

Á þessum fyrsta fundi, þar sem Halldór er oddviti eru tvö mál til umfjöllunar, sem eru sennilega mjög ný af nálinni, því það er annars vegar ákveðið að bjóða út sorphirðu í þorpinu og hins vegar að ljúka við frárennslislögn, sem lá frá Grundargötu í opnum skurði allar götur niður að verbúðum.

Fundur var í hreppsnefnd 25. júlí 1958 þar sem upplýst er að enn hafi enginn sýnt áhuga á sorpheinsuninni og var oddvita falið að reyna betur. Þá er honum falið að ræða við skepnueigendur og reyna að komast að samkomulagi við þá um að þeir reki skepnur sínar úr plássinu. Mörg fleiri athyglisverð mál eru á dagskrá þessa fundar, m.a eru hafnarnefndarmenn, þeir Bárður Þorsteinsson og Karl Stefánsson forstjóri HG hf., mættir á fundinn. Lögð er fram kostnaðaráætlun frá Hafna- og vitamálastrifstofunni um smíði á steinkeri, 10x12m, til lengingar á hafskipabryggjunni í Grafarnesi. Ákveðið er að sækja nú þegar um lán úr Atvinnuleysistryggingarsjóði og Atvinnuaukningarsjóði. Á þessum árum var hlutur sveitarfélaganna miklu stærri í hafnarframkvæmdum en nú er. Í grein sem Halldór Finnsson skrifar um Grundarfjörð í tímaritið

Sveitarstjórnarmál, 2. tbl. 1978, segir um þetta m.a.: „Höfnin hefur alltaf verið það mál, sem mest hefur kallað að, enda öll afkoma byggðarlagsins byggst á hafnaraðstöðunni. Fyrstu árin, sem unnið er að hafnarbótum í Grundarfirði, er byggingarkostnaði skipt þannig, að sveitarfélagið greiðir 2/3 hluta, en ríkis-sjóður 1/3 hluta. Síðan breytist þetta og hefur lengst af verið þannig, að sveitarfélagið hefur greitt 60% en ríkissjóður 40%. Það er fyrst nú við nýju höfnina í Gröf að ríkissjóður greiðir 75% en sveitarsjóður 25%.“ Við þetta er svo að bæta, að nú greiðir ríkissjóður 90% af kostnaði, þegar um ytri hafnarmannvirki er að ræða, svo ljóst er, að mikið hefur áunnist í gegnum tíðina.

Litlu fyrir kosningar eða 14. maí var ákveðið á hreppsnefndarfundi að fela Kaupfélaginu að útvega byggingarefni í nýtt skólahús uppi á holti og tilboð berst frá þeim Birni Guðmundssyni og Stefáni Helgasyni, smiðum í Grundarfirði, 1. september þar sem þeir bjóðast til að byggja grunn undir skólahúsið fyrir kr. 55.000.-

Á fundi 21. september er fallið frá tilboðinu, en þeim félögum boðið að vinna verkið eftir uppmælingu.

Varðveisist hefur á spólu frásögn Halldórs um mikið reiptog sem varð um það, hvort ætti að vera í fyrirrúmi skólabyggingin eða höfnin. Í hjarta sínu vildi Halldór frekar koma skólanum áfram, ef annað verkefnið þyrfti að víkja fyrir hinu, enda eindreginn málsvari þess að efla allt skólahald eins og mest hann mátti. Hins vegar voru fyrirferðarmiklir útgerðarmenn, vinir Halldórs, á önd-verðri skoðun. Þá brá Halldór á það ráð að hringja í vin sinn Emil Magnússon og spurði hann ráða. Það stóð ekki á svarinu: „Þú skalt fara þínú fram, þeir frændur Guðmundur Runólfsson og Soffanías og aðrir frekjuhundar í flokki útgerðarmanna munu ekki liggja á liði sínu til að fá peninga í höfnina ef nokkuð skortir.“ Þetta þótti Halldóri þjóðráð og hélt sínu striki, enda gekk allt eftir, bæði höfnin og skólinn skiluðu sér í tæka tíð.

Árið 1958, sem er fyrsta ár Halldórs í starfi oddvita, virðist vera mikil gróska í Grundarfirði, margir fundir haldnir, ýmist heima hjá oddvita, í Samkomuhúsinu eða úti í Verbúðum.

29. sept. er ákveðið að smiða ker fyrir höfnina, 12x12m, og 25. okt. er samþykkt tilboð frá Jeremíasi Kjartanssyni um sorphirðingu í þorpinu.

Kjördæmabreytingin 1959 hefur í för með sér nýjar áherslur og samvinna á milli sveitarfélaga fer vaxandi. Sveitarstjórnin á við fimm þingmenn að eiga í

stað eins áður. Oddvitinn skrifar þeim öllum, sem er nýlunda og kynnir efni bréfsins á hreppsnefndarfundi. Þar er lögð megináhersla á fjárveitingar til vegagerðar í sveitinni, en þó einkum í Búlandshöfða, og brúar yfir Hraunsfjörð, sem er fyrsti fjörðurinn á Íslandi, sem er brúaður. Á þessu ári er Norðurgarðurinn lengdur um 20m og fremsti hlutinn eða hausinn breikkaður úr 10 í 12m. Áfram eru bornar fram óskir um fjárveitingar til frekari hafnargerðar og nauðsyn þess rökstudd.

Skólabygging er hafin fyrir alvöru og menn gera sér vonir um að unnt verði að ljúka framkvæmdum á næsta ári og óska eftir fjárveitingum í samræmi við það.

Á næstsíðasta degi ársins 1959 koma hreppsnefnd og hafnarnefnd til fundar í Verbúðunum og þar gerir oddviti fundarmönnum grein fyrir því að hafnarframkvæmdirnar hafi staðist áætlun og kostnaðurinn hafi verið rúmar kr. 1.800.000.- Daginn eftir koma sömu menn saman á skrifstofu HG hf. og að auki nokkrir skipstjórar, sem ákváðu að næstu framkvæmdir við höfnina fælust í því að gera garð út af Fuglasnaga. Þetta gekk þó ekki eftir.



Nýr barnaskóli var tekinn í notkun um áramótin 1961–62. Ljósm.: Halldór Finnsson.

Sömu viðfangsefnin eru til úrlausnar árið 1960. Á fundi hreppsnefndar 17. mars er ákvörðun tekin um að oddviti Halldór Finnsson og Kristlaugur Bjarnason varaoddviti fari suður til að hitta þingmenn, vegamálastjóra og aðra ráðamenn og bera fram eftirfarandi kröfur hreppsnefndar um fjárveitingar til margvíslegra framkvæmda:

1. kr. 600.000.- til vegagerðar í Búlandshöfða,
2. kr. 400.000.- í Eyrarsveitarveg,
3. kr. 150.000.- í Framsveitarveg,
4. kr. 500.000.- til hafnargerðar,
5. kr. 200.000.- til byggingar barnaskóla.
6. Að þegar verði hafin smíði brúar yfir Mjósund og því lokið um sumarið.

Um áramótin 1961-1962 rennur upp sú langþráða stund, að nemendur barnaskólans og skólastjóri og kennaralið hans ganga í skrúðfylkingu frá Samkomuhúsinu, eins og leið liggur í nýja skólahúsið, sem lengi hafði verið beðið eftir. Urðu mikil umskipti til hins betra með allt skólahald, þótt ekki liði langur tími þar til nýja húsið var orðið of lítið, því mikil fólksfjölgun var í Grundarfirði á þessu og næstu árum.

Í sveitarstjórnarkosningunum 1962 hafði Halldór unnið sér þann sess, að hann mátti heita sjálfsagður leiðtogi sjálfstæðismanna.

Kosningu hlutu af A-lista Njáll Gunnarsson, bóndi, Suður-Bár, og Sigurður Lárusson, formaður verkalýðsfélagsins Stjörnunnar. En af D-lista þeir Halldór og Hörður Pálsson og Aðalsteinn Friðfinnsson, verkstjóri.

Halldór er kosinn oddviti á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar 25. júní og hlaut 3 atkv. en 2 sátu hjá. Hörður Pálsson er kosinn varaoddviti með sama hætti.

Á næsta fundi hreppsnefndar eða 29. júní er samþykkt í fyrsta skipti að veita kr. 25.000.- til smíði nýrrar kirkjubyggingar í Grafarnesi. Þá er einnig ákveðið framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, kr. 40.- á íbúa. Og til leikvalla kr. 20.000.- Eru þetta ný verkefni, sem verða í mörg næstu ár fastur liður á fjárhagsáætlun hreppsins.

7. nóv. er skýrt frá því að hreppsnefnd hafi skrifat bankaráði Útvegsbanka Íslands, þar sem farið er fram á að bankinn stofni útibú í Grundarfirði, sem er ætlað að þjóna öllu Nesinu.



Hreppsnefnd 1962–66. Ádalsteinn Friðfinnsson, Hörður Pálsson, Halldór Finnsson, Sigurður Lárusson og Njáll Gunnarsson. Ljósmynd: Bæring Cecilsson.

Hörður Pálsson flytur tillögu á sama fundi um að fenginn verði tannlæknir til að sinna skólabörnum.

Hér gera vart við sig nýjar áherslur hjá hreppsnefnd, og reynt er að hlýða kalli tímans, þótt gömlu verkefnin eins og höfnin séu alltaf á dagskrá.

Og enn eru ný mál á ferðinni á fundi hreppsnefndar 18. júní 1963, því á hann er mættur Bjarni Óskarsson byggingafulltrúi Vesturlands, til að aðstoða heima-menn við að koma betri skipan á öll byggingamál staðarins. Kosin var bygg-inganeftnd og skipaður byggingafulltrúi fyrir Grafarnes, sem var Guðbjartur Benediktsson, mýrarameistari.

Þá voru mættir Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi ríkisins, og Gísli Hall-dórsson, arkitekt og forseti ÍSÍ, þeirra erinda að huga að stækkan Samkomu-hússins og lögðu þeir fram uppdrátt af íþróttavelli í Ölkeldudal.

Á miðju ári 1964 samþykkir hreppsnefnd að kaupa af Þorkeli Runólfsyni erfðafestulandið Fagurhól með öllu því, sem fylgir og er kaupverðið kr. 55.000.-

Hafnarbætur eru á ný aðalviðfangsefnið 1965 og er samþykkt á fundi hreppsnefndar 15. júní að lengja bátabryggjuna (Litlu-bryggju) um 28m með nýrri aðferð, sem var fólgin í því að nota strengjasteypu á milli kers og bryggju. Halldóri Finnssyni og Soffaníasi Cecilssyni var falið að fara til Reykjavíkur til að véla um málið við Vita- og hafnamálaskrifstofuna.

Tekjur sveitarsjóðs fara nú mjög vaxandi á milli ára. Þannig hækka tekjur samkv. fjárhagsáætlun fyrir árið 1965 í kr. 3.710.000.- úr kr. 2.525.000.- árið áður og þjónustan við íbúanna verður fjölbreyttari og kostnaðarsamari, en yfirstjórin er í neðstu mörkum, aðeins kr. 250.000.-, og því einungis 4% af tekjunum.

Á hreppsnefndarfundi 15. janúar 1966 eru talin atkvæði, sem höfðu verið send út til íbúanna í þeim tilgangi að velja nafn á kauptúnið. Af 220 seðlum skiliuðu sér 145 seðlar og kusu 141 nafnið Grundarfjörður og 2 nafnið Framnes, en einn seðill var auður. Eftir þessa eindregnu kosningu var óskað eftir því við ráðuneyti félagsmála, að tekið yrði upp nafnið Grundarfjörður.

Halldór óskaði eftir því á þessum fundi að hreppurinn greiddi skrifstofu-stúlkuna hálft laun næstu 3–4 mánuði og var það samþykkt. Fram að þessum tíma hefur Halldór unnið öll störf á skrifstofunni einn.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 1966 er afgreidd á fundi 7. maí og hækka tekjur enn frá fyrra ári og eru komnar í kr. 5.000.000.- Hér gefur að líta framlög eins og kr. 100.000.- til kirkjubyggingar og jafn háa upphæð til bíosins.

Enn rennur upp kosningaár og er kosið sunnudaginn 22. maí. Voru nú eins og áður þrír listar í boði.

Halldór var sjálfkjörinn foringi sjálfstæðismanna eftir gott gengi og vaxandi hag þorra manna á því kjörtímabili, sem var að líða og hlaut listinn afgerandi og glæsilega kosningu. Kosningu hlutu af B-lista Jónas Gestsson, sem var endurkjörinn. Af D-lista Halldór og Aðalsteinn Friðfinnsson, sem voru endurkjörnir og Guðmundur Runólfsson, sem var nýr og varð fljótt gustmikill eins og vænta mátti og hann var kunnur fyrir.

Og loks af hinu nýja framboði G-lista Björn Guðmundsson húsasmíðameistari. Þrem dögum eftir kosningar kom ný hreppsnefnd saman og kaus Halldór oddvita og Guðmund varaoddvita. Athyglisvert er að Björn, annar minnihluta-máðurinn, stendur að þessu kjöri en Jónas situr hjá.

Þegar tekur að líða á þetta ár fara erfiðleikar Hraðfrystihússins aftur að koma á borð hreppsnefndar og eru málefni fyrirtækisins til umfjöllunar á fundi



Hreppsnefnd 1966-70. Áðalsteinn Friðfinnsson, Guðmundur Runólfsson, Halldór Finnsson, Jónas Gestsson, Björn Guðmundsson. Ljós.: Bæring Cecilsson.

29. október og aftur á sérstökum fundi 10. nóvember, þar sem mættir eru, auk hreppsnefndarmanna, framkvæmdastjóri HG hf. og stjórnarmenn allir nema einn.

Halldór leitar eftir svörum um fjárhagserfiðleika fyrirtækisins og möguleika þess til að rétta úr kútnum og hefja vinnslu á ný eftir að það hefur verið lokað um tíma.

Húnþogi Þorsteinsson, kaupfélagsstjóri og formaður stjórnar, kvað enga skjóta úrlausn vera í sjónmáli, nema ef Atvinnujöfnunarsjóður hlypi undir bagga. Halldór E. Sigurðsson alþingismaður tók undir þetta.

En Guðmundur Runólfsson sá þennan vanda frá öðrum sjónarhóli og gagnrýndi það að yfirstjórnin væri meira og minna komin úr höndum heimamanna og hefði þar af leiðandi enga yfirsýn á reksturinn og taldi það ekki góðri lukku stýra.

Umræðan þessa myrku haustdaga var því miður aðeins vísirinn að því, sem í vændum var, því þótt rífandi gangur hafi verið í atvinnulífinu lungann úr árinu, þá skipaðist skjótt veður í lofti.

Erfið ár

Eftir mörg uppgangsárár og stöðugar framfarir, fólksfjölgun, miklar húsbyggingar og alls konar opinberar framkvæmdir, þar sem fólkvið í Grundarfirði gekk yfirleitt götuna til góðs fram eftir veg, fór nú að syrta í álinn. Erfiðleikar gerðu vart við sig hvarvetna um landið, enda lækkaði verð á sjávarafurðum gífurlega, síldin var horfin og hver gengisfellingin rak aðra. Á þessum árum var uggur í mönnum, því í kjölfar þessara atburða féll kaupmáttur lauma meira en um einn tíunda og rauntekjur enn meira vegna minnkandi atvinnu. Atvinnuleysi hafði tvöfaldast í landinu á skömmum tíma og framleiðsla hafði víða stöðvast og sum fyrtækni urðu gjaldþrota.

Þessar aðstæður voru síst betri í Grundarfirði en annars staðar á landinu, nema síður væri, og er gleggsta vitnið um þetta, eins og getið er í fundargerðarbók hreppsnefndar, að afli í Grundarfirði hafi árið 1967 verið 62% minni en árið 1965. En auk þess hafði verðfallið á sjávarafurðum enn frekari áhrif til hins verra. Það er í fyrsta skipti á árinu 1967 að fólk skráir sig á atvinnuleysisskrá, en þar eru um þessar mundir 23 einstaklingar.

Halldór Finnsson var ekki öfundsverður af því að vera oddviti á þessum tíma, því allt gerist í senn, tekjur sveitarfélagsins minnka, einnig fyrtækja og einstaklinga og sífellt verður örðugra að ná inn þeim litlu tekjum, sem þó voru til staðar. Öll járn standa á hreppsnefndinni og þó einkum oddvitanum, sem sífellt fær erindi um að auka hlutafé hreppsins í Hraðfrystihúsinu, leggja fram ábyrgðir fyrir lánum til atvinnurekstrarins á staðnum og þar fram eftir götunum. Í árslok eða 21. des. er samþykkt á hreppsnefndarfundi að ábyrgjast stórt láan til HG hf. frá Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Borgarafundir voru haldnir og menn tókust á víða í þessu litla og að öðru jöfnu friðsæla samfélagi um hvern veg skyldi leysa atvinnumálin og erfiðan fjárhag sveitarfélagsins. Skiptust menn einkum í tvær fylkingar og vildi önnur slá striki yfir skuldasöfnun HG hf. og hefja nýjan rekstur. En hin taldi að ekki væri takandi sú áhætta, að fyrtækvið, sem var burðarásinn í atvinnulífinu á staðnum, yrði stöðvað, því mikil hætta væri á að það kæmist ekki af stað aftur með ófyriðjánlegum afleiðingum. Fyrir utan þennan ágreining blönduðust stjórnmalin og aðrir hagsmunir inn í deiluna, þar sem einstaklingshyggjumennir voru annars vegar og samvinnumenn og vinstrimenn hins vegar, þótt rétt sé að taka fram að engin skýr skil voru til í þessum deilum.



Eftir góða veiði í Svartá 1962.

Enginn vafi leikur á því að þessi núningur allur fór mjög illa með Halldór Finnsson og var heilsa hans og þrek mjög þverrandi, þegar hér var komið sögu, því hann fann mjög fyrir þeirri ábyrgð, sem á honum hvíldi og skoðanir hans fóru í bága við vilja margra bestu vina hans. Hann vildi í engu, ekki frekar en Kolskeggur forðum, níðast á því, sem honum var trúð fyrir og létt eigin dómgreind og samvisku sína ráða för og gekk í lið með þeim, sem vildu enn reyna á það að HG hf. næði vopnum sínum með stuðningi og fjárrframlagi hreppsins.

Nú var þróngt í búi sveitarsjóðs og góð ráð dýr. Varaoddvitinn, Guðmundur Runólfsson, flytur djarfa tillögu á fundi hreppsnefndar 22. okt. 1968 í fjarveru Halldórs Finnssonar, en án nokkurs vafa í samráði við hann.

Lagt er til að leggja á 20% aukaútsvar og fá síðan kr. 1.200.000.- aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sveitafélaga. Slík hækkun útsvars var ófrávirkjanleg forsenda fyrir aukaframlaginu og því ill nauðsyn.

Borgarafundur felldi þessa tillögu með miklum mun skömmu síðar eða 5. nóv. og átti þessi tillaga formælendur fáa á fundinum, enda lítt til vinsælda fall-in. En engu að síður hélt hreppsnefndin sínu striki og þetta gekk eftir, en slík

aðgerð undirstrikar þá miklu erfiðleika, sem var við að fást á þessum tíma, og sýnir þann mikla kjark, sem var vissulega til staðar í hreppsnefnd, til að höggva á þennan Gordíonshnút, sem örlögin höfðu riðið þessu litla sjávarplássi.

Það er fyrst árið 1968, sem Halldór fær föst laun fyrir störf sín, því á hreppsnefndarfundi 10. febrúar það ár flutti Elís Guðjónsson varamaður tillögu um þetta efni, sem er síðan samþykkt á fundi 5. júní og voru launin ákveðin kr. 22.000.- á mánuði. Fram að þessu voru launin reiknuð viss hundraðshluti af innheimtum tekjum.

Næsta ár líður þannig að sveitarfélagið og allt samfélagið heldur sjó, en heldur batna aðstæður frekar en hitt. Áfram er unnið við ýmis smáverkefni og hafin smíði á skólastjórabústað og ýmislegt fleira er gert. Hugsað er til framtíðar og skipulag kauptúnsins fært til nútíma horfs. Allar lóðir eru mældar upp og gerður nákvæmur uppdráttur af þeim og varð Grundarfjörður fyrsti þéttbýlisstaður á öllu landinu til að koma sínum skipulagsmálum í þetta horf. Verkið unnu Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur og aðstoðarmaður hans, Guðjón Torfi Guðmundsson verkfræðingur. Sveinn Torfi dáðist mikið að skilningi Halldórs á þessum málum og var þetta góður og reyndar nauðsynlegur undirbúningur fyrir þá miklu gatnagerð, sem síðar varð.

Petta ár verður Eyrarsveit þáttakandi í stofnun Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og eru þeir kosnr fulltrúar á aðalfund, Halldór, Aðalsteinn Friðfinnson og Jónas Gestsson.

Meiri hlutinn fellur 1970

Kosningar gengu í garð 1970 með öllum sínum undirbúningi og kryddi í tilveruna eins og þeir einir þekkja, sem kynnst hafa því starfi í Grundarfirði.

Þannig fór, sem margir þóttust sjá fyrir, að meiri hluti sjálfstæðismanna féll og var það sögulegur atburður í Eyrarsveit. Vissulega var þetta Halldóri mikil í áfall, þótt hann hafi allt eins getað reiknað með þessum úrslitum, því mikil þreyta var farin að gera vart við sig í stjórn hreppsins.

Kosningu hlutu af B-lista Jónas Gestsson, útibússtjóri, og Sigurberg Árnason, smiður. Af D-lista Halldór Finnsson og Aðalsteinn Friðfinnsson, verkstjóri, og af G-lista Sigurvin Bergsson, fiskmatsmaður.

Nú skyldi maður ætla að minnihlutinn, sem áður var, tæki nú höndum saman og myndaði langþráðan og nýjan meirihluta. En þannig gekk það ekki fyrir sig. Halldór gerir þau meginmistök að taka kosningu í oddvitakjöri, þótt heilsa hans og úrslit kosninganna hafi hreint ekki boðið upp á það, en líklega hefur hann talið það skyldu sína, að skorast ekki undan kjöri.

En allt eins er líklegt að það hafi verið svo brennt inn vitund æði margra að Halldór væri einn fær um að sinna þessu starfi og því væri rétt að hann héldi því áfram, þrátt fyrir allt og allt. Það sagði undirrituðum ágætur maður og andstæðingur Halldórs í pólitík, að það væri ómögulegt að koma því inn hjá sínu fólk i að einhver annar en Halldór Finnsson gæti verið oddviti.

En svo fór að Halldór sagði af sér á fundi 12. ágúst 1970 og sjálfstæðismenn og framsóknarmenn mynduðu meirihluta með Jónas Gestsson fyrir oddvita. Sigurvin Bergsson, sem var varaoddviti óskaði eftir því að verða leystur frá því embætti. Halldór var kjörinn varaoddviti og samkomulag var gert um það meðal meirihlutans að ráða Árna Emilsson í starf sveitarstjóra og á sama fundi er samþykkt reglugerð fyrir sveitarstjóra í Eyrarsveit, sem hreppsnefnd samþykkti samhljóða. Ennfremur hafði meirihlutinn nýi þegar lagt drög að því hvern veg ráðið skyldi í önnur veigameiri störf hjá sveitarfélagini.

Segja má að þessi mál hafi tekið aðra vendingu en ráða hefði mátt af úrslitum kosninganna, en staðfesti hins vegar það, að illt er að ráða í spilverk stjórn-málanna.

Nú kom kærkomið tækifæri fyrir Halldór að draga sig í hlé og hvíla sig og eða sinna starfi sparisjóssstjóra, sem var sífellt meira og meira krefjandi. Hann mætir ekki á hreppsnefndarfundi frá 12. okt. 1970 til 10. maí árið eftir, sem undirstrikar að hann þurfti svo sannarlega á hvíld að halda. Í raun kastaði hann mæðinni þetta kjörtímabil en létt til sín taka, þegar honum þótti ástæða til og var ævinlega tilbúinn að veita óreyndum sveitarstjóra alla aðstoð, þegar eftir var leitað. Þetta kjörtímabil leið þannig að Halldór létt yngri mönnum eftir að fást við ný viðfangsefni, en var sjálfur til taks, þegar menn vildu njóta víðtækrar reynslu hans.

Nú fóru í hönd gjöfulli ár og hjól atvinnuveganna tóku að snúast með eðli-legum hætti og hagur manna tók að vænkast á ný.

Meirihlutinn endurheimtur

Að fjórum árum liðnum er Halldór Finnsson enn á ný kjörinn til að leiða lista sjálfstæðismanna í sveitarstjórnarkosningunum 1974. Hann hafði þá safnað þreki og kröftum og var albúinn að gefa sig í þetta þjark í eitt kjörtímabil í viðbót, enda aðeins fimm tugur að aldri og hættur í hinu daglega amstri, en er tákni hins trausta og virðulega manns, sem menn treystu fyrir forsíða sinni, ekki síst þeir, sem voru á miðjum aldri og eldri.

Halldór Finnsson var ekki mælskumaður, sem kallað er. En hann hafði þekkinguna ætið sín megin og var því meiri og öflugri fundarmaður en margir áttuðu sig á. Því sóttu fáir gull í greipar hans, sem hugðu þar auðsótt.

Halldór fór fyrir sínu liði, sem hafði glæstan sigur og sjálfstæðismenn endurheimtu meirihluta sinn á ný.

Halldór Finnsson lýkur að kalla sveitarstjórnarferli sínum þetta kjörtímabil 1974–1978. Hann er kjörinn oddviti á ný og er þáttakandi af lífi og sál á einhverju mesta framfaraskeiði í Grundarfirði fyrr og síðar og endar sitt starf sem oddviti með mikilli reisn.

Eins og veðrattan er pólitíkin sviptivindasöm í Grundarfirði. Maður í stöðu Halldórs komst ekki hjá því að fá sinn skerf af þeim núningi sem myndaðist í kringum þá, sem fara með völd og þurfa að taka ákvarðanir. En Halldór komst vissulega heilskinna frá þeim hildarleik, ekki síst vegna þess að Grundfirðingar vissu hvern mann hann hafði að geyma.

Halldór kom víða við og lét muna um sig hvarvetna, sem hann lagði hönd á plóg. Hér er aðeins stiklað á stóru og reynt að varpa nokkru ljósi á störf hans á vettvangi sveitarstjórnar eins og þau komu mér fyrir.

Með Halldóri Finnssyni er genginn merkilegur sveitarstjórnarmaður, sem vann byggðarlagi sínu allt. Við andlát hans fannst mér eins og Grundarfjörður hefði brugðið lit.

Garðabæ, júní 2001,
Árni M. Emilsson

Bára Pétursdóttir

Vísur um tískuna 1974

Sérhvert ár í Eyrarsveit á sína fatatísku. Gera má ráð fyrir að þannig hafi verið ár og síð um heim allan. Árið 1974 er þar engin undantekning. Báru Pétursdóttur varð það að yrkisefni á þeim tíma.

Tískan hefur töfrað marga sál,
tekjur manna víst hún rýrir.
Mörgum manni hleypir hún í bál.
Margri konu alla ævi stýrir.

Pilsin okkar aldrei lét í ró,
upp og niður vill hún með þau rokka .
Stundum ná þau alveg niður á skó
og stundum upp fyrir allra hæstu sokka.

Eitt sinn þótti ósiðlegt að sjá
ökkla fríða undan faldi kjóla.
Niður á læri naumast nú þau ná
næðingssöm þó um þig blási gjóla.

Ef yngismey fór út að ríða þá
aðskorin var treyja um mitti svanna.
Með lærapoka laglegt þótti að sjá
og leggina svo nettvaxna og granna.

Hér áður fyrr var ullin talin holl
 á innri fatnað kvenna jafnt og karla.
 Nú klæðast þau frá tám og upp á koll,
 klæðnaði sem skjólgóður er varla.

Og náttkjólnir náðu niður á tær
 svo nálega þeir máttu konu hylja.
 Í baby-doll nú blundar yngismær
 og best er að sem minnst það fái að dylja.

Og gegnsæ eru alveg eins og gler,
 þau gerast núna fötin okkar fínu.
 Í tísku ef nógu mikið nakið er
 og nógu mikið sést af holdi þínu.

Og fyrr á árum þótti fínt og flott,
 ferleg pilsin krínólíni að þenja.
 Að sitja í þeim sýndist ekki gott,
 svo lagðist niður þessi pilsavenja.

En oftast nær þá auðvelt var að sjá
 hvort þar fór yngismeyja eða drengur.
 En nú er ekki mikill munur á
 og mikið ef það sér það nokkur lengur.

Því táningarnir fóru að taka sér
 tísku upp úr gömlum kokkabókum.
 Með litrík bindi og lausa skyrtu er
 en lokka síða og níðaþróngum brókum.

En ætli komi ekki brátt að því,
 áður en nokkurn tískufrömuð varir,
 að öll við viljum spóka okkur í því
 er Adam og Eva höfðu fyrir spjarir.

Gamlar ljósmyndir frá Grundarfirði



Myndin er tekin á útmánuðum 1943 við Litlu-bryggjuna. Frá vinstri: Óliver Bárðarson, Gröf, Jón Jónsson (nefndur stutti), sonur Jóns Helgfellings, Kristján Jónsson, Eiði, Þorkell Runólfsson, Fagurhól og Nói Jónsson, Vindási. Ljósmt.: Sigriður Pálssdóttir.

Grafarnes 1943. Ljósm.: Ása
Finnsdóttir.




Grafarnes 1943. Ljósm.: Ása
Finnsdóttir.



Grafarnes 1932. Ljósm.: óþekktur.





Við suðurgafl Hraðfrysstiðhúss Grundarfjardar standa Ingjaldur Sigurðsson, Sigurður Stefánsson og Björn Lárusson.
Ljósm.: Jón Hansson.



Stakkasund á sjómannadaginn. Óvist hvenær myndin er tekin eða hver tók. Takið eftir íshúsunum f Gilósi.

Gunnar Kristjánsson

Höfnin í Grundarfirði

- uppsprettu mannlífs á staðnum

**Ágrip af sögu hafnargerðar í Grundarfirði
fram til ársins 1959**

Upphaf

Til að lenda báti og landa fiski þótti betra að hafa einhverja viðlegu. Oft var það fjrusteið eða klettur í fjrúborði með nokkru aðdýpi. Þegar slíku var ekki til að dreifa eða framkvæmdasamir menn vildu hafa áhrif á lendingarstað var útbúin viðlega af manna höndum. Í Grafarnesi hafði ekki verið hugað að slíkum lendingarbótum fyrr en á árunum 1906-10 en á þessum árum byggir Jóhannes Jónsson Neshúsin svökölлуðu og skans til löndunar á fiski. Jóhannes þessi keypti lóðina af Pétri A. Ólafssyni frá Skarðsstað á Skarðsströnd. Pétur hafði áður keypt hluta úr Grafarlandi 1897 eða sama ár og verslunarstaðurinn er fluttur af Grundarkampi í Grafarnes. Pétur mun hafa keypt með það í huga að norskir hvalveiðimenn hefðu þar aðstöðu en af því varð reyndar aldrei. Lít-ið varð úr áformum Jóhannesar og soldi hann lóðina með mannvirkjum aftur árið 1914 til Péturs A. Ólafssonar sem þá býr á Patreksfirði. Pétur þessi reyndi fyrir sér með verslun á staðnum og var Benedikt Benediktsson, afi Óttars verslunarmanns í Blómsturvöllum á Hellissandi, verslunarstjóri hér um hríð. Árið 1920 er Grafarnesið með öllum húsum og mannvirkjum selt Jóni Hallgrímssyni frá Bakka í Arnarfirði. Sjö árum síðar kaupir Sigurður Þorsteinsson útgerðarmaður Grafarnesið ásamt Hannesi Jónssyni dýralækni af syni Jóns er Gísli hét og síðar var alþingismaður. Sigurður Þorsteinsson hóf hér útgerð með tveimur litlum vélbátum og rak auk þess einhverja verslun. Sigurður byggir hér skans árið 1931 sem hlaðinn var úr grjóti og þar mun vera fyrsti vísirinn að núverandi Litlu-bryggju. Þegar unnið var að framkvæmdum við höfnina fyrir



Fyrsta bryggjan var hlaðin. Greinilega má sjá hleðsluna á þessari mynd sem Ingi Hans Jónsson tók.

nokkrum árum var grafið niður á þessa grjóthleðslu skammt vestan og norðan við núverandi Hafnarhús (vigtarskúr) sem að öllum líkendum stendur á mjög svipuðum stað og gömlu Neshúsin.

Landamerki Grafarness

Til að átta sig örlítið betur á því hvaða land er verið að tala um, sem gekk þarna kaupum og sölum, er rétt að líta á mörk þessa lands og í leiðinni nokkur örnefni.

Sá hluti sem keyptur var úr landi Grafar 1897 markast að austan af Kattarsnaga frá laek sem rann norðan við Götuhús en til vesturs nær landið að Gildrtunga sem er vestan við Torfabót. Land þetta náði síðan upp að sýsluveginum sem þá lá þvert yfir nesið, örlítið neðan við núverandi Grundargötu. Landspildunni fylgdi einnig hluti af Grafarkampi. Landspilda þessi kemst í eigu Ríkissjóðs 1939 þegar Sigurður og Hannes selja og hefur verið það síðan.

Staðreyndir frá Vita- og hafnamálastofnun

Í skýrslu frá Atvinnutækjanefnd til Vita- og hafnamálastofnunar í tengslum við gerð 10 ára hafnaráætlunar árið 1960, er fjallað um gerð hafnarmannvirkja í Grundarfirði. Atvinnutækjanefnd þessa skipuðu Gísli Guðmundsson, Birgir

Finnsson og Tryggi Helgason. Þar kemur fram að skýrslan var að stærstum hluta unnin af Sigurði Ingvasyni stud. polyt. En hér koma nokkrar staðreyndir skýrslunnar sem varða hafnargerð í Grundarfirði.

Árið 1932 var byggður í Grafarnesi bryggjustúfur, sem ekki var hægt að leggjast við nema á flóði. Bryggja þessi var gerð úr grjóti og steypu, og var 8x14 metrar að flatarmáli (112 fermetrar). Árið 1934 var bryggjustúfurinn lengdur um 19 metra en breidd framlengingarinnar var 5m. Útveggirnir eru úr steinsteypu með grjótfyllingu á milli og steyptri þekju.

Árið 1934 var bryggjan lengd um 10 metra á sama hátt og náði þá nokkuð fram fyrir stórstraumsfjöruborð og síðan aftur um 10 metra árið 1946 og náði þá fram á eins metra dýpi.

Árið 1954 var svo bryggjan lengd um 5,5 metra en jafnframt breikkuð öll til suðurs í 8 metra. Veggir eru úr steinsteypu en undirstöður neðan við fjöruborð úr pokasteypu. Þekja var steypt. Þetta sama ár var hafin smíði verbúða í Grafarnesi. Lokið var við þá byggingu árið 1957. Húsið er úr steinsteypu, 3 hæðir og 322 fermetrar. Var í verbúðunum gert ráð fyrir aðstöðu fyrir 8 báta og seinna meir gistiaðstöðu og mótneyti fyrir vertiðarfólk. Þar er nú Hótel Framnes í Grundarfirði.

Hafskipabryggjan

Árin 1942–43 voru framkvæmdir við fyrsta áfanga hafskipabryggjunnar í Grafarnesi. Er hún byggð austar úr nesinu um 40 metrum norðan við bátabryggjuna. Í þessum fyrsta áfanga varð hún 64 metrar á lengd og 7 metrar á breidd. Bryggjan var þannig gerð að hliðarveggir voru steyptir en grjótfylling á milli þeirra. Þekjan var síðan steypt. Árið 1946 er hafskipabryggjan lengd um 22 metra eða fram á 3 metra dýpi. Var það nú gert á þann hátt að steinsteypukeri 7x7 metra, var sökkt 15 m frá bryggjuenda og steyptir útveggir þar á milli. Hollrúum voru síðan fyllt af grjóti og þekja steypt yfir. 1953 er enn bætt á sama hátt og áður 15 metrum við hafskipabryggjuna og nú með 10x10 metra keri og breikkaði þar með fremsti hluti bryggjunnar um 3 metra. 1959 er enn bætt við bryggjuna og nú 20 metrum með 12x12 metra kari og í leiðinni er hluti bryggjunnar breikkaður í 12 metra þannig að eftir þær framkvæmdir eru 40 metrar af fremsta hluta bryggjunnar 12 metra breiðir.



Neshúsin og Litla-bryggja. Hér er horft til norðurs á Neshúsin og Litlu-bryggju og heimildir herma að sá sem stendur á bryggjunni sé Guðmundur Runólfsson.

Hreppsnefndarfundir

Við skulum líta aðeins í fundargerðir hreppsnefndar frá þessum tíma bryggjuframkvæmda í Grafarnesi. Fundargerðir hvers tíma eru miklar samtímaheimildir og í þeim leynist mikill fróðleikur en það getur oft verið ærin vinna að finna út hvort samþykktir og bókanir hafi náð fram að ganga. Það var því mikils virði að fá áðurgreinda samantekt um hafnarframkvæmdir í Grundarfirði frá Vita- og hafnamálastofnun.

23. nóv. 1932 er Hannes Jónsson dýralæknir í Reykjavík mættur á fund hreppsnefndar sem fulltrúi eigenda þess lands þar sem hafnarframkvæmdir skulu gerðar. Hafði hann um það góð orð að leggja fram fé móti sveitarsjóði til framkvæmdanna en 3000 kr. voru á fjárlögum ríkisins þetta árið til bryggjugerðarinnar í Grafarnesi og til þess ætlast að sveitarfélagið og landeigendur leggðu jafnháa upphæð að mörkum. Hafði Hannes hug á því að fá á móti tekjur af höfninni til hálfss á móti sveitarsjóði. En í bókun séra Jósefs Jónssonar sóknar-

prests á Setbergi og ritara hreppsnefndar frá þessum tíma segir: „... býðst Hannes til að leggja fram jafnt á móti hreppnum, bæði í þetta sinn og í framtíð inni.“ Hannes skuldbatt sig reyndar einnig til að selja hreppnum sinn hluta bryggjunnar ef til sölu á landareign hans kæmi. Í hreppsnefndinni á þessum tíma eru auk séra Jósefs: Bárður Þorsteinsson, Gröf, oddviti, Páll Þorleifsson, Hömrum, og Ásmundur Jóhannsson, Kverná. Ljóst er af fundargerðinni þegar hún er skrifuð að lendingarbætur hafa þá þegar verið gerðar og ber því saman við það sem segir um framkvæmdir í skýrslu Atvinnutækjanefndar en í fundargerð hreppsnefndar frá þessum tíma má lesa þetta: „Nefndinni duldist ekki að lendingarbætur þær sem þegar eru komnar væru til mikilla bóta, en ekki væru þær fullnægjandi ...“ og það er sr. Jósef sem stýrir pennanum og heldur áfram: „Stærri mótorbátar geta eins og nú er komið lagst þar að ef hátt er sjávað en annars ekki.“ Af hálfu hreppsnefndar var því ákveðið að knýja á um meira fjármagn. Var oddvita falið að skrifa Alþingi og knýja á þingmanninn sem þá var Halldór Steinsson í Ólafsvík. Svo virðist sem Hannesi dýralækni hafi ekki gengið vel að reiða af höndum fjármagnið sem hann lofaði til framkvæmdanna 1932 því 11. janúar 1933 fer hann fram á að hreppurinn láni honum sinn hluta framlagsins eða kr. 1500 gegn veði með 1. veðrétti í Grafarnesi, þ.e. jörð og eignum sem á landinu standi. Hreppsnefndarmenn samþykktu þetta gegn mótatkvæði sr. Jósefs sem vildi ekki að hreppurinn tæki lán til að lána Hannesi.

Fyrsta gjaldskrá verður til

Hinn 14. mars 1934 er samin og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar gjaldskrá fyrir höfnina í Grafarnesi. Í samþykkt hreppsnefndar frá þessum tíma stendur: „Þeir mótorbátar sem stunda fiskiróðra og nota bryggjuna til að kasta upp á hana fiski til aðgerðar eina vertíð eða lengur á hverju ári skulu greiða gjald til Bryggjusjóðs Eyrarsveitar sem hér segir:

1. gr.

1. Bátar frá	20–40 rúmlestir	kr. 50
2. Bátar frá	10–20 rúmlestir	kr. 25
3. Bátar frá	5–10 rúmlestir	kr. 10
4. Opnir trillubátar		kr. 5



Neshúsin stóðu á svípuðum stað og vigtarskúrinn stendur nú. Elsti hluti þeirra (háa húsið til vinstri) er fyrsta húsið sem byggð var í byggðarlaginu 1906–1910. Til haugri sést Svartiskál sem brann 3. júní 1952. Svartiskál átti sér nokkuð merka sögu en húsið var flutt í Grafarnes af Kvíabryggju 1931 eða 1932. Áður hafði það staðið á Grundarkampi en þangað hafði það verið flutt úr Reykjavík. Mennirnir tveir í forgrunni myndarinnar eru Jens Kjartansson og Sigurjón Guðlaugsson. Myndin er tekin 1948. Ljós.: Jón Hansson.

2. gr.

Af öllum vörum bæði innlendum og útlendum sem fluttar eru eftir bryggjunni skal greiða gjald sem hér segir:

- | | |
|---------------|-------------------------|
| 1. af kolum | kr. 50 hverri smálest |
| 2. af sementi | kr. 50 hverri smálest |
| 3. af salti | kr. 50 hverri smálest " |

Áfram haldið með bryggjuna

Pann 13. júní 1934 erum við stödd á fundi hreppsnefndar og þar skrifar sr. Jósef: „... ræddi hreppsnefnd um lendingarbætur þær sem nú er verið að gera í Graf-

arnesi, stækkun bryggjunnar þannig að hún verði fullkomin bátabryggja.“ Vitnar hann í fyrri samning við Hannes dýralækni sem lofaði greiðslu til jafns við hreppinn og óskar eftir efndum hans. Því má skjóta inn til gamans að á sama fundi er tilkynnt um að ljósmóðir hafi verið ráðin til Grafarness. Þar var komin Bergþóra Sigurðardóttir sem átti eftir að hjálpa mörgum Eyrsvéitungnum og verðandi sjómanni í heiminn í mörg ár upp frá því.

Vísir að bæjarútgerð?

Útgerð er mönnum hugleikin en fjármagn er afl alls sem þarf til að hrinda hugmyndum í framkvæmd.

Á almennum hreppsfundi þann 29. desember 1934, en sá fundur er haldinn í þinghúsini að Grund, koma atvinnumál til umræðu ásamt öðrum þjóðþrifamálum sveitarinnar, s.s. vegamálum. Á þessum fundi var m.a. kosið í nefnd til að kanna möguleika á stofnun samvinnufélags um bátaútgerð og hrinda því í framkvæmd ef hægt væri eins og segir í fundargerðinni. Í nefndina voru kosnir skipstjórnarinn Finnur Sveinbjörnsson, Spjör, Ásmundur Jóhannesson, Kverná og Bergur Þorsteinsson, bóndi, Krossnesi. Eins og fram kom í fundargerð hreppsnefndar 13. júní 1934 var mönnum hugleikin frekari stækkun bátabryggjunnar en ýmsar ástæður, aðallega fjárhagslegar á krepputímum, réðu því að ekkert varð af frekari framkvæmdum um nokkurra ára skeið þrátt fyrir áskoranir og bónarbréf hreppsnefndar til Alþingis. Þann 29. maí 1939 skrifar Bjarni Sigurðsson, hreppstjóri á Berserkseyri og ritari hreppsnefndar, um frestun framkvæmda: „.... þangað til að ástæður eru fyrir hendi í sveitinni til að hefja verkið sem vænta má að verði tímanlega á árinu 1940.“

Hraðfrystihús í burðarliðnum

Ósagt skal látið hvort sú hugmynd sem fram kom á desemberfundinum 1934 var undanfari eða hafði eithvað með að gera þátttöku hreppsins í stofnun hlutafélags um byggingu hraðfrystihúss í Grafarnesi en á fundi hreppsnefndar 31. mars árið 1940 „urðu allmiklar umræður um hvort, eða á hvaða hátt, sveitarfélagið sem slíkt eigi að taka þátt í stofnun og framkvæmdum þess fyrirtækis“ (þ.e. Hraðfrystihússins og nú er það Bjarni á Berserkseyri sem stýrir pennanum). „Fundurinn samþykkir að fela hreppsnefndinni að leita fyrir sér um



Steinkeri sleppt. Hér má sjá þegar steinkeri er rennt niður og skuggarnir koma skemmtilega fram á kerinu. Myndasmiðurinn er Halldór Finnsson.

lántöku handa sveitarsjóði Eyrarsveitar að upphæð allt að kr. 12.000.00 ...“ og nokkru síðar: „... verði fé þetta ekki fáanlegt heimilar hreppsnefndin að taka á sveitarsjóð Eyrarsveitar ábyrgð á sömu upphæð ef með þarf.“ Á þessum sama fundi var gerður sérstakur stofnsamningur um rekstur og uppbyggingu hraðfrystihúss í Grafarnesi. Það varð síðan raunin að þau hús sem þá voru nefnd Grafarneshús voru sold Hraðfrystihúsinu árið 1942 en hús þessi eignaðist Eyrarsveit árið áður. Andvirði húsanna varð hlutur sveitarfélagsins í hinu nýja hlutafelagi auk viðbótarframlags í reiðufé.

Ljóst er að Hraðfrystihúsið var aflvaki og undirstaða aukinnar byggðar í Grafarnesi, framundan voru tímar uppgangs og kreppan að baki.

Á fundi sínum 15. jan. 1942 ræðir hreppsnefndin um þau plón sem þá liggja fyrir frá „Vitamálaskrifstofunni“ um hafnarmannvirki í Grafarnesi sem framkvæmdir hófust síðan við um vorið. Í fyrsta sinn er á þessum fundi farið að tala um stofnun sérstaks hafnarsjóðs fyrir höfnina í Grafarnesi. Árið eftir, 1943, þann 20. apríl, er í hreppsnefnd kosið í fyrstu hafnarnefndina en hana skipa

þeir: Finnur Sveinbjörnsson, Spjör, Páll Þorleifsson, Hömrum, og Bárður Þorsteinsson, Gröf.

Þetta sama ár er Pétur Sigurðsson í Bár ráðinn hafnarvörður, sá fyrsti í sögu hafnarinnar.

Kaup og kjör til umræðu

Hafnarframkvæmdirnar þörfnuðust mannafla og nú var kominn tími verkalýðsfélagsins sem vildi gæta hagsmunu umbjóðenda sinna. Á fundi sínum þann 24. maí 1943 samþykkti meirihluti hreppsnefndar að greiða „.... fullgildum verkamönnum við umrædda vinnu kr. 1,75 á klst. í dagvinnu, miðað við 60 stunda vinnuviku. Umframvinna greiðist með 25% álagi. Náist ekki samkomulag um þetta verði vinna við hafnarbæturnar ekki framkvæmdar frekar en orðið er á þessu ári,” skrifar Bjarni á Berserkseyri.

Árið 1945 tekur hafnarsjóður Grafarneß að sér afgreiðslu fyrir Skipaútgerð ríkisins og ræður hreppsnefndin Bárður Þorsteinsson í Gröf til að annast um hana. Þetta sama ár er ákveðið í hreppsnefnd að taka kr. 15 á klst. fyrir „rafmagnslyftuna á hafskipabryggjunni”.

Hreppsnefndin íhugar kaup á vörubifreið

Það var kominn hugur í menn varðandi hafnarframkvæmdir og á tímabili voru áform uppi hjá hreppsnefndinni um kaup á vörubifreið til að annast grjótflutninga en þann 22. maí 1945 má lesa í fundargerð að oddviti, Bárður Þorsteinsson, hafi gert sér ferð til Reykjavíkur til viðræðna við vitamálstjóra og í framhaldi af því samtali var ákveðið að hætta við kaup á vörubifreið. Það var hins vegar ákveðið að ganga til samninga við Ásgeir Kristmundsson, sem síðar var gjarnan nefndur vegaverkstjóri, að gera veg út á Nes en þar var nóg grjót í uppfyllingu bryggjunnar.

EKKI GENGUR SEM SKYLDI

Þrátt fyrir mikinn hug heimamanna gekk á ýmsu í framkvæmdunum við höfnina. Í hreppsnefndinni var deilt á verkstjórn og fjármunastjórn þess aðila sem



Stóra-bryggjan. Hér sér fram eftir Stóru-bryggju. Maðurinn sem horfir móti myndavélinni er Sveinbjörn Hjartarson. Íver skyldi eiga baksvipinn? Ljósm.: Jón Hansson.

ráðinn var til að stýra verkinu. Ýmislegt þótti dragast úr hömlu og Verkalýðsfélagið Stjarnan sendi sinn mann, Jóhann Ásmundsson, á fund hreppsnefndar með samþykkt í farteskinu þar sem meðal annars mátti lesa: „.... skorar fundurinn á hreppsnefnd Eyrarsveitar að hefja þegar hafnarvinnuna með eins mörgum mönnum og hægt er að koma að vinnunni.“ Þarna voru menn að mótmæla því hversu hægt undirbúningsvinna framkvæmdanna gekk. Þar var einkum um að ræða starf kafara sem var einn við sína undirbúningsvinnu. Í fundargerð hreppsnefndar frá 11. júní 1946 má lesa: „Þá er það ljóst að verði ekki tafarlaust, hafin vinna af fullum krafti, munu þeir verkamenn sem ráðnir voru til vinnunnar, og eru búnir að bíða vinnulausir nú í fullan mánuð, leita sér að vinnu annarstaðar ...“ og síðar í fundargerðinni skrifar Bjarni á Berserkseyri „.... leyfum við (hreppsnefndin) okkur að skora á vitamálastjórnina, að taka tafarlaust í taumana á þann hátt að senda hingað, verkfróðan mann, til að yfirlíta, það sem þegar hefir verið framkvæmt og segja fyrir um hvernig framhaldsframkvæmdum verði hagað“.

Þetta sama sinn eða þann 11. júní 1946 er upplesin áskorun Verkalýðsfélagsins til hreppsnefndar um að hreppsnefndin láti byggja verðbúðir fyrir 5-10 báta og til þess ætlast að þær væru tilbúnar þegar á næstu vertíð. Framkvæmdir við verbúðirnar hófust hins vegar ekki fyrr en átta árum síðar eða árið 1954 og lauk smíði þeirra árið 1957 og var þar aðstaða fyrir 8 báta.

Möguleiki á landshöfn og togaraútgerð

Á þessu ári (1946) var komin í gang umræða hjá hafnarmálayfirvöldum um landshöfn við Snæfellsnes og horft mjög til Rifs í því sambandi. Hreppsnefndin í Eyrarsveit boðaði til almenns hreppsfundar um málið og sendi frá sér áskorun þar sem þess var farið á leit við „... hið háa Alþingi, að láta fara fram mjög ýtarlega rannsókn á hafnarskilyrðum fyrir landshöfn við Snæfellsnes á fleiri stöðum en nú hafa verið athugaðir, áður en hafin er hafnargerð í Rifi“. Pað er ekki hægt að segja annað en hugur hafi verið í mönnum varðandi uppbygginguna í Grundarfirði. Á árunum 1947-1949 og ber hafnarbætur oft á góma í hreppsnefnd og tillögur og áskoranir sendar til stjórnavalda og þingmanna en hægar gengur með framkvæmdir en heimamenn kjósa. Á fundi í hreppsnefnd 1949 ræða menn um kaup á togara til Grundarfjarðar í tengslum við smíði nýsköpunartogara á vegum ríkisstjórnarinnar. Smíði 32 slíkra togara var hafin í Bretlandi 1945. Þorsteinn Ásmundsson á Kverná hafði ritað hreppsnefnd bréf þar sem hann telur sig geta útvegað 500 þúsund krónur til kaupanna sem var samkvæmt fundargerðinni um það bil það fjármagn sem sveitarfélagið myndi hafa þurft að leggja fram til togarakaupanna. Þarna kom þó berlega í ljós að þáverandi hafnarstæður myndu ekki leyfa slíka togaraútgerð en hreppsnefndin var einhuga um að sækja samt um kaup á slíkum togara þó það væri ekki nema til þess að þrýsta á um fjárveitingu til mannvirkjagerðar við höfnina.

Hafnarnefnd kosin og hafnarvörður

Á fundi sínum 1. júlí 1950 kýs nýkjörin hreppsnefnd í ýmsar nefndir á vegum hreppsins þar á meðal í hafnarnefnd en hana skipa: Finnur Sveinbjörnsson, Softanías Cecilsson og Guðmundur Runólfsson, allir búsettr í Grundarfirði



Kattarsnagi. Tanginn sem gengur fram í fjöruna neðan við Grundargötu 8 mun vera Kattarsnagi og þar liggja austurmörk Grafarnesslandsins.

eins og segir í fundargerðinni. Þar er jafnframt bókað að kosinn hafi verið hafnarvörður Bárður Þorsteinsson í Gröf.

Hin nýja hafnarnefnd lét fljótlega til sín taka og sendi erindi til hreppsnefndar og leggur til að „... skorað verði á þingmann kjördæmisins, (sem þá er Sigurður Ágústsson í Stykkishólmi), að fylgja því fast fram að fá riflegt framlag til hafnarbóta í Grafarnesi.“ Nefndin lagði jafnframt til að kannaðir væru möguleikar á því að kaupa steinker til lengingar á hafskipabryggjunni. Þá vildi nefndin að gerðar væru lagfæringerar viðvíkjandi löndunarskilyrðum og lýsingu á hafnarbryggjunum. Var þessu erindi vel tekið af hreppsnefnd sem samþykkti að skrifa þingmanni bréfið. Ári síðar er enn rætt um að skrifa þingmanni bréf út af sama máli og líka árið þar á eftir en lítið gerist hjá fjárveitingarvaldinu. Samhliða endurtekinni umræðu um framkvæmdir við höfnina koma gjaldskrármál til umfjöllunar, því hreppsnefnd vill sjá mannvirkin skila einhverju til baka. Hafnarnefndin leggur fram tillögur sínar um gjaldskrá sem teknar eru til

umræðu 17. janúar 1953 en frestaði afgreiðslu „... þar sem nokkrir liðir þörfn- uðust nánari athugunar ...“, segir í fundargerðinni. En þetta ár er loksns ráðist í lengingu hafskipabryggjunnar um 15 metra og hugmyndin um steinsteypt ker fær að rætast. Því fer fjarri að þar þyki mönnum nóg að gert en árið 1956 þegar ekkert hefur þokast áfram má lesa í fundargerð sem Emil Magnússon skrifar þann 6. nóv.: „Síðastliðin tvö ár hefur ekkert verið bætt við þau hafnarmann-virki sem hér eru fyrir. Á sama tíma hefur útgerð báta tvöfaldast og nú er svo komið að til fullkomenna vandræða horfir með aðstöðu þessara báta í höfninni. Vill hreppsnefndin benda á þá staðreynd að útflutningsverðmæti sjávarafurða héðan úr hreppnum hefur numið allt að 12 millj. króna hvort ár, 1955 og 1956.“

Atvinnuaukningarláni úthlutað

Á árinu 1954, þann 26. maí, er hreppsnefnd saman komin á fund í Grafarnesi og þar er verkefnið að úthluta til útgerða væntanlegu atvinnuaukningarláni að upphæð kr. 100 þús. sem vilyrði var þá fyrir að ríkissjóður myndi láta sveitar-félaginu í té. Fyrir lágu beiðnir frá þremur útgerðarfélögum sem öll fóru fram á 100 þús. krónur hvert og hreppsnefndin gat á þessum fundi ekki tekið fulln-aðarákvörðun og frestaði úthlutun til næsta fundar. Þá eru í hreppsnefnd: Bárður Þorsteinsson, Bjarni Sigurðsson, Pétur Sigurðsson, Soffanías Cecilsson og Kristlaugur Bjarnason. Á næsta fundi, þann 3. júní sama ár, er ákvörðun tek-in um lánveitinguna þannig að Hamrar hf. fái 50 þús., Grundfirðingur hf. sömuleiðis 50 þús. en á hinn böginn er samþykkt að takist Hjálmar Gunnars-syni að festa kaup á báti fyrir komandi síldarvertíð fái hann þau 50 þúsund en Grundfirðingi hf. verði þá útveguð jafnhá upphæð að láni á annan hátt segir í fundargerðinni.

Kaffihús við höfnina?

Þann 29. nóv. 1954 liggur fyrir hreppsnefndinni nokkuð nýstárleg beiðni. Þar var á ferðinni ósk Jóns Þorvaldssonar um að fá að reisa og reka kaffistofu í nágrenni hafnarinnar. Hreppsnefndin samþykkti þessa beiðni Jóns með þeim skilyrðum að þar yrði selt kaffi og brauð og að „... allur aðbúnaður fullnægi því að geta talist veitingastofa.“



Gildrutangi. Hér eru vesturmörkin, Gildrutangi við Torfabót neðan við húsið Sigurjóns Halldórs-sonar og Hildar Sæm.

Fundað í Verbúðunum

Á árinu 1958 eru hafnarframkvæmdir og mál sem þeim tengjast rædd á fundum hreppsnefndar og hafnarnefndar og fundarstaðurinn er Verbúðirnar sem þá eru nýbyggðar. Þá eru í hafnarnefnd Karl Stefánsson, Soffaníás Cecilsson og Bárður Þorsteinsson en í hreppsnefndinni Halldór Finnsson, Björn Lárusson, Hörður Pálsson, Njáll Gunnarsson og Kristlaugur Bjarnason. Á tveimur fundum, þann 29. september og 15. nóvember, er rætt um lengingu á hafskipabryggjunni og m.a lögð fram áætlun frá Vitamálastjóra um lengingu um 20 metra. Hafnarnefnd lagði til að viðbótin yrði 12x12 metra kar eða 2 metrum breiðara en gert var ráð fyrir í áætlun Vitamálastjóra. Á þessum tíma er farið að þrengjast heldur betur um legupláss og af þeim sökum er ákveðið að fá legustreng fyrir 5 báta nú þegar en bæta öðrum við síðar en jafnframt ákveðið að fá ekki löndunarkrana í þetta sinn. Þann 2. febrúar 1959 eru teikningar klárar að lengingu um 20 metra með 12x12 metra steinsteypukari og þær samþykktar af

hreppsnefnd og hafnarnefnd. Á sama fundi er samþykkt ný gjaldskrá fyrir höfnina með þeim fyrirvara að taka ekki nema hálf hafnargjald af skipum sem væru 2000 brúttólestir „... og stærri meðan hafnarmannvirki væru ekki betri en þau eru nú“.

Betri höfn sem alltaf má þó bæta

Það er komið að lokum þessarar samantektar. Það er ágætis tímapunktur að láta staðar numið eftir þær framkvæmdir sem unnar voru á árinu 1959. Þar var ákveðið skref stigið en framkvæmdum við höfnina var fjarri því lokið og enn þann dag í dag er þeim ekki lokið. Það er vel við hæfi að enda þessi skrif með úrdrætti úr fundargerð hreppsnefndar Eyrarsveitar frá 23. nóvember 1959 en á þeim fundi lagði oddviti hreppsnefndar, Halldór Finnson, fram bréf til umræðu sem hann hafði skrifað um helstu framfara- og áhugamál Eyrarsveituna og vildi fá um það umræðu í hreppsnefndinni áður en það yrði sent til þingmanna Vesturlands. Við grípum niður í kaflann um hafnarmál: „Á þessu ári var unnið að lengingu hafnargarðsins í Grundarfirði (Stóru-bryggju) um 20 metra og fremsti hluti hans breikkaður í 12 metra. Hafnargarðurinn þarf að lengjast um 30–40 metra svo öruggt sé fyrir öll skip að liggja við hann í vondum veðrum. Lenging þessi yrði til mikils hagræðis við útskipun og uppskipun, einkum þegar tekið er tillit til þess að vegur mun á næstunni verða opnaður til Ólafsvíkur og á milli staðanna verða ekki nema rúmir 20 km. Gætu þá Ólafsvíkingar notað höfnina í Grundarfirði þegar ekki er lendandi í Ólafsvík. Annan að verkefni og það aðkallandi við höfnina í Grundarfirði er að gera skjólgarð fyrir sunnanátt svo bátalægi geti orðið öruggt í höfninni. Þegar báðar þessar framkvæmdir eru komnar í framkvæmd verður höfnin orðin einhver hin besta á landinu.“

Heimildir:

Fundargerðir hreppsnefndar Eyrarsveitar 1932–1959.

Byggðir Snæfellsness, bls. 187–197; útg. 1977 af Búnaðarsambandi Snæfellinga.

Skýrslur Atvinnutækjanefndar, útg. 1961 af Vita- og hafnamálastofnun.

Alþingismannatal.

Jóhannes Ólafur Þorgrímsson

Grundarfjörður

Ég þekki fjörð svo fagur bláan
við fótskör draums og stuðlalags.
Og hversu löngum sæll ég sá hann
við sólarris hins nýja dags
með daggarbros á grundum grænum
og geislablik á sléttum sænum.

Þar hefjast fjöll í vorsins veldi
með vættasöng og fossaskrúð
og ljósroðin á lygnu kveldi
þau lyfta höfði frjáls og prúð.
Hvar eygist fugri fjallaröðin
en Fellið, Mönin, Hyrnan, Stöðin?

Sér unir byggð við brekkur háar
og búðarrúst við salta dröfn
og svana vötn og víkur bláar
og vinjar kringum lukta höfn.
En út um leiðir unnir hjala,
um unna dáð og hetjur tala.

Nú tækni rís og torgsins angan
og tvílyft hús með þökin rauð.
Og skipin fljóta fyrir tangann
og færa að landi hafssins auð.
Og fjöll og sund í aftaneldi
svo yndisleg á lygnu kveldi.

Jóhannes Ólafur Þorgrímsson

Fæddur 20. nóv. 1900 – dáinn 15. des. 1975

Jóhannes Ólafur Þorgrímsson fæddist að Miklhóli í Viðvíkursveit í Skagafirði 20. nóv. 1900. Foreldrar hans voru Þorgrímur Helgason og Salbjörg Jónsdóttir. Hann var þriðji yngstur af sjö systkinum.

Jóhannes Ólafur útskrifaðist frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1921. Hann fluttist í Eyrarsveit árið 1928 og gerðist kennari á Bryggju. Hann kennndi í Eyrarsveit 1928–1943. Jóhannes Ólafur kvæntist Skúlinu Hlíf Guðmundsdóttur frá Krossnesi í Eyrarsveit. Hún var fædd 10. nóv. 1898 en lést 18. mars 1986. Jóhannes Ólafur stundaði líka búskap á Forna-Krossanesi í Eyrarsveit 1929–1975.

Jóhannes Ólafur og Skúlina Hlíf áttu 4 börn en þau eru: Arnór Björgvin, f. 10. maí 1930, Guðmundur Lárus, f. 18. des. 1931, Guðrún Kristín, f. 7. júní 1933 og Kristín Salbjörg, f. 7. ágúst 1937, d. 7. nóv. 1990.



Jóhannes Ólafur Þorgrímsson ásamt nemendum sínum. Myndin er tekin um 1933–1934. Frá vinstri: Þorsteinn Ólafsson, Bryggju, Gísli Ólafsson, Geirakoti í Fróðárhlreppi, Pétur Sigurjónsson, Suður-Bár, Sigurður Hallgrímsson, Vík, Halldóra Guðmundsdóttir, Sæbóli, Guðrún Júlfusdóttir, Sæbóli, Jóhannes Ólafur, Gunnar Þorvaldsson, Skerðingsstöðum, Stella (var á Bryggju), Ragnheiður Þorvaldsdóttir, Skerðingsstöðum, Sveinbjörn Hjartarson, Mýrum, Þórunn Helgadóttir, Lárkoti, Guðmundur Bergsson, Krossnesi og Sigurvin Bergsson, Krossnesi. Ljósmt.: Sigurður Guðmundsson, Reykjavík.

Bára Grímsdóttir, tónskáld

Lag við ljóðið Grundarfjörður

Bára Grímsdóttir fæddist á Blönduósi 24. apríl 1960. Bjó fyrstu fjögur árin í Grímstungu í Vatnsdal, en fluttist þá á mölina til Reykjavíkur með foreldrum og systkinum. Tónlistarnám hóf hún 7 ára í Barnamúsíkskóla Reykjavíkur og lærdi þar á píanó frá 9 ára aldrí. Seinna lágu leiðir hennar í Tónlistarskólann í Reykjavík í áframhaldandi píanónám, hún útskrifaðist úr Tónmenntakennnara-deildinni vorið 1983 og Tónfræðideildinni 1989 frá sama skóla. Voru kennarar hennar í tónsmíðum Karólína Eiríksdóttir, Atli H. Sveinsson og Hjálmar H. Ragnarsson. Á árunum 1989 og 1994 nam hún tónsmíðar í Hollandi fyrst í Conservatorium í Utrect, síðan í Konunglega Conservatorium í Den Haag og voru kennarar hennar Tristan Keuris, Louise Andriessen og Ron Ford.

Verk hennar hafa verið flutt á Íslandi, Norðurlöndunum, í Hollandi, Þýska-landi, Austurríki og USA. Hún var staðartónskáld í Skálholti sumarið 1988 og 2000. Hefur þrisvar sinnum fengið úthlutað starfslaunum úr Tónskáldasjóði Menntamálaráðuneytisins. Bára býr núna í Vestmannaeyjum og starfar þar auk tónsmíða við tónlistarkennslu, stjórnar Kór Hamarsskóla og Samkór Vestmannaeyja.

Grundarfjörður

lag: Bára Grímsdóttir
ljóð: Jóhannes Þorgrímsson

♩ = 80


Alto 

Piano 


A. 
 Eg pekk - i fjörð svo fag - ur-blá-an við fót - skór draums og

Pno. 


A. 
 stuðl - a-lags. Og hvers - u läng- um saell ég så hann við sól - ar-ris hins

Pno. 

A. 
 nýj - a dags með dagg - ar - bros á grund-um græn um og geisl-a - blik á slétt-um

Pno. 

FÓLKID, FJÖLLIN, FJÖRDURINN

A. 

Pno. 

A. 

Pno. 

A. 

Pno. 

A. 

Pno. 

LAG VIÐ LJÓÐIÐ GRUNDARFJÖRDUR

A. 

Pno. 

A. 

Pno. 

A. 

Pno. 

A. 

Pno. 

FÓLKID, FJÖLLIN, FJÖRDURINN

A.  tal - a.

Pno. 

A.  Nú taekn - i ris og

Pno. 

A.  torgs - ins ang- an og tvi - lyft hús með þök- in rauð. Og

Pno. 

A.  skip - in fljót - a fyr - ir tang ann og fær - a að land - i


Pno. 

LAG VID LJÓÐID GRUNDARFJÖRÐUR

A. 

Pno.

A. 

Pno. 

A. 

Pno. 

A. 

Pno. 

Pétur Jósefsson

Frá Setbergi, með kveðju

Með þessum línum er ætlunin að reyna að fara allt að 60 ár til baka en fyrir einhvern sem hefur jafn slæmt barnsmanni og ég hef þá er þetta ekkert grín. En á dögunum fékk ég senda bókina um fjörðinn, fólkvið og fjöllin og sá að þar höfðu ýmsir lagt hönd á plóg og ýmsar skemmtilegar frásagnir litu dagsins ljós. Og því ekki að vera með.

Ég fæddist á Setbergi 13. júlí 1937 en þann dag byrja hundadagar samkvæmt nýja tímatalinu. Þann atburð man ég ekki og raunar afskaplega lítið fyrstu ár ævinnar. Ég ætla þó að koma mín í þennan heim hafi ekki verið samkvæmt áætlun foreldra minna en þau voru bæði hátt á fimmtugsaldri er þau eignuðust mig. Pabbi átti 25 ára stúdentsafmæli þetta vor en mamma hafði allmögum árum áður orðið fyrir því að missa barn í fæðingu. Pabbi vildi ekki fara af bæ þegar mín var von og vegna komu minnar í þennan heim á öndverðum hundadögum varð hann af gleðskap þeim sem félagar hans höfðu uppi í tilefni af 25 ára stúdentsafmæli.

Ég þykist þó muna ofurlítið eftir sumrinu 1939 sem ku hafa verið eitt hlýjasta og sólríkasta sumar á Íslandi fyrr og síðar. Ég held að ég hafi farið beint úr rúminu á morgnana á náttfötunum í stígvélin og út – mamma hafði víst engar áhyggjur af mér í hlýjunni og sólinni. Þetta var ekki líkt mömmu sem hafði ákveðnar hugmyndir um klæðnað við hæfi.

Setberg var prestsetur en pabbi var prestur í Setbergssókn í hartnær 35 ár. Pabbi og mamma fluttu að Setbergi vorið 1919 með tvö elstu systkini mínn, þau Halldór sem láttinn er fyrir nokkrum árum og Kristjönu sem fæddist í Reykjavík árið áður. Skafti bróðir minn fæddist að Setbergi árið 1920 og Jón fimm árum síðar en þeir eru einnig báðir látnir. Þá ólu foreldrar mínrí upp Ásu

Setberg um 1920.



Gunnarsdóttur sem var bróðurdóttir mömmu og var þemur árum yngri en Jón. Ég hafði þá hastarlegu sérstöðu meðal braðra minna að vera langtum yngstur og þess vegna tæplega talinn með og alls ekki talinn maður með mönnum (enda fæddur í stríðinu!) þegar rætt var um Setberg og gamla daga fyrir vestan. Líklega áttu þeir við Spánarstríðið.

Lífið á Setbergi mótaðist af því að þetta var prestsetur. Pabbi og mamma höfðu alltaf vinnumenn og vinnukonur þar til allra síðustu árin þegar bústofmenn var enginn orðinn. Soffía Jóhannesdóttir sem starfaði sem kennari í Eyrarsveit var oft hjá okkur á sumrin og að mig minnr einhvern tíma um vetur. Soffía var skemmtileg manneskja og hláturnildur húmoristi og hundurinn okkar hann Lappi, sem var minn helsti trúnaðarvinur, hafði mikla matarást á Soffíu enda létt hún sér annt um hann og hafði vanið hann að grípa á lofti ýmsa matarafganga, brauðbita og fleira þegar hún var að ganga frá eftir matinn.

Eitt sinn var Soffía í eldhúsini að vaska upp eftir kvöldmatinn. Hún fann oftast einhverja afganga sem hún henti til Lappa sem aldrei létt sig vanta þegar von var um mat og greip á lofti af mikilli kúnst. En nú kom æringinn upp í Soffíu og hún notfærði sér það takmarkalausa traust sem Lappi bar til hennar en dálítill biti af kryddsíld hafði orðið eftir á diskri. Í stað þess að láta hann til baka í krukkuna greip hún kryddsíldarbitann og henti til Lappa sem óðara greip hann á lofti en létt hann samstundis út úr sér, hóstandi, fór að vatnsdallinum til



Hólmfríður Halldórsdóttir.

þess að ná óbragðinu úr kjaftinum, leit ásökunaraugum á Soffíu og labbaði út. Það liðu margar vikur áður en hann vogaði sér að bera hið minnsta traust til Soffíu aftur.

Og oft var gestkvæmt á Setbergi. Þegar messað var komu oft næstum allir kirkjugestir inn eftir messu, fengu kaffi og spjölluðu. Á sumrin komu ótal gestir, bæði úr fjölskyldunni og vinir og kunningjar pabba og mömmu. Ég man eftir fólk eins og systkinum mínum og þeirra fólk, frækum og frændum, vinum og kunningjum pabba og mömmu, t.d. séra Jóni N. Johannessen, Helga Hjörvar, Þórbergi Þórðarsyni, Sigurði Birkis, sem þá var söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, Ólafi Magnússyni, konunglegum hirðljósmyndara, o.fl. o.fl.

Ekki var maður látinna hafa sig mikið í frammi þegar svoleiðis gestir komu en hins vegar man ég eftir því að hafa oftsinnis heyrt frá mömmu þessa setningu síðla sumars: – Æ, Pitti minn (mamma kallaði mig ævinlega Pitta), skrepptu nú fyrir mig upp í Græfur og tíndu svolítið af berjum handa (honum Sigurði eða einhverjum) til að hafa með sér suður. – Því fór ég æði oft með



Sr. Jósef Jónsson.

berjatínu og fötu eða tvær fötur eða bala til þess að tína krækiber sem mamma síðan setti í pappakassa og fólkvið fékk með sér.

Svo þurfti mamma að senda systkinum mínum ber, frænkum sínum og vin-konum og Guð má vita hverjum. Ég hlýt að hafa verið ægilega duglegur að tína krækiber en reyndar var berjalandið í Græfunum afskaplega gott. Bláber tíndi maður helst í hlíðum Klakks. Mamma bjó sjálf til einhver ósköp af krækiber-ja-saft sem brúkuð var út á grauta á Setbergi – þetta var herrmannsmatur.

Mamma hét Hólmfríður Halldórsdóttir og var Reykvíkingur, fædd og upp-alin við Suðurgötuna. Hún hafði mikla tónlistarhæfileika. Hún hafði lært á píanó hjá frú Ástu Einarsson í Reykjavík og síðan sigldi hún til Kaupmannahafnar og stundaði nám í píanoleik og einnig í Hamborg en þar var hún um tíma. Þetta mun hafa verið árunum 1910–1912. Mamma hafði það sem kallað er „fullkomið tóneyra“ sem er mjög sjaldgæft en það fólgvið í því að geta greint tóna og þekkt tóntegundir án þess að nota til þess tónkvísl eða hljóðfæri. Hún hafði líka þann hæfileika að geta hlustað á tónverk einu sinni og spilað það síð-



Setberg 1940.

an sjálf eftir minni. Hún reyndi að kenna mér á píánó – það gekk ekki vel. Ég var ekki nágu áhugasamur nemandi en henni tókst að vekja hjá mér þá ást á tónlist sem ætíð hefur fylgt mér síðan.

Pabbi, séra Jósef Jónsson, var Húnvetningur. Alinn upp við sveitastörf, fór fátækur piltur til náms í Menntaskólanum í Reykjavík. Hann var ekki lengi í skólanum, veiktist hastarlega af mislingum, taugaveiki og gulu og lá á Landakoti í 40 vikur og var innan við 50 kíló þegar hann kom af spítalanum. Ég held að hann hafi aldrei náð sér eftir þau veikindi. En stúdent varð hann vorið 1912 og guðfræðingur 1915 og gerðist prestur á Setbergi vorið 1919 eftir að hafa þjónað um stuttan tíma á Barði í Fljótum, á Sauðanesi og í Dalasýslu. Pabbi var stjórnsamur og ör, ákafamaður um það sem hann hafði áhuga á. Hann hafði heitt hjarta og létt sér annt um velferð sveitarinnar en ef til vill líkaði ekki öllum stjórnsemi hans.

Sá sem ég man bezt eftir úr barnæsku minni er Guðmundur Runólfsson sem var vetrarmaður hjá pabba og ég mátti fara með honum í fjósið að gefa kúnum. Líklega hef ég verið 4–5 ára. Ég þóttist auðvitað vera að hjálpa honum þótt sjálfsagt hafi ég frekar verið fyrir honum en hitt. Nokkuð þótti Guðmundi ég

málgefinn því að einhvern tíma þreyttist hann á malinu í mér og og spurði mig hvort ég vildi ekki þegja í fimm mínútur. Ég var til í það og mér þótti það takast vel hjá mér en í stað þess að tala þá fór ég að syngja! Ég er ekki viss um að Guðmundur hafi viðurkennt söng minn sem þögn!

Guðmundur var voðalega stór, sterkur og traustur maður sem ég bar takmarkalitla virðingu fyrir. Svo söng hann líka svo hátt! Mamma settist stundum við píanóið á kvöldin og Guðmundur og hún sungu upp úr Fjárlögunum en það er virðulegt safn íslenskra sönglaga og voru kölluð Fjárlögir vegna þess að framan á bókinni var mynd af fjárekstri. Ég fékk stundum að syngja með. Maður var nú karl í krapinu, strákhattinn, sem ekki stóð fram eða aftur úr hnefa, og var við hliðina á mömmu þar sem hún sat og spilaði á píanóið og söng með henni og Guðmundi.

Mig minnir að Guðmundur hafi verið hjá okkur í two vetur. Seinna kvæntist hann. Konan hans hét Ingibjörg og var frá Þingvöllum. Ja, maður lifandi! Maður bar nú ennþá meiri virðingu fyrir Guðmundi sem hafði eignast konu frá Þingvöllum. Og maður sá fyrir sér dramatískt líf hennar á Þingvöllum við Öxará og stórfenglegt bónorð Guðmundar er hann bað sér konu frá þeim helga stað. Það var ekki fyrr en löngu síðar og ég kominn yfir fermingu að ég upp-götvaði að hún var frá Þingvöllum í Helgafellssveit. En þá var það löngu hætt að skipta máli.

Helgi Hjörvar las *Bör Börsson* í útværpið veturinn 1943–1944 að ég held. Ég hlustaði með heimilisfólkinu. Allir hlustuðu. Allir Íslendingar hlustuðu. Ég held að bíostjórar í Reykjavík hafi meira að segja gefist upp á að hafa bíosýningar á miðvikudagskvöldum. Stræti höfuðborgarinnar voru auð og tóm. Og þótt ég væri ekki hár í loftinu þá hlustaði ég með fólkinu á Helga lesa *Bör*. Það var ógleymanlegt. Ég gleymi því aldrei hvað ég hló mikið þegar *Bör* dró mótorhjólið upp alla stigana upp á ljósmyndastofuna á 4. hæð til að láta mynda sig sitjandi á því og þegar Óli Hansen var settur í steininn og var þó sá eini sem saklaus var.

Seinna las Helgi *Dalalíf* eftir Guðrúnu frá Lundi. Það var líka óskaplega vin-sælt þótt ekki væri ég jafn duglegur að hlusta á allar uppáhellingarnar í sögu Guðrúnar (það var nefnilega alltaf verið að hella upp á könnuna í sögunum hennar) en sá eilífi snillingur í upplestri, Helgi Hjörvar, gerði þó einu sinni eftir-minnilega skyssu í upplestri sínum og sennilega án þess að taka eftir því sjálfur

því að á öldum ljósvakans hljómaði dásamleg setning frá Helga eitthvað á þessa leið: – Þegar Guðrún kom norður um vorið var Sigurður með barni! og mælt fram með þessari mögnuðu, tæru og hljómmiklu rödd sem Helgi hafði. En Guðrún kunni að segja sögu og upplestur Helga var sá lúxus sem maður ólst upp við. Útvarpið skipti miklu máli fyrir fólkid í sveitinni.

Friðardagurinn rann upp í maí 1945 og ég fékk að fara með einhverjum upp á kirkjuloft og hringja kirkjuklukkunum eins og gert var um allt land. Ekki fór mikið fyrir hernum í Grundarfirði en þó man ég eftir mörgum kafbátaleitar-flugvélum sem flugu fram og aftur yfir firðinum þegar Goðafossi var sökkt. Svo heyrði maður um flugslysið þegar flugvél breska flughersins fórst annað-hvort í fjallinu upp af Hrafnkelsstaðabotni eða Eyrarbotni. En það var mjög sjaldan sem maður sá hermenn. En útvarpsfréttirnar sáu fyrir því að maður kunni skil á Hitler, Stalín og Rósvelt en það var svo erfitt að bera fram Churchill að maður hafði hann helst ekki með.

Á sumrin voru oft margir krakkar í sveit heima á Setbergi og glatt á hjalla. Við vorum höfð í heyskapnum, slögum úr, rifjuðum, fönguðum, sættum og tókum heyið saman og fórum með það í hlöðuna. Rákum kýrnar í hagann á morgnana, sóttum þær á kvöldin, sóttum hesta, rákum féð úr túninu ef það slapp inn fyrir girðingu o.s.frv. Þetta var stundum erfitt en samt var næstum alltaf gaman á sumrin þegar maður var krakki. Í frístundum reyndum við stundum að veiða smásilunga í bæjarlæknum með höndunum.

Það var líka gaman að fara út í eyju (Melrakkaey) og taka dún og æðaregg. Farnar voru nokkrar eyjaferðir á hverju vori. Í fyrstu ferðinni sem var að mig minnir fyrir miðjan maí – gat þó líklega eitthvað farið eftir árferði – þá tókum við egg frá svartbaknum, máfnum og einhverjum svartfugli, litum eftir æðarkollunum og fengum okkur dálítíð af eggjum frá þeim líka. Síðan voru farnar tvær eða þrjár ferðir og tekinn æðardúnn og egg. Þetta var gott búsilag og skemmtilegar ferðir. Gunnar á Akurtröðum fór með oftast með okkur á trillunni sinni en einnig stundum Gústi í Norður-Bár. Þetta voru dýrðardagar. Mig minnir að dúntekjan hafi numið um 20 pundum í sæmilegu ári (þegar talað var um dúninn var aldrei talað um kíló heldur pund) sem mér skilst að svari til þess að 500–600 kolluhreiður hafi verið í eynni.

Einnig var heyjað í eynni. Ég held að ég hafi verið í mesta lagi 10 ára þegar ég man síðast eftir eyjatöðunni þegar hún var flutt í land og breidd á túnið.

Eyjataðan var safarík og seinþurrkuð en ekki man ég til þess að hún hafi verið gefin kúnum sem einungis fengu lúxustöðu af túninu heldur líklega kindnum. Allt um það. Eyjataðan var síðan sett í tóft sem var efst í túninu í Garðshorni og geymd þar. Þetta var síðla sumars og farið að beita kúnum á hána.


Kýr eru gáfaðar skepnur. Ekki mátti af þeim líta á túninu þá voru þær komnar suður í Garðshorn og farnar að gæða sér á eyjatöðunni. Pabbi sagði mér að fara og passa að kýrnar færðu ekki í tóftina í Garðshorni þar sem eyjataðan var. Þetta var eiginlega hið versta verkefni því að maður var aldrei í friði – ekki fyrr búinn að reka kýrnar úr eyjatöðunni og kominn inn í bæ þegar einhver leit út um gluggann og minnti mig á embætti mitt. Þetta var óþoland – enginn friður fyrir kúnum.

Jæja, pabbi þurfti að bregða sér af bæ en áður en hann fór lagði hann ríkt á við mig að gæta þess að kýrnar færðu ekki í eyjatöðuna. Ég játti því og síðan fór hann. Kýrnar héldu uppteknum hætti – það var engin leið að treysta þeim. Þá datt mér ráð í hug. Ég fór út á tún, náði í kýrnar og rak þær að tóftinni þar sem eyjataðan var og sagði við þær: – Gjörið þið svo vel. Má bjóða ykkur eyjatöðu! Þær voru dálítið undrandi, fengu sér eina tuggu eða svo, stönguðu stabbann í hálftíma en fóru síðan að bíta hána eins og almennilegar kýr og höfðu gjörsamlega misst áhugann á eyjatöðunni. Það var ekki nauðsynlegt lengur að passa tóftina. Þetta var eins og kennslustund í nautgripasálfræði. Ég ræddi niðurstöður mínar í þeirri fræðigrein aldrei við pabba.

Ég var fjórtán ára þegar ég fór að heiman 2. janúar 1952 og var settur í læri hjá séra Þorgrími á Staðastað. Landspróf tók ég síðan í Reykholti í Borgarfirði um vorið og var síðan ekki mikið heima eftir það.

Vorið 1954 ákváðu pabbi og mamma að flytja suður og pabbi hætti prestskap. Veturinn 1953–1954 hafði verið mjög erfiður og illviðrasamur. Það var þá sem Edda frá Hafnarfirði fórst á Grundarfirði og varð af mikið sjóslys. Þau voru orðin ein eftir á Setbergi.

Við fórum vestur fimm, bræður mírir, Skafti og Jón, Óttar Halldórsson, bróðursonur mömmu, sem stundum hafði verið hjá okkur á sumrin og Kristjana systir mír var einnig með í för. Það var mikið verk að pakka og flytja suður eftir 35 ára búskap á Setbergi. Ég held að við höfum verið í tíu daga að ganga frá, pakka og þrífa úтиhús og íbúðarhúsið. Við höfðum þetta eins og gert var í Valhöll – börðumst við þrif og pökkun alla daga en spiluðum bridds á kvöldin



Séra Jósef Jónsson, Setbergi og Ásgeir Kristjánsson, Fornu Grund. Myndin er tekin 17. júlí 1951 að Kverná. Ljósm.: Sigríður Pálsdóttir.

og fram eftir nóttu eða fórum í fjallgöngu. Veðrið var dýrðlegt þennan tíma og okkur félögum gekk illa að nýta nætur til hvíldar og klukkan var æði oft farin að ganga fimm eða sex þegar við fórum í rúmið. Skafti fór einna verst út úr þessu því að pabbi var morgunhani og fór á fætur milli klukkan sex og sjö og vakti þá Skafta því að hann var sannfærður um að garðyrkjubóndinn Skafti færi auðvitað alltaf eldsnemma á fætur og ekki nema sjálfsagt að vekja hann í bítið til þess að hafa einhvær til að spjalla við. Við hinir fengum að lúra fram eftir morgni. Ég held að Skafti hafi þessa tíu daga náð svona klukkutíma til þriggja tíma svefni á nóttu!

Grundfirðingar héldu pabba og mömmu veislu í skólahúsinu úti í Grundarfirði áður en við fórum. Eftir 35 ár hafði fólk margs að minnast og þau voru leyst út með gjöfum.

Dagarnir liðu og loks kom að því að Gústi í Norður-Bár kom á hálfkassabílnum sínum og við hlóðum hann og snemma í júní vorum við ferðbúin. Æfistarf foreldra minna varð eftir á Setbergi. Þau yfирgáfu staðinn með söknuði en mamma fór til baka til Reykjavíkur þaðan sem hún hafði komið 35 árum áður. Pabbi var lengi með hugann fyrir vestan eftir að þau fluttu. Síðan eru liðin 46 ár. Þau léust bæði á áttunda áratugnum, komin á níræðisaldur.

Ég hef komið einstöku sinnum vestur síðan við fórum en ekki að ráði fyrr en á síðasta áratug. Það eru ræturnar sem toga í mann – fjallahríngurinn, lognið á firðinum, spegilsléttur sjórinn, Græfurðar, Stórhóll, Bergið og Klakkurinn, berjalandið, lækurinn, fjaran, kirkjugarðurinn, Kirkjufellið sem mér þykir fegurst fjalla og ekki síst séð frá kauptúninu Grundarfirði, eyjan úti á firðinum, Flanginn á sínum stað með skarfana sem alltaf þurfa að þurrka vængina, sandlóan, krían og æðarkollan sem verpir í fjörunni fyrir neðan Suður-Bár.

Hvílík forréttindi að hafa mátt eiga sín fyrstu spor í jafn fögru landi og Grundarfjörðurinn er – og hvílík forréttindi að mega koma aftur og aftur og mega reiða sig á að dýrðin er enn á sama stað með sama hætti. Þegar þú lessandi góður kemur úr austurátt upp á hálsinn fyrir ofan Vindás þá breiðir fjörðurinn faðminn á móti þér – þessi dýrðlegi fjallahríngur með Lambahnjúk og Mönina í suðri, Helgrindur í suðvestri, Kirkjufellið í vestri og Brimlárhöfða sem markar hvar fjörðurinn endar. Og í fjarðarmynninu er Melrakkaey sem stendur vörð um þessa fegurð sem aldrei glatast.

Kristján E. Guðmundsson, félagsfræðingur

Kristlaugur Bjarnason

Ævi og störf

Upphaf 20. aldar markar djúp spor í sögu þessarar þjóðar. Þjóðin hefur öðlast sjálfstjórn sinna mála og ný öld tækni er að halda innreið sína. Tilkoma stærri og vélknúinna fiskiskipa er að valda byltingu í búskaparháttum fólks, þó að sjálfsþurftarbúskapurinn loði lengi við fram eftir öldinni. Fiskveiðar og vinnsla verða nú að sjálfstæðri atvinnugrein á sama tíma og mikil framleiðnaukning verður í landbúnaði. Það myndast byggðarkjarnar í kring um útveginn og fólk flytur úr sveitinni. En engin byggð vex af sjálfu sér. Í fararbroddi er alltaf brautryðjandinn, hann sem hefur hugsjónina, framsýnina og kjarkinn. Öll byggðarlög áttu og eiga slíka menn þó sjaldnast hafi þeir verið einfifarar. Það gildir líka um kaupstaðinn Grundarfjörð. Mér er ljúft að minnast hér í nokkrum orðum ævi og starfs eins þessara sona Grundarfjarðar, föðurbróður míns, Kristlaugs Bjarnasonar.

Eskuár í Eyrarsveit

Kristlaugur Bjarnason er fæddur í Suður-Bár í Eyrarsveit 11. mars 1904. Hann var sonur Bjarna Jónssonar bónda í Suður-Bár og Herdísar Einarsdóttur, konu hans.

Hann var einn sjö systkina er komust á legg, en það voru þau Björgvin, Sigríður og Guðmundur, sem voru eldri, en yngri voru Einar, Lilja og Helgi.

Þau hjónin eignuðust 11 börn en misstu 4 á unga aldri.

Árið 1911 ræðst Bjarni, faðir Kristlaugs, í það stórvirki þess tíma að kaupa mótorbát, þann fyrsta í Eyrarsveit. Fyrir kaupunum lagði hann eignarjörð sína, Suður-Bár, að veði. Hann fór svo til Reykjavíkur við annan mann að sækja báttinn. Á leiðinni á Faxaflóa gerði mikið óveður og hröktust þeir undan veðri og

Kristlaugur Bjarnason um tvítugt.

vindum þar til þeim var bjargað um borð í strandferðaskip. Báturinn var settur í tog en er veður versnaði þurfti að höggva bátinn frá skipinu. Þetta var fyrir daga trygginga og varð þetta því mikið áfall fyrir fjölskylduna þar sem hún missti jörðina og tóku nú við erfið ár.

Árið 1914 neyðast þau til að fara frá Suður-Bár og flytja að Kotum við Kvíabryggju. Þar bjuggu þau í nokkur ár þar til að þau fluttust að Naustál í framsveit. Þar andaðist Bjarni en Herdís flutti síðar í Grafarnes, í „Lengju“ sem kallað var, en það hús byggði Björgvin, elsti sonur hennar.

Þegar fjölskyldan missir Suður-Bár, 1914, er Kristlaugi komið fyrir í fóstur hjá Gísla Jónssyni í Tröð. Kristlaugur er þá 10 ára gamall og ólst hann síðan upp í Tröð hjá Gísla sem reyndist honum afar vel. Með Gísla fór hann að stunda sjóröðra úr framsveit strax er hann komst á unglingsaldur.

Snemma bar á miklum hagleik hjá Kristlaugi og var sem léki allt í höndum hans.

Reyndist hann afbragðssmiður, jafnt á tré sem járn. Er vélaöldin hélt innreið sína setti hann sig inn í allt er viðkom vélum. Hjálpaði hann Gísla, fóstra sínum að vélvæða báta hans.



Söðlasmíði

Um 1922 fór Kristlaugur til náms í söðlasmíði í Reykjavík. Að námi loknu kom hann sér upp verkstæði til söðlasmíði í Tröð og smíðaði sjálfur öll verkfæri er með þurfti.

En söðlasmíðin varð aldrei að aðalatvinnu hjá Kristlaugi enda hafði hann mörg járn í eldinum eins og síðar verður vikið að. Þó mun hann hafa smíðað fyrir allmarga í Eyrarsveit svonefnnda „þúða“ en það voru nokkurs konar hnakkar án víravirkja.

Sjómennska og útgerð

Eins og áður sagði byrjaði Kristlaugur sem unglingsur að stunda sjó á litlum bátum með fóstra sínum frá Tröð. Er hann var kominn á fullorðinsár stóð hugurinn til sjómennsku á stærri skipum. Hann flytur í Grafarnes um 1926 og fer um það leyti að stunda sjó á skútum. Tveim árum síðar flytur í nesið Sigurður nokkur Þorsteinsson og kemur með tvo litla dekkbáta. Hann byggir íbúðarhús á Sólvöllum, sem er eitt fyrsta íbúðarhúsið á þessu nesi er varð grundvöllur þess sem síðar átti eftir að verða kaupstaðurinn Grundarfjörður. Með Sigurði byrjar Kristlaugur fiskverkun í Grafarnesi. Um svipað leyti gerist hann umboðsmáður Ríkisskipa fyrir Eyrarsveit og annaðist í því sambandi alla vöruflutninga úr og í strandferðaskipin. Á þessum árum fór megnið af vöruflutningum til og frá sveitinni sjóleiðis. Engin bryggja var þá enn komin í Grafarnesi og þurfti að flytja allar vörur á litlum bátum milli fjöru og skips.

Árið 1938 kemur í Eyrarsveit Björn nokkur Gíslason. Hafði hann með sér bát að nafni Ásgeir sem var gamall nótabátur, 11 tonn, og hafði verið breytt og sett á dekk.

Þennan bát kaupir Kristlaugur af Birni og gerir út frá Grafarnesi. Hann var þó lítið sjálfur á bátnum en það voru hins vegar bræður hans, Björgvin og Helgi. Skipstjóri var um tíma Finnur Sveinbjörnsson (faðir Halldórs, síðar oddvita sveitarinnar). Litlu af afla bátsins var þó landað í Grafarnesi heldur var farið með hann inn í Stykkishólm þar sem komið var hraðfrystihús. Ásgeir mun hafa verið fyrsti bátur til að hefja snurvoðaveiðar inn á Grundarfirði. Kolinn er þar veiddist var síðan fluttur til vinnslu í Stykkishólmi. Hefur þetta ástand eflaust orðið kveikjan að því að Kristlaugur tók frumkvæði að því að byggt yrði hraðfrystihús í Grafarnesi sem síðar verður vikið að.

Kristlaugur seldi Ásgeir til Reykjavíkur um 1943 og keypti um það leyti uppskipunarbát (Melsted) frá Hellissandi sem lengi var í notkun áður en hafskipabryggja var byggð í Grundarfjarðarhöfn.

Vörubílaútgerð

1936 tekur Kristlaugur sig upp og fer til Reykjavíkur og gerist háseti á togaranum Þórólfí sem þaðan var gerður út. Fyrir þénustu sína á togaranum kaupir hann í Reykjavík 1937 gamlan Chevrolet sem var pallbill með nokkur farþegasæti og gat því þjónað bæði til vöru- og farþegaflutninga. Með þennan bíl, sem fljóttlega fékk gaelunafnið „Skruggublesi“ lagði hann af stað til Grundarfjarðar. Lítioð var um bílvegi um norðanvert Snæfellsnes þegar hér er komið sögu. Gamlar slóðir lágu yfir Kerlingaskarð og búið var að ryðja veg í Berserkjahrauni sunnanvert að Hraunsfirði.

Í Eyrarsveit var hafin vegagerð og búið að gera frumstæðan veg frá Grafarnesi út fyrir Kolgrafir er Kristlaugur mætir með Skruggublesa. Engar brýr voru komnar yfir ár og varð að fara með bílinn eftir fjörum og sæta sjávarföllum. Í leirum á botni Hraunsfjarðar festist t.d. Skruggublesi og varð að sækja hesta til að ná honum upp áður en flæddi að. En í Grafarnes komst hann, eftir þriggja sólarhringa ferð frá Reykjavík og byrjaði þegar að nýtast við vegagerð í sveitinni. Skruggublesa hefur áður verið minnst í þessum heftum og skal ekki fjölyrt meira um hann en þessi fyrsti bíll í Eyrarsveit var mikið undratæki í augum ungra Eyrarsveitins og nýttist sveitinni vel, bæði til vöru- og fólksflutninga. Kaupin á Skruggublesa og það ævintýri að komast á honum yfir vegleysur til Eyrarsveitar lýsa vel Kristlaugi, framsýni hans, kjarki og þrautseigu. En þetta var aðeins upphafið að vörubílarekstri hans.

1942 kaupir hann ásamt Pétri Sigurjónssyni gamlan Studebaker, árg. '34. Bíll þessi hafði verið notaður til fólks- og mjólkurflutninga og tók 10 manns í sæti. Pétur og Kristlaugur breyttu bílnum, þar sem sæti voru fyrir 6 farþega og pallurinn staekkaður og settar á hann sturtur. Hann var notaður í vegavinnu í mörg ár en síðar keypti hreppurinn bílinn til ýmissa nota innansveitar og ók honum þá lengstum Sigurjón Guðlaugsson. Kristlaugur átti síðar fleiri vörubíla allt fram á efri ár, síðast tékkneskan bíl af tegundinni Prague.

Bygging Hraðfrystihúss

Um 1930 gekk mikil og góð síld inn á Grundarfjörð. Íslendingar höfðu þá komist upp á lag með að nota síld til beitu en til þess þurfti hún að vera fersk. Frystitækni er þá komin til sögunnar. Nokkrir aðilar úr Reykjavík stofnuðu hlutafélag

og byggðu frystihús við Grundarfjörð til að frysta síldina sem þar veiddist. Hús þetta var kallað „Íshúsið“ og stóð við Gilós skammt frá Gröf. (Það er nú löngu horfið og þjóðvegur kominn yfir þar sem húsið stóð.) Síldin hvarf úr firðinum skömmu síðar og „Íshúsið“ varð gjaldþrota. Stóð það lengi svo og var álma úr því notuð sem skólastofa og síðar til íbúðar. Ekki voru uppi ráðagerðir um að endurreisa það og í lok fjórða áratugarins var byrjað að selja úr því vélbúnað.

Eins og áður er getið var komið hraðfrystihús í Stykkishólmi og setti Kristlaugur megnið af afla báts síns, Ásgeirs, í vinnslu þar. Þótti nú mörgum tími til kominn að Eyr sveitun gar eignuðust eigið frystihús.

1938 óskaði hreppsnefndin eftir því við fiskimálanefnd að rannsókn færi fram á möguleikum þess að byggt yrði í sveitinni hraðfrystihús. Kristlaugi fannst hlutirnir helst til seint ganga og taldi að frumkvæðið yrði að koma frá heimamönnum sjálffum.

Hann gengst fyrir því ásamt Runólf Jónatanssyni að boða til almenns borgarafundar um málið í ársbyrjun 1940. Var fundurinn haldin í Þinghúsinu að Grund og var fjölsóttur. Þar fékk hann því framengt að kosin var 7 manna undirbúningsnefnd að byggingu hraðfrystihúss og í því sambandi að athuga með ráðstöfun á vélbúnaði úr gamla íshúsinu. Var Kristlaugur kosinn formaður þessarar nefndar. Fóru nú hjól að snúast því aðeins tæpum þrem mánuðum síðar er boðað til almenns hreppsfundar á sama stað þar sem samþykkt er að stofna hlutafélag um byggingu hraðfrystihússins.

Þetta var mikið fyrtækni fyrir lítið og fátækt sveitarfélag og aðeins gert með almennri þátttöku íbúanna. Lítið var um peninga hjá fólk á þessum tíma þar sem búskaparhættir byggðust að miklu leyti á sjálfsþurftarbúskap. En Kristlaugur og félagi hans, Runólfur Jónatansson, voru óþreytandi við að fara á milli manna og bæja og safna hlutafé fyrir félagið. Varð það eðlilega mikið í formi vinnuframlags og var þátttaka almenn. En upp komst hraðfrystihúsið og tók Kristlaugur sæti í fyrstu stjórn þess.

Hafskipabryggjan

Kristlaugur var umboðsmaður Ríkisskipa og annaðist vöruflutninga milli fjöru og skips. Honum var það mikið kappsmál ásamt fleirum að í Grafarnesi þar sem byggðarkjarni var óðum að myndast, kæmi hafskipabryggja. Barðist hann

mjög fyrir þessu máli. Hann tók þetta mál upp á borgarafundinum í janúarbyrjun 1940 þar sem skorað var á sveitarstjórnina að undirbúa byggingu hafskipabryggju. Tveim árum síðar þótti honum lítið hafa verið gert og stóð þá fyrir almennum hreppsfundi um málið í skólastofunni í gamla „Íshúsínu“. Mikil nauðsyn var orðin á byggingu slíkrar bryggju, sérstaklega eftir að hraðfrystihúsið tók til starfa. Upp frá því fóru hjólin að snúast í þessu máli.

Í sveitarstjórn

Það var að vonum að slíkur framkvæmda- og hugsjónamaður sem Kristlaugur var ætti sæti í stjórn sveitarfélagsins. En Kristlaugur var hlédrægur maður og hafnaði því yfirleitt að nafn hans væri nefnt í því sambandi. Þetta var fyrir daga listakosninga og þeir helst nefndir sem oftast komu við sögu í daglegu lífi fólks, s.s. hreppstjórinn, oddvitinn og presturinn í sveitinni. Fyrir kosningarnar 1950 taka sig til nokkrir ungar menn og skora á Kristlaug að gefa kost á sér. Hann lætur tilleiðast og er kosinn í sveitarstjórn. Hann sat þar eitt kjörtímabil, til 1954, en þá var í fyrsta skipti listakosning í Eyrarsveit. Fram komu 3 listar. Kristlaugi hafði verið boðið sæti á einum listanum en hann hafnaði því boði.

Húsbyggingar

Um miðjan 5. áratuginn kemst nokkur skriður á uppbyggingu þess byggðarkjarna sem var að myndast á Grafarnesi. Sá litli byggðarkjarni sem myndast hafði á Kvábryggju flyst nú óðum í Grafarnes, jafnframt aðkomnu fólki, bæði utansveitar sem innan frá nærliggjandi bæjum. Það hefur myndast mikil efterspurn eftir húsnæði.

Kristlaugur Bjarnason hugsar stórt að vanda. Honum finnst fáránlegt að vera að byggja smákofa hér og þar þegar þetta fólk getur rúmast allt í einni góðri blokk.

Kristlaugur hafði eignast landskika á Grafarnesi (erfðafestuland) er náði frá sjó upp að núverandi Grundargötu (þar sem fiskvinnsluhús Soffoníasar Cecils-sonar standa nú).

Þar byrjar hann nú að byggja blokk um 1954. Eins og fyrr er getið var hann afbragðs smiður. Hann annaðist því nánast alla smíði sjálfur, flutti öll aðföng á eigin bíl og mýrhúðaði sjálfur allar íbúðirnar. Þó áætlanir hafi verið um miklu



Blokkarbygging að Grundargötu 6.

stærri blokk urðu íbúðirnar aldrei fleiri en 6. En engu að síður varð þetta fyrsta blokkin í Grundarfirði og liðu mörg ár þar til Grundfirðingar lögðu í aðra blokkarsmíði.

Kristlaugur seldi allar íbúðirnar nema eina kjallaraíbúð sem hann átti lengi. Hann bjó þó aldrei þar sjálfur. Hluti hennar hefur gegnt ýmsum hlutverkum, verið skrifstofa Sparisjóðs Eyrarsveitar, skrifstofa sveitastjórnar og nú síðast söluturn og vídeoleiga.

Flutt að Grund

Þó Kristlaugur hafi á stundum haft mikið umleikis og staðið í ýmsum framkvæmdum var hann einstaklega hógvær í eigin neyslu. Þegar Björgvin bróðir hans byggði nýtt hús í Grafarnesi (Björgvinshús, að Grundargötu 24), fluttu þeir braður til hans, Kristlaugur og Helgi. Þar deildu þeir saman svefnherbergi, Björgvin og Kristlaugur. Auk þeirra bjó þar lengi með þeim móðursystir þeirra.

Helgi hafði verið með nokkurn búskap, mikið á hrakhólum þar sem hann var jarðlaus.

Árið 1958 losnar úr ábúð jörðin Grund, en hún var í eigu Stefáns kaupmanns í Verðandi. Þeir braður, Kristlaugur og Helgi fá jörðina til ábúðar. Jörðin var nánast húslaus, gripahús fallin og gamalt íbúðarhús, mikið til torfbyggt, illa farið, nánast að hruni komið. Að sjálfsögðu var fyrsta verkefnið að byggja þar

nýtt íbúðarhús og fjárhús. Kristlaugur fann það út að gamla bæjarhúsið, en þar höfðu þeir komið sér fyrir, væri staðsett á besta bæjarstæðinu. Hann byggði því nýja húsið, sem var tvílyft hús öllu stærra en það gamla, utan um gamla húsið og þegar það var upp komið var hafist handa við að rífa það gamla.

Kristlaugur kom sér upp góðu vélaverkstæði á Grund og hélt áfram rekstri vörubíls fram á efri ár. Hann var einstaklega uppfinninga- og útsjónarsamur og fljótur að sjá fyrir sér lausn vandamála. Þegar þeir bræður fluttu að Grund keyptu þeir Zetor-dráttarvél. Kristlaugur var fljótur að sjá möguleika í notkun slíks verkfærис og smíðaði ámoksturtæki við dráttarvélina, það fyrsta og eina í sveitinni sem var notað í mörg ár.

Peir braður bjuggu á Grund til æviloka og eru gjarnan kenndir við þann bæ.

Náttúrulækningar

Kristlaugur hafði á unga aldri fengið mikinn áhuga á náttúrulækningum og þó sérstaklega forvarnaráhrifum góðs mataræðis á heilsu manna. Hann hélt fram heislusamlegum áhrifum ýmissa jurta og var óþreytandi við að stunda tilraunir í þessu skyni. T.d. var arfi fastur þáttur í mataræði hans. Hann varð enda einn af stofnendum Náttúrulækningafélags Íslands. Mér hefur stundum verið hugsað til þess að ekkert sé nýtt undir sólinni er ég sé yfirlýsingar frá Manneldisráði Íslands er ég hafði áður heyrt hjá Kristlaugi Bjarnasyni, frænda mínum, fyrir mörgum árum.

Persónueinkenni

Kristlaugur var meðalmaður á vöxt og alla tíð grannvaxinn. Hann var hægláttur, ljúflyndur og jafnlyndur maður. Hann hafði ákveðnar skoðanir á málum og stóð fastur á þeim, en aldrei tróð hann illsakir við menn. Hann var ávallt mál-efnalegur og hafði góð áhrif á fólk. Menn hafa sagt að þegar Kristlaugur tók til máls á fundum þögðu aðrir og hlustuðu.

Hann var afskaplega víðlesinn og hafði gaman af að ræða allt heimsins gagn og nauðsynjar og aldrei missti hann flugið. Ávallt horfði hann fram á veginn og sá aldrei fortíðina í hillingum. Fram á síðasta dag var hann með nýjar hugmyndir á lofti til að betrumbæta sitt nánasta umhverfi og umheiminn.



Íbuðarhús og
fjárhús að Grund.

Kristlaugur kvæntist aldrei og varð ekki barna auðið.

Hann var heilsuhraustur mestan hluta ævi sinnar. Hann fékk hjartaslag nokkrum árum áður en hann dó og í kjölfar þess átti hann erfitt með mál síðustu árin auk þess sem hann missti nokkurn mátt í hægri hendi. En þar var honum lifandi lýst að þá fékk hann sér ritvél til að geta þannig með vinstri hendi tjáð sig skriflega.

Kristlaugur lést á sjúkrahúsínu í Stykkishólmi 9. mars 1990, rétt að verða 86 ára að aldri.

Ég vil hér sérstaklega þakka þeim Guðmundi Runólfssyni og Pétri Sigurjónssyni fyrir gagnlegar ábendingar við samantekt þessa um ævi Kristlaugs Bjarnasonar.

Sigríður Finsen, oddviti sveitarstjórnar í Grundarfirði

Fjarnám í Grundarfirði

Skólaárin 1999–2000 og 2000–2001 hefur í Grundarfirði farið fram tilraun með að kenna unglungum á framhaldsskólaaldrí bóklega áfanga eingöngu í fjarnámi Verkmenntaskólans á Akureyri. Þetta er brautryðjendaverk í hreinu fjarnámi því hvergi annars staðar er hópi ungs fólks kennt jafn mikil í fjarnámi.

Áður en þessi möguleiki kom til sögunnar hafa unglingarnir þurft að fara í burtu til náms og burt frá fjölskyldum sínum, með tilheyrandi kostnaði og álagi á unglunga og fjölskyldur. Í mörgum tilfellum hafa fjölskyldurnar flutt um leið og börnin, og einnig er alltaf ákveðinn hópur sem ekki fer í burtu. Stærð byggðarlagsins gaf ekki tilefni til að setja upp sérstaka framhaldsdeild eins og gert hefur verið annars staðar. Því leitaði sveitarstjórnin nýrra lausna. Hugmynd sveitarstjórnarinnar í Grundarfirði var að nýta nýjustu tækni og fá þannig kennslu fyrir unglingana.

Það varð úr að menntamálaráðuneytið, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Fjölbautaskóli Vesturlands og sveitarstjórnin í Grundarfirði tóku höndum saman um að hrinda verkefninu í framkvæmd. Iðulega er fjarnám þannig að nemandinn getur lært þá og þegar honum hentar. Þannig, þ.e. óháð tíma og stað, er þetta ekki framkvæmt í Grundarfirði, þar hefur verið útbúið fjarnámsver með tölvum, einni tölvu fyrir hvern nemanda. Þar eru nemendur skyldugir til að mæta á hverjum morgni og læra. Fjarnámið í Grundarfirði er útfært með þessum hætti því reynslan hafði sýnt það að yngri nemendur ættu erfiðara með að aga sig og stunda námið sjálfir. Einnig var það veigamikill þáttur til að koma í veg fyrir félagslega einangrun að nemendur kæmu saman og væru ekki alltaf að vinna einir og sér. Í fjarnámsverinu er umsjónarmaður sem veitir nemendum stuðning og hvatningu og leysir úr einstökum vandamálum. Umsjónar-

maður gegrar mjög veigamiklu hlutverki við námið og kemur til viðbótar við aðra kennara.

Námið fer þannig fram að kennari sendir vikulega verkefni með tölvupósti eða verkefnin eru jafnvel aðgengileg á Netinu. Nemandinn leysir verkefnið, sendir kennaranum úrlausn sína og fær skjótt ábendingar til baka. Í mörgum námsgreinum er búið að aðlaga námsefnið að tölvum en í sumum námsgreinum líkist kennslan mest því sem var í bréfaskóla. En það er að breytast eftir því sem nemendum fjölgar í fjarnámi og kennrarar öðlast meiri þekkingu.

Nemendum í Grundarfirði hefur yfirleitt líkað vel þessi kennsluháttur. Það sem er öðruvísi er það að nemandi situr ekki í tíma og hlustar á kennarann. Í fjarnámi eiga nemendur að leysa verkefni og fá til þess ákveðnar leiðbeiningar. Þetta örvar og styrkir nemandann í sjálfstæðum vinnubrögðum, sem á að koma honum til góða þegar út á vinnumarkaðinn er komið. Einnig er óumdeilt að fjarnámsnemandinn lærir vel á ritvinnslu og samskiptabúnað tölvunnar. Víða um heim hafa stjórnvöld áhyggjur af því að gjá sé að myndast milli þeirra sem hafa kunnáttu í tölvunotkun og annarra. Það er óþarfi að hafa þær áhyggjur vegna fjarnámsnemans.

Það er tímasparnaður í fjarnámi, nemendur fá verkefni með einföldum hætti, samanborið við hefðbundinn skóla. Kennarinn vinnur verkefni, prentar út, fær ritara skólans til að ljósrita, fer í tíma og dreifir til nemenda. Nemandinn fer svo heim í tölvuna sína, það má ganga að því sem vísu að stór hluti nemenda hafi aðgang að tölvum og byrjar að slá inn hluta af því sem kennarinn var að láta hann fá á pappírsformi. Með fjarnáminu verða þessi vinnubrögð markvissari og minni tími fer í endurtekningar. Eftir því sem fram líða stundir og fartölur verða algengari í framhaldsskólamá búast við að fleiri og fleiri verkefni verði send og þeim skilað með rafrænum hætti, nákvæmlega eins og í fjarnáminu.

Kennrar hafa útbúið heimasíður þar sem hægt er að lesa kynningu á þeim sem eru í sama áfanga, öll kennslubréf í áfanganum, og jafnvel hægt að fylgjast með verkefnaskilum. Einn kennari í VMA hefur einnig útbúið sérstakt námsefni sem er aðgengilegt á vefnum og ekki gefið út í pappírsformi. Nemendur hafa fengið senda gíróseðla heim með ósk um að borga. Það er ekki ólíklegt að útgáfa námsbóka muni breytast heilmikið í þessa veru á næstu árum.

Þetta er ekki aðeins tímasparnaður fyrir nemandann, heldur líka fyrir kenn-

arann. Hjá VMA hafa verið tekin í notkun forrit, t.d. WebCT, sem halda sjálfvirkt utan um verkefnaskil og fara jafnvel sjálf yfir verkefnin, svo sem í stærðfræði. Þetta kennsluumhverfi á Netinu ætti að gera kennaranum kleift að sinna mun fleiri nemendum en áður.

Ein af forsendum þess að hægt hefur verið að leggja út á þessa braut er gott fjarskiptasamband. Í byrjun voru notaðar ISDN-línur, en með auknum nemendafjölda var það farið að vera til trafala. Eftir að Landssíminn breytti gjaldskrá sinni árið 2000 hefur fjarnámið nú aðgang að 2mb tengingu. Það er mikil hagsmunamál að slíkar tengingar séu á sanngjörnu verði. Fjarnám mun þróast á næstunni og krefjast öflugri tenginga, m.a. með NetMeeting og fjarfundabún-aði samtímis notkun á Netinu.

Óvæntur en mjög ánægjulegur ávinningur verkefnisins hefur verið áhugi fullorðinna á að hefja fjarnám. Fyrsta veturinn, þ.e. 1999–2000, stunduðu tuttugu fullorðnir Grundfirðingar fjarnám við VMA og sumir kunnu vart á tölvu þegar þeir byrjuðu. Haustið 2000 hófu 32 Grundfirðingar fjarnám, og eru hlutfallslega fjölmennasti nemendahópurinn við fjarnám VMA sé tekið mið af íbúafjölda.

Þó verkefnið hafi almennt gengið vel má sjá að fjarnámið höfðar ekki til allra. Þannig er ennþá einhver hluti nemenda sem vill fara í burtu, og stúlkurnar virðast síður sækja í fjarnám. Einnig getur það vafist fyrir mörgum að hafa ekki kennarann við hlið sér til að svara spurningum. Umsjónarmaðurinn á staðnum getur augljóslega ekki verið alvitur. Þá þarf að senda fyrirspurn til kennara og bíða eftir svari. Einnig er umhugsunarefni hversu lengi ungar nemendur eigi að vera í fjarnámi. Svo lengi sem námsframboð hentar nemandanum getur hann haldið áfram, en einnig er æskilegt að nemendur séu innan um stærri hóp í stærri skóla.

Það liggur fyrir að í skólastarfi eru margir möguleikar til umbóta samfara aukinni notkun tölvutækninnar. Eina spurningin er hversu hraðar breytingarnar verða. Í verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins í rafrænni menntun, „Forskat til framtíðar 2001-2003“, er framtíðarsýn ráðuneytisins lýst: „Hún felst í því að nýta kosti Netsins sem upplýsingaveitu fyrir skólastarf. Þar verði námsefni miðlað markvisst og samskiptum komið á milli nemenda, kennara, skólastjórnenda, foreldra, atvinnureknda og allra sem tengjast menntun. Í þessari sýn felst að hefðbundnir kennsluhættir þróist yfir í það sem kallast má dreifmenntun og nemendur stundi þá nám í dreifskólum.“

Dreifskóli er stofnun sem krefst ekki nauðsynlega hefðbundinna bygginga, er ekki með fasta stundatöflu og þar eru kennrar og nemendur ekki alltaf samtímis á sama stað. Í þessum skóla er nemandinn miðpunktur og sækir nám sitt eftir ýmsum leiðum og úr ólíkum áttum. Í dreifskóla er ekki gerður greinarmunur á staðbundinni kennslu og fjarkennslu heldur samtvinnast þessir kennsluhættir í dreifkennslu þar sem jöfnum höndum er notuð hefðbundin kennsla og þekkingu miðlað með notkun Netsins. Þannig getur nemandi stundað dreifnám við einn skóla eða marga í senn, verið í staðbundnu námi og farnámi eða blöndu af þessu tvennu. Hann getur sótt stærstan hluta af námi sínu í staðbundinni skóla sem notar ýmist staðbundna kennsluhætti eða fjarkennslu í ákveðnum þáttum námsins. Aðra hluta námsins sækir hann í fjarkennslu frá einhverjum tilteknunum skólum eða frá dreifskólanum sjálfum.“

Að undanförnu hafa sveitarfélögin á Snæfellsnesi staðið saman að athugun á því að setja upp sameiginlega framhaldsskóla fyrir svæðið, Framhaldsskóla Snæfellsness. Þar sem um tiltölulega fámennan skóla verður að ræða er ljóst að farnám mun gegna veigamiklu hlutverki í námsframboði skólans. Þá skiptir sú reynsla sem Grundfirðingar eru að afla miklu máli.

Að lokum, þegar litið er til baka sést að Grundfirðingar eru að stíga veigamikil skref í framfaraátt, unglingsarnir okkar eru að læra, ekki bara íslensku, ensku, og stærðfræði, heldur vinnubrögð sem munu gagnast þeim á næstu áratugum, hvort sem er við vinnu eða áframhaldandi menntun síðar á lífsleiðinni. Þegar upp er staðið eru ný vinnubrögð eitt það mikilvægasta veganesti sem unglingsarnir fá, hvort sem þeir munu halda áfram langskólanámi eða láta staðar numið fyrr. Þeir munu verða í stakk búin til að njóta þess sem upplýsingasamfélagið lætur þeim í té. Fyrir Grundarfjörð er mjög mikils virði að unga fólk ið hafi þekkingu til að nýta þá miklu möguleika sem felast í upplýsingatekninni og vera þannig gjaldgengir á vinnumarkaðnum.

Sunna Njálsdóttir, bókavörður

Bókasafnið okkar laðar og lokkar

Lestrarfélag Eyrarsveitar

Árið 1923 var stofnað lestrarfélag hér í sveitinni. Þá bjuggu tæp 500 manna á bæjum og í hinum ýmsu plássum. Þar voru fjölmennust plássin á Kvábryggju og í Bár, Eyrarpláss og Vatnabúðaplássið. Verslunin hafði þá nokkrum árum fyrr færst frá Grundarkampi út í Nes þar sem þéttbýli myndaðist smám saman og nefndist Grafarnes. Runólfur Jónatansson frá Spjör vann meðal annarra að stofnun lestrarfélagsins en þau voru þá sem óðast að spretta upp út um allt land. Borgarbókasafnið var t.d. stofnað þetta sama ár. Þegar Runólfur fluttist frá Spjör settist hann að í Neshúsum í Grafarnesi og síðar í Götuhúsi. Á heimili hans og konu hans Sesselju Gísladóttur var bókasafnið starfrækt fyrstu árin.

Árið 1939 var ákveðið að Ungmennafélagið tæki að sér rekstur safnsins og var það í umsjá þess til ársins 1946.

Það er nokkuð víst að bækurnar hafa verið hluti af heimilislífi þessara fjölskyldna. Fólk hefur komið eftir bókum á öllum tínum bæði úr sveitinni og þéttbýlinu sem óðum var að myndast. Áður voru bækur og blöð til á sæmilega efnuðum heimilum og gjarnan lánuð milli manna en þessi viðbót á lesefni hefur verið kærkomin öllum sem unnu bóklestri og fræðum. Og ekki hefur skaðað að eiga rétt til bókanna til jafns við hina efnameiri.

Það var mikil framför fyrir samfélagið í Eyrarsveit að eignast félagsheimili. Þar var stór salur sem lengi rúmaði allar staðri samkomur og var notaður sem leikfimisalur þegar barnaskóli sveitarinnar tók til starfa á efri hæð hússins. Þangað var bókasafnið einnig flutt og hafði Elimar Tómasson sem var þá



Horft suður Grundargötu. Myndin er tekin um eða upp úr 1950. Ljósm.: Bæring Cecilsson.

skólastjóri umsjón með bókum Bókasafns Grundarfjarðar eins og það hétt þá. Árið 1956 tók Eyrarsveit við rekstrinum og var það eftir það nefnt Bókasafn Eyrarsveitar.

Upp úr 1962 var safnið flutt upp í nýbyggðan barnaskóla ofan við byggðina. Þá tók við umsjón þess Kristján Jónsson frá Eiði en hann var þá vigtarmaður hér í Nesinu. Hann sá um bókasafnið með aðstoð Helgu Þóru Árnadóttur og þegar hann fíll frá 1969 tók hún alveg við.

Hugsjón ungmennahreyfingarinnar frá fyrri hluta 20. aldar entist bókasafninu vel og því var búinn staður í hjarta byggðarinnar hverju sinni. Það var ekki tilviljun að skólahúsin hýstu það. Fyrst Samkomuhúsið og svo nýi barnaskólinn. Menntun var nátengd bókum og það var ekki fyrr en kom fram á seinni hluta 20. aldar að tæknin bauð upp á útværps- og segulbandstæki og svo sjónvarpið 1966. Í hraðri uppbyggingu samfélagsins varð eitthvað undan að láta og um tíma trúðu menn því að bókin yrði leyst af hólmi með nýrri tækni.

Myrkir tímar

Smám saman fjölgæði nemendum í Barnaskóla Eyrarsveitar og 1969 var bókasafnið sett í kassa og flutt upp í kirkju sem þá var nýbyggð, vígð 1966. Þar var reynt að lána út bækur við þróngar aðstæður inn af skrifstofu prestsins. Helga Þóra var þar í sjálfbóðavinnu eins og áður. 1974 voru allar bækur komnar niður í kassa og geymdar uppi á kirkjulofti. Menn sáu að við svo búið mátti ekki standa og 1975 var kosin bókasafnsnefnd, sú fyrsta frá upphafi, hreppsnefnd og safnverði til ráðuneytis og aðstoðar.

Þegar byggt var við grunnskólann var ákveðið að bókasafnið skyldi vera í miðrými nýja skólans og var það opnað þann 6. nóvember 1978. Bókasafnsnefndin, sem í voru þau Helga Þóra Árnadóttir, Guðlaug Pétursdóttir og Ástþór Ragnarsson unnu á safninu í sjálfbóðavinnu þann veturn og var það opið tvívar í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Það varð mikið áfall fyrir alla sem að safninu höfðu komið og sérstaklega Helgu Þóru, sem hafði unnið svo lengi við slæmar aðstæður, að bókasafnið eyðilagðist í eldi 14. maí árið 1979. Þá skemmdist einnig nýstofnaður leikskóli Rauða Krossins og öll stjórnunar- og vinnuaðstaða kennara.

Uppbygging – stöðnun – uppbygging

Næstu tvö ár fór fram uppbygging safnsins með stuðningi fyrirtækja í þorpinu og riflegu framlagi frá Eyrarsveit. Skólastjórin sem þá var Jón Egill Egilsson gekk í uppbygginguna af krafti ásamt bókasafnsnefnd. Fjölmargar gjafir bárust frá einstaklingum og einnig kom sending frá Bókasafni Vestmannaeyja.

Árið 1984 kom til starfa bókasafnsfræðingur, Súsanna S. Flygenring og skráði hún allt safnið og var langt komin með skólabókasafnið þegar hún flutti sig til Reykjavíkur aftur tveimur árum seinna.

Skólabókasafn Grunnskólans var á tímabili orðið eitt af þeim best búnu á Vesturlandi. Smám saman fór því að þrengjast um söfnin þar sem þau voru í sama húsnæði í miðrými nýja skólans. Byrjað var að setja bækur í kassa og flytja í geymslu um 1988 en þá var safnkostur almenningsbókasafnsins kominn yfir 5000 eintök. Í bókasafnsnefnd þau árin voru Helga Gunnarsdóttir, Suður-Bár, Sigrún Davíðsdóttir og Matthildur Guðmundsdóttir og var næsta áratuginn leitað leiða til að koma safninu á stærri og hentugri stað í þorpinu en



Borgarbraut 16 er nú aðsetur Bókasafns Eyrarsveitar og fjarnáms í Grundarfirði en á neðri hæð er áhaldahúsið og slökkvistöðin. Myndin er tekin 4. júlí 2001. Ljósm.: Guðjón Elísson.

fjárhagur sveitarfélagsins leyfði það ekki. Mannaskipti urðu smám saman í bókasafnsnefnd og tóku við þær Bryndís Theodórsdóttir, Sigríður Guðmundsdóttir, Nýjubúð, og Alda Björnsdóttir.

Í apríl 1998 var Bókasafn Eyrarsveitar flutt til bráðabirgða að Borgarbraut 18, Fögruvöllum, en þá hófust framkvæmdir við stækkan skólans. Þá voru 2000 bækur komnar í geymslu og opnunartími takmarkaður. Íbúar voru nú að nálgast 1000 og var Eyrarsveit með hæsta hlutfall barna undir 16 ára aldrí.

Það kom því fljótlega í ljós að stækkan skólahússins yrði of lítil og var þá leitað leiða til að finna bókasafninu framtíðarhúsnæði utan hans. Á endanum var ákveðið að byggja hæð ofan á vélsmiðjuhús að Borgarbraut 16 en það var byggt af Bæring Cecilssyni vélsmið og myndasmið með meiru á sjöunda áratugnum. Á neðri hæðinni er aðstaða fyrir slökkviliðið og áhaldahús sveitarinnar.

Efri hæðin stendur hátt og er útsýni gott yfir byggðina og fjörðinn. Þar fær bókasafnið að njóta sín í því sem getur í framtíðinni orðið hjarta byggðarinnar.

Tölvuvæðing

Á árinu 1999 var bókasafnið tölvuvætt og tengt interneti og sameiginlegu bókaskrárkerfi sem mun í framtíðinni tengja öll söfn í landinu. Það gerir

viðskiptavinum bókasafna betur kleift að leita þeirra upplýsinga sem vantar. Nú orðið eru bókasöfnin í landinu að verða meiri upplýsingamiðstöðvar en áður var þegar helsta starfsemin var geymsla og útlán bóka. Á Norðurlöndunum er símenntun og fjarkennsla farin að tengjast bókasöfnunum meira og er líklegt að sú verði þróunin hér á landi líka. Fullorðnum nemendum í fjarnámi í Grundarfirði hefur fjölgað mjög undanfarin ár og sést það glöggjt í aðsókn þeirra að þjónustu safnsins.

Ljósmyndadeild bókasafnsins var stofnuð árið 2001 og tekur við gömlum myndum fólks til skráningar og geymslu og verða þær aðgengilegar á skönnuðu formi í tölvum safnsins. Þeir félagar Sveinn Arnórsson og Guðjón Elísson hafa lyft Grettistaki í söfnun og skönnun mynda frá liðinni tíð en einnig úr samtímanum. Hvatning Eyrbyggja, hollvinafélags Eyrarsveitar, hefur sannarlega stutt þetta átak og er það vonið þeirra að áhugi á ljósmyndunum dragi að ferðamenn og burtflutta Eysveitunga.

Á sömu hæð og bókasafnið, í hinu nýja húsnaði, er tölvuver fyrir nemendur í fjarnámi á framhaldsskólastigi í Grundarfirði. Þar er einnig fjarfundabúnaður sveitarfélagsins sem er notaður til fjarkennslu og fundahalda um Byggðabruña. Segja má því að þarna líti dagsins ljós allsherjar menningar- og menntasetur með áherslu á tækni nútímans í fjarvinnslu og upplýsingatækni.

Bókavörður frá 1986 er Sunna Njálssdóttir.

Laufey Bryndís Hannesdóttir, jarðfræðingur

Áhugaverð jarðfræði í Eyrarsveit


Jarðfræði í Eyrarsveit er flókin og þar er mikil fjölbreytni í jarðmyndunum. Mig langar með þessum skrifum að benda á nokkur jarðfræðifyrirbæri sem auðvelt er að koma auga á, jafnvel út um bíglugga. Ekki geri ég tilraun til að fjalla vísindalega um fyrirbærin en leitast við að lýsa tilurð þeirra með almennum orðum til að varpa ljósi á hvernig þau hafa orðið til.

1. Setbergseldstöðin

Það fer vel að kenna eldstöðina við bæinn og fjallið Setberg enda standa þau nálægt miðju hennar. En hvaða eldstöð? Ekki er hún áberandi í landslaginu. Eða hvað? Skyggnustum aðeins nær.

Setbergseldstöðin er gömul, hún var virk frá því fyrir um 8 milljónum ára þar til fyrir um 6 milljónum ára. Síðan þá hafa náttúruöflin lagt sig fram við að eyða ummerkjum eftir hana. Einnig hefur gosið úr öðrum eldstöðvum og eyðingaröfl vatns, veðurs og jöklar mótað hana. Á jarðfræðikortinu einkennist Setbergseldstöðin af gulum og grænum lit sem merkja súr og ísúr jarðlög og svigum með haki sem merkja keiluganga. Súr og ísúr jarðlög eru mynduð af fremur seigfljótandi kviku sem storknar ekki langt frá upprunastað. Keilugangar eru hringlaga eða sveigðir gangar sem halla frá öllum áttum inn að eldstöð.


Til þess að koma auga á Setbergseldstöðina í náttúrunni þurfum við að vita að hverju við eigm að leita í náttúrunni. Setbergseldstöð er svokölluð megineldstöð þar sem gosið hefur lengi á sama stað. Dæmi um aðrar slíkar eru Hekla,



Hluti af jarðfræðikorti af Íslandi, blaði 2, Mið-Vesturland. Haukur Jóhannesson, 1994, Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands.


Ljósufjöll og Askja í Dyngjufjöllum. Einkenni slíkra eldstöðva sem mig langar að draga fram er askja eða sigdæld sem oft myndast. Talið er að í jarðskorpunni tiltölulega ofarlega, á 4-6 km dýpi, undir megineldstöðvum sé kvikuþró full af kviku sem í eldgosum kemur upp á yfirborðið. Kvikan er upphaflega komin dýpra að úr jörðinni. Eftir mikil eldgos er kvikuþróin nær tóm og jarðlögin yfir henni gefa eftir og hrynda niður og myndast þá askja eða sigdæld.

Við erum svo heppin að jarðfræði Setbergseldstöðvarinnar er allvel þekkt. Jarðfræðin er í stórum dráttum sú, að á nesinu milli Grundarfjarðar og Kolgra-



Bjarnarhafnarfjall frá Berserkseyri. Jarðlögum lengst til vinstri hallar bratt til suðvesturs en jarðlög sem sjást eftir í fjallinu á miðri mynd og til hægri eru nær lárétt.

arfjarðar er sjálf eldstöðin, en ganga- og misgengisþyrrping liggur gegnum hana og stefnir norðaustur-suðvestur. Megineldstöðin sjálf einkennist af öskju-eða sigkatli, sem nú er full af gosefni. Hún er um 10 km í þvermál. Öskjubrúnin sést nokkuð vel. Í suðvestanverðu Bjarnarhafnarfjalli sést hún þó einna best. Vestan brotsins hallar jarðlögum um 30° í suðvestur inn í öskjuna en austan þess eru þau nær lárétt. Brotið liggur suður eftir Berserkseyrardal og sveigir þar í vestur milli Kolgrafarmúla og Gjafa. Þá má sjá brotið handan Kolgrafarfjarðar, bak við Gunnólfsfjall og þaðan í vestur bak við Grundarmön. Það liggur síðan líklega út í Grundarfjörð austan þorpsins. Norðurbrúnin er að því er virðist norðan undir Eyrarfjalli. Innan öskjunnar ber mest á brotabergi ýmiss konar, sem myndast hefur við gos í öskjuvatni, og hefur það að lokum barma-fyllt öskjuna.



Brimstallur. Stríklínan sýnir upphaflega hlið. Lóðrétti veggurinn nefnist brimklif, en lárétti pallurinn brimþrep. Fyrir framan það myndar bergmylsnan skálögóttan marbakka.

2. Marbakkar frá ísöld

Ísland var að mestu hulið jökli á ísöld og lýsir nafn landsins því vel á þeim tíma.

Jökullinn var þykkastur inn til landsins og lá þar á landinu með mestum þunga. Jarðskorpan undir landinu svignaði lítillega undan þunganum þannig að yfirborð landsins undir jöklínunum var lægra en er í dag. Jökullinn fór að hopa fyrir um 10 þúsund árum og á stuttum tíma bráðnaði hann. Jarðskorpan fylgdi ekki bráðnuninni eins hratt eftir þannig að sjór flæddi upp á láglendið en smám saman lyftist landið og sjávarstaða náði núverandi stöðu. Meðan sjávarstaða var hærri en í dag mynduðust brimstallar í flæðarmálinu. Marbakki er sá hluti brimstallsins sem er neðansjávar.

Í Eyrarsveit sjást víða merki eftir háa sjávarstöðu. Í lok ísaldar var einnig mikill efniviður til að mynda marbakka sem var framburður jökuláa og jökulruðningur sem skriðjöklarnir skildu eftir sig. Melarnir í Hrafnkelssstaðabotni þar sem var urðað til skamms tíma eru leifar af jökulgarði og seti eftir skriðjöklar frá þessum tíma. Sama er að segja um melana í Framsveitinni. Í malar-námunni milli Vindáss og Eiða má sjá mjög falleg skálög þar sem skiptast á misgróf malarlög. Ekki er ljóst hvort þau hafa myndast í sjó eða í jökkullóni. Mjög skýrt dæmi um marbakka er rétt norðan við Eiði. Þráðbein lína er í hlíðinni sem markar efstu hæð marbakkanna. Við Dysjarholt er bakkinn í 55–60 m




Klakkur og Eyrarfjall frá Kolgraffarfirði. Vinstra megin á myndinni koma mörk hæstu sjávarstöðu fram sem þráðbein lína neðarlega í hlíð Klakks skammt norðan við bæinn Eiði. Lengra til hægri hverfur línan í skriðu en kemur aftur fram ofan við Hjarðarból.

hæð yfir sjávarmáli og í sömu hæð er bakkinn í hlíðinni milli Markgils að Hjarðarbólsbænum. Í leirlögum neðan við marbakkann hafa fundist sjávarskeljar sömu tegunda og lifa við landið í dag.

3. Mislægið í Kirkjufellinu

Mislægi kalla jarðfræðingar þar sem mætast jarðög sem halla ekki eins en mynduðust þó lárétt. Víða í Eyrarsveit má sjá mislægi en áður en ég segi ykkur frá mislæginu í Kirkjufelli langar mig til að skýra nánar hvað það er og hvaða jarðög eru ofan og neðan við það.

Ein meginsetning jarðfræðinna um afstöðu jarðлага sem myndast lárétt svo sem setlög og hraunlög er að efta lagið er ávallt yngra en það sem undir liggur. Þessi setning var sett fram að Dananum Steno árið 1669 og hefur ekki verið hnækkt. Neðst í Kirkjufellinu eru jarðög sem halla um 5° til SA. Þetta eru jarð-



Kirkjufell frá Hamrahlið. Lárétt hraunlög niður fyrir miðja hlíð, setlög þar fyrir neðan skriðu hulin, en neðan við þau hraunlög sem halla lítillega í SA.

lög síðan á tertíer, þ.e. eldri en 6 milljóna ára. Mislægt ofan á þeim liggja setlög 20–50 m þykk og loks eru efstu láréttu hraunlögin um 2 milljóna ára gömul.

